

Ársrit  
Bandalags íslenskra leikfélaga  
2009–2010



*Forsíðumyndin er úr sýningunni Reköldin  
sem Halaleikhópurinn sýndi 2010  
Ljósmyndari: Árni Salomonsson*

Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga

Kt. 440169-0239

Suðurlandsbraut 16, 108 Reykjavík

Símar: 551 6974 og 562 2944

Fax: 562 2984

Netfang: [info@leiklist.is](mailto:info@leiklist.is)

Veffang: [www.leiklist.is](http://www.leiklist.is)

Leiklistarblaðið 38. árg. 1. tbl. 2010 – Safn til sögu BÍL X – ISSN 1670-2565

## **Efnisyfrlit**

Leiðari	5
Aðildarfélög BÍL leikárið 2009–2010	6
Stjórn, starfsfólk og nefndir	7
Leiklistarskóli BÍL	8
Fundargerðir stjórnar BÍL	12
Haustfundur Bandalags íslenskra leikfélaga	15
Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga	20
Ársreikningur 2010	32
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga	40
Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2009–2010	42
Hugleikur í Þjóðleikhúsinu	43
Verkefni og skýrslur stjórna aðildarfélaganna	44
Allt fyrir andann	77
Menningarstefna Bandalags íslenskra leikfélaga	77
Margt smátt 2009	78
Ársskýrslur leikfélaga frá leikárinu 2008–2009	85

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Þorgeir Tryggvason

Guðfinna Gunnarsdóttir

Ása Hildur Guðjónsdóttir

Halldór Sigurgeirsson

Ólöf Þórðardóttir

Uppsetning efnis:

Ármann Guðmundsson

Prófarkalestur:

Sævar Sigurgeirsson



## Leiðari

Það er dálítið einkennilegt að setja á blað inngang að þessari ársskýrslu. Hún á við leikárið 2009–2010 og því fellur stórvíðburðurinn í ágúst, Norður-Evrópska leiklistarhátíðin á Akureyri, utan við umfjöllunar svið hennar. Engu að síður var hátíðarundirbúningurinn auðvitað kjarninn í starfseminni á starfsárinu sem um ræðir. Það er því erfitt að beina huganum að öðru en því grettistaki sem þar var lyft, þó hátíðin falli strangt tekið undir skýrslu næsta leikárs.



Og vafalaust er ég ekki að skemma neina spennu í biðinni eftir henni þó ég ljóstri því upp að við skiluðum aldeilis frábærri hátíð. Sem betur fer var hún svo góð að hún mun auðveldlega lifa í minningunni þangað til tímabært verður að skrifa næstu skýrslu.

Hitt stóra atriðið í starfi okkar eru fjármálin. Styrkfé til leikfélaganna og sameiginlegra verkefna á vegum Bandalagsins hefur eðlilega dregist saman. Með samstilltu átaki tókst okkur í fyrri að koma niðurskurðinum á sama plan og sambærilegir aðilar þurftu að sætta sig við – fyrstu tillögur hljóðuðu upp á mun verri útreið. Engu að síður róm við lífróður með von um að brátt birti til.

Enginn efast þó um að það verði allt annað en sjálfvirkt að fá framlög færð til fyrri vegar þegar betur árar. Þá baráttu verðum við að vera tilbúin í. Og okkar sterkasta vopn þar er að sýna fram á styrk okkar og fyrirferð í menningarlífinu. Leikfélögin eru aflstöð menningarinnar á sínum stað, uppeldisvettvangur á sviði leiklistar og helsta tækifæri fjölmargra til að fá útrás fyrir sköpunargáfu og -þörf. Við verðum og munum sýna fram á hversu ómissandi við erum og stuðningur við okkur skilar sér í betra fólki og betra samfélagi.

Það er eftirspurn eftir jákvæðu afl. Verum það afl.

*Þorgeir Tryggvason, formaður  
Bandalags íslenskra leikfélaga*

## Aðildarfélög BÍL leikárið 2009–2010

Borgarbörn, Reykjavík	Leikfélag Þórshafnar
Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði	Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn
Halaleikhópurinn, Reykjavík	Leikfélagið Baldur, Bíldudal
Hugleikur, Reykjavík	Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi
Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi	Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri
Leikfélag Blönduóss	Leikfélagið Peðið, Reykjavík
Leikfélag Dalvíkur	Leikfélagið Skagaleikflokkurinn, Akranesi
Leikfélag Fljótsdalshéraðs	Leikfélagið Sýnir, á landsvísu
Leikfélag Hafnarfjarðar	Leikflokkurinn Hvammstanga
Leikfélag Hofsóss	Leikhópurinn Lopi, Hornafirði
Leikfélag Hornafjarðar	Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði
Leikfélag Hólmavíkur	Leikklúbbur Laxdæla, Búðardal
Leikfélag Húsavíkur	Leikklúbburinn Krafla, Hrísey
Leikfélag Hveragerðis	Leikklúbburinn Saga, Akureyri
Leikfélag Hörgdæla	Leikklúbburinn Spuni, Lúxemborg
Leikfélag Keflavíkur	Leiklistardeild Umf. Tálknafjarðar
Leikfélag Kópavogs	Leiklistarfélag Seltjarnarness
Leikfélag Mosfellssveitar	Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði
Leikfélag Ólafsfjarðar	Litli leikklúbburinn, Ísafirði
Leikfélag Ólafsvíkur	Skagaleikflokkurinn, Akranesi
Leikfélag Patreksfjarðar	Snúður og Snælda, Reykjavík
Leikfélag Rangæinga	Stúdentaleikhúsið, Reykjavík
Leikfélag Raufarhafnar	Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri
Leikfélag Reyðarfjarðar	Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskógabyggð
Leikfélag Sauðárkróks	Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal
Leikfélag Selfoss	Umf. Efling leikdeild, Reykjadal
Leikfélag Seyðisfjarðar	Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri
Leikfélag Siglufjarðar	Umf. Reykdæla, Reykholti
Leikfélag Sólheima, Grímsnesi	Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi
Leikfélag Vestmannaeyja	Umf. Stafholtstungna, leikdeild, Norðurárdal

# Stjórn, starfsfólk og nefndir



Meðstjórnandi  
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir  
Reykjavík



Varaformaður og  
nefnd um NEATA-hátíð  
Ingólfur Þórsson  
Akureyri



Formaður, og  
nefnd um NEATA-hátíð  
Þorgeir Tryggvason  
Reykjavík



Ritari  
Guðfunna Gunnarsdóttir  
Selfossi



Meðstjórnandi, Lénsherra  
og nefnd um NEATA-hátíð  
Hörður Sigurðarson  
Reykjavík



Varastjórn og  
nefnd um Margt smátt  
Hjalti St. Kristjánsson  
Reykjavík



Varastjórn og nefnd um  
NEATA-hátíð  
Ólöf Þórdardóttir  
Mosfellsbæ




Varastjórn  
Elva Dögg Gunnarsdóttir  
Reykjanesbæ



Varastjórn  
Halla Rán Tryggvadóttir  
Húsavík



Varastjórn  
Magnús J. Magnússon  
Höfn í Hornafirði



Frámkæmdastjóri og  
frámkæmdastjóri NEATA-hátíðar  
Vilmborg Árný Valgarðsdóttir  
Reykjavík



Ritari skrifstofu, nefnd um leikritasafn  
og nefnd um Margt smátt  
Ármann Guðmundsson  
Reykjavík



Skólanefnd  
Sigríður Karlsdóttir  
Selfossi



Skólastýra  
Dýrleif Jónsdóttir  
Reykjavík



Skólastýra og  
nefnd um leikritasafn  
Hrefna Friðriksdóttir  
Reykjavík



Skólanefnd  
Gunnhildur Sigurðardóttir  
Mosfellsbæ



Skólanefnd  
Herdís Þorgeirsdóttir  
Mosfellsbæ



Nefnd um NEATA-hátíð  
Þráinn Sigvaldason  
Reykjavík



Nefnd um NEATA-hátíð  
Halldór Sigurgeirsson  
Akureyri



Nefnd um leikritasafn  
Örn Alexandersson  
Reykjavík



Nefnd um Margt smátt  
Hrund Ólafsdóttir  
Kópavogi



Fulltrúi BÍL í NUTU  
Alma Mjöll Ólafsdóttir  
Reykjavík

## Leiklistarskóli BÍL

Skólinn starfaði að Húsabakka í Svarfaðardal í þrettánda sinn dagana 13. til 21. júní 2009. Þar voru haldin 3 námskeið; Framhaldsnámskeið í leikritun, kennari Bjarni Jónsson, Röddin í leikhúsinu, kennari Þórhildur Örvarsdóttir og Sérnámskeið fyrir leikara, kennari Rúnar Guðbrandsson. Þáttökugjald á öll námskeiðin var 45.000 kr.

Skólastýrur, þær Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir, voru kennurum og nemendum til halds og trausts á Húsabakka.

Fyrirhuguðu námskeiði í samþættingu tækni í leikhúsi sem Egill Ingibergsson hugðist halda í Reykjavík dagana 27. maí–1. júní 2009, þurfti að aflýsa vegna ónógrar þátttöku.

Textinn um námskeiðin hér á eftir er úr skólabæklingi.

### Röddin í leikhúsinu

#### Kennari: Þórhildur Örvarsdóttir

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa einhverja reynslu af sviðsleik eða söng á sviði eða sem hafa sótt námskeið í leik eða söng.

Á námskeiðinu er unnið út frá Complete Vocal Technique kerfinu þar sem öll hljóð mannsins eru leyfileg og heilbrigði raddarinnar er ávallt haft í fyrirrúmi. Þáttakendur fá tækifæri til að gera tilraunir og víkka út eigin rödd auk þess að styrkja sína eigin tækni.

Námskeiðið er tvískipt:

- Fræðilegur hluti. Þar er fjallað um röddina, líffræði hennar, heilbrigði og möguleika. Á þessum fyrirlesturum eru viðfangsefni t.d. öndun og stuðningur, raddlitur, stillingar/gírar raddarinnar, effektar o.fl. Farið er í æfingar sem tengjast hverju viðfangsefni.
- Verklegur hluti. Þar er unnið með tækni og túlkun beint í gegnum tónlist og texta. Kennslan fer fram sem masterclass þar sem þátttakendur læra sjálfir og hverjir af öðrum. Þar eru allir virkir þátttakendur – allan tímann.

Söngvararnir/leikararnir læra að vinna af ábyrgð með eigin rödd og að þekkja möguleika sína og takmarkanir. Alltaf er unnið með þann grunn sem hver og einn hefur og allir fá að halda sínum stíl og sérkennum óáreittir. Það ert þú nemandi góður sem ræður ferðinni og ég hjálpa þér að komast á leiðarenda. Nemendur skulu undirbúa lög og talaðan texta til að vinna með á námskeiðinu.



#### Nemendur Þórhildar:

Elisabeth Lind Ingólfssdóttir, Reykjavík  
 Fanney Valsdóttir, Akureyri  
 Gunnhildur Sigurðardóttir, Mosfellsbæ  
 Hulda Hákonardóttir, Reykjavík  
 Katrín Ragnarsdóttir, Reykjavík  
 Marianna Ósk Sigfúsdóttir, Selfossi  
 Ragnhildur Þórhallsdóttir, Reykjavík  
 Sigurjón Jónsson, Hafnarfirði  
 Silja Björk Huldudóttir, Reykjavík  
 Sindri Svan Ólafsson, Árskógssandi  
 Thomas Brorsen Smidt, Reykjavík  
 Þorgeir Tryggvason, Reykjavík  
 Þröstur Ólafsson, Hnífsdal



## Sérnámskeið fyrir leikara

### Kennari: Rúnar Guðbrandsson

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa reynslu í leikhúsi. Þeir ganga fyrir sem sótt hafa Leiklist I og II eða sambærileg námskeið eða hafa talsverða reynslu af sviðsleik.

Námskeiðið snýst um tækni, þjálfun og sköpun leikarans og sækir m.a. innblástur í „Leikhús grimmðarinnar“ (Antonin Artaud), „Fátæka leikhúsið“ (Jerzy Grotowski) og „Þriðja leikhúsið“ (Eugenio Barba). Til að byrja með verður farið í atriði er lúta að leiktækni – sjálfu handverki leikarans, því hversu skapandi sem við erum, þá höfum við engan farveg til að beina sköpunarkrafti okkar í – ef okkur skortir tækni. Áherslan verður því fyrst um sinn á formið (tækni) fremur en innihaldið. Þátttakendum verður síðan gert að nýta sér þá tækni sem þau hafa tileinkað sér á skapandi hátt og verður þá unnið með ýmis konar spunatækni og samsetningar. Áherslan færir þá frá forminu að innihaldinu.

Áhersla verður lögð á persónulega og einlæga tjáningu og í því sambandi unnið með æfingar þar sem þátttakendur nota sína eigin reynslu (t.d. minningar) og ímyndunarafl (langanir, vonir, ótta, drauma o.s.frv.) til að skapa leikrænar aðstæður og athafnir. Þátttakendum skulu velja eða semja sjálf texta (bundið mál eða óbundið sem tekur ca. 1–2 mín. í flutningi) til að vinna með. Mikilvægt er að textinn skipti viðkomandi máli fyrir einhverra hluta sakir (málefnalega, tilfinningalega...) og að viðkomandi kunnir textann utanbókar (afturábak og áfram) á fyrsta degi. Einnig er gott að hafa eins og eitt sönglag í handraðanum (lag og texta – þó ekki sé nema eitt erindi). Ath. að námskeiðið getur verið líkamlega krefjandi fyrir nemandann.

Lykilorð: Útgeislun, nærvera, líkami, rödd, hugsun, tilfinning, rými, tími, þyngd, jafnvægi, mótstaða, flæði, taktur, samræmi, einbeiting, hlustun, samspil, nákvæmni, endurtekning, form, bygging (strúktúr), frásögn, augnablik, orka, öndun, slökun og svo framvegis...

## Framhaldsnámskeið í leikritun

### Kennari: Bjarni Jónsson

Á þessu námskeiði verður megináhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Þátttakendur verða allir að vera með í smíðum það sem kallast getur heilskvöldsverk í leikhúsi (a.m.k. 70 mín. í sýningu). Leikritin skulu ætluð fullorðnu fólki.

Þátttakendur munu vinna að þessum verkum sínum meðan á dvölinni stendur. Hópurinn kemur saman dag hvern, í ca. 1 og 1/2 tíma í senn. Þá verða tekin fyrir ýmis atriði sem ráða oftast en ekki úrslitum um það hvort leiktexti stendur eða fellur þegar komið er á svið. M.a. verður fjallað um mikilvægi persónusköpunar, myndræna nálgun á textagerð, hlutverk áhorfandans þegar kemur að smíði leikrita, einnig hina skelfilegu sjálfsvitund höfundarins.

Þess utan skipuleggur kennari dagleg viðtöl við hvern og einn, þar sem gefst kostur á að fara nánar ofan í saumana á hverju verkefni fyrir sig; finna styrkleika þess og galla.

#### Nemendur Bjarna:

Ármann Guðmundsson, Reykjavík  
Ásta Gísladóttir, Reykjavík  
Friðjón Elli Hafliðason, Selfossi  
Hörður Skúli Daníelsson, Reykjavík  
Júlía Hannam, Reykjavík



#### Nemendur Rúnars:

Ásdís Ármannsdóttir, Reykjavík  
Daníel Þórhallsson, Reykjavík  
Einar Þorgeirsson, Selfossi  
Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Selfossi  
Gísli Björn Heimisson, Seltjarnarnesi  
Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi  
Guðmundur L. Þorvaldsson, Reykjavík  
Guðrún Sóley Sigurðardóttir, Reykjavík  
Hera Guðbrandsdóttir, Hafnarfirði  
Halldór Magnússon, Hafnarfirði  
Hrefna Lind Lárúsdóttir, Hafnarfirði  
Íris Árný Magnúsdóttir, Selfossi  
Sigrún Sighvatsdóttir, Selfossi  
Stefán Ólafsson, Selfossi  
Una Dóra Þorbjörnsdóttir, Reykjavík



Magnús J. Magnússon, Höfn  
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Reykjavík  
Unnur Guttormsdóttir, Reykjavík  
Þórunn Guðmundsdóttir, Reykjavík  
Örn Alexandersson, Reykjavík



Nemendur, kennarar og skólastýrur að Húsabakka 2009

## Námskeið í leikhúsgagnrýni Kennarar: Hrund Ólafsdóttir og Þorgeir Tryggvason

Haldið í þjónustumiðstöð Bandalags íslenskra leikfélaga sunnudaginn 27. september 2009

Á námskeiðinu fóru Hrund Ólafsdóttir og Þorgeir Tryggvason, fyrrverandi leiklistargagnrýnendur á Morgunblaðinu, yfir hugmyndir sínar um hvernig góð leiklistargagnrýni er uppbyggð. Greiningarleiðir og framsetningarmáti var skoðaður, sem og skyldur gagnrýnandans við leikhúsið og lesendur. Þátttakendur skrifuðu síðan umfjöllun um leiksýningu að eigin vali og hópurinn ræddi útkomuna.

### Nemendur:

Hjördís Vilhjálmisdóttir, Kópavogi  
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Reykjavík  
Ása Hildur Guðjónsdóttir, Reykjavík  
Hafsteinn Þór Auðunsson, Hveragerði  
Jakob Hansen, Hveragerði  
F. Elli Hafliðason, Selfossi  
Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Selfossi





Nemendur og kennarar á gervanámskeiði í Halanum, Reykjavík

## Gervi og leikbúningar – hugmyndavinna og hönnun Kennarar: Alda Sigurðardóttir og Ásta Hafþórsdóttir

**Haldið í húsnæði Halaleikhópsins að Hátúni 12 í Reykjavík dagana 21.–25. október 2009**

*Farið verður í gegnum vinnuferlið þegar útlit leiksýningar er búið til. Lestur texta og pælingar, innra og ytra – yfir og undir – aðalatriði og aukaatriði. Til hvers og fyrir hvern? Hugmynda- og skissuvinna, útfærsla á hugmyndum, söfnun efnis, endurnýting – umbreyting – frumvinna.*

Námskeiðið miðar að því að efla skapandi hugsun frá handriti til hugmyndar, finna aðferðir til að koma hugmyndum um leikgervi og búninga á framfæri, og að lokum leggja fram fullbúnar hugmyndir með stikkprufum á búningum og gervum. Á námskeiðinu munum við reyna að skapa svipaðan grundvöll og gerist í leikhúsunum, sem miðar að sjálfstæðri hugsun, og gefa viðkomandi fleiri tæki til að geta komið með eigin hugmyndir byggðar á handriti og framkvæmt síðan út frá því.

Nemendur öðlast vitneskju um hugsun og framkvæmd á bakvið leikgervi og búninga. Þeir fá leikverk til að lesa og vinna út frá og munu fullklára nokkra búninga og gervi á námskeiðinu.

Farið verður í leikhús og í geymslur og nemendur fá lista yfir hluti sem þeir eiga að hafa með sér.



### Nemendur Öldu og Ástu:

*Anna Bryndís Sigurðardóttir, Akureyri*

*Ása Hildur Guðjónsdóttir, Reykjavík*

*Dýrleif Jónsdóttir, Reykjavík*

*Eva Björg Harðardóttir, Mosfellsbæ*

*Ólöf Hartmannsdóttir, Sauðárkróki*

*Sólveig Ásta Jóhannsdóttir, Patreksfirði*

*Þórunn Guðmundsdóttir, Reykjavík*

## **Fundargerðir stjórnar BÍL leikárið 2009–2010**

### **Stjórnarfundur í Bandalagi íslenskra leikfélaga, haldinn í Hlíð í Ölfusi, 1. maí 2009**

Mættir: Þorgeir Tryggvason, Ingólfur Þórsson, Guðfinna Gunnarsdóttir, Hörður Sigurðarson, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Halla Rún Tryggvadóttir, Ólöf Þórðardóttir, Magnús J. Magnússon, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Nýkjörin stjórn skiptir með sér verkefnum. Ingólfur Þórsson skipaður varaformaður, Guðfinna Gunnarsdóttir ritari, Hörður Sigurðarson og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir meðstjórnendur.

2. Úthlutunarfundur ákveðinn 27.–28. júní.

3. Rædd staða NEATA-hátíðar.

4. Fundi slitið.

*Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson*

### **Stjórnarfundur í Bandalagi íslenskra leikfélaga haldinn að Suðurlandsbraut 16 í Reykjavík, 26.–27. júní 2009**

Mættir: Þorgeir Tryggvason, Ingólfur Þórsson, Guðfinna Gunnarsdóttir, Hörður Sigurðarson, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Hjalti Stefán Kristjánsson, Ólöf Þórðardóttir, Vilborg Árný Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

Formaður setur fund og gengið er til dagskrár.

#### **1. Úthlutun styrkja menntamálaráðuneytisins vegna leikárs 2008-09**

Umsóknir bárust frá 43 aðildarfélögum vegna 118 verkefna. Farið var í gegn um umsóknir, tímalengdir staðfestar og eftirtalið athugað sérstaklega:

Umsóknir um sérstakt frumkvæði:

Borgarbörn, Rétt leiðin, fjölbreyttur rökstuðningur – nýtt félag í BÍL, samþykkt.

Freyvangsleikhúsið, Vínland, vegna umtalsverðrar frumsaminnar tónlistar og flottra búninga – samþykkt.

Hugleikur, Ó, þú aftur?, ný tónlist og leikgerð – samþykkt.

Leikfélag Hólmavíkur, Viltu finna milljón?, vegna leikferða – hafnað.

Leikfélag Keflavíkur, Hinir illa dauðu, vegna umbúnaðar – hafnað.

Leikfélag Kópavogs, Skugga Sveinn, ný tónlist og leikgerð – samþykkt.

Leikfélag Patreksfjarðar, Sjórnæingjaleikritið..., ný tónlist – samþykkt.

Leikfélag Selfoss, Sjórnæingjaprinsessan, frumsamin tónlist – samþykkt.

Leikfélag Siglufjarðar, Héri Hérason, útbjuggu sér nýtt leikhús í Sigló – hafnað.

Leikfélag Vestmannaeyja, Rockubuska, vegna þátttöku fatlaðra í sýningunni – hafnað.

Leikfélagið Peðið, Skeifa Ingibjargar, aðlögun texta og nýtt lag

– hafnað.

Leikfélagið Peðið, Álpera, frumsamin tónlist – samþykkt.

Leikfélagið Peðið, Einn aðfangadagsmorgun, frumsamin tónlist – samþykkt.

Leikfélagið Sýnir, Eyjan, vegna leikaðferðar og rýmisnotkunar – hafnað.

Leikklúbburinn Saga, Valhalla Bank, nýstárleg vinnubrögð – samþykkt.

Stúdentaleikhúsið, Þöglir farþegar, ný tónlist – samþykkt.

Stúdentaleikhúsið, SCARTA, spunavinna – hafnað.

Stúdentaleikhúsið, Vitið þér enn eða hvað, frumsamin tónlist – hafnað, ekki nema eitt lag.

Umf. Efling, Kvinnaskólaævintýri, ný tónlist – samþykkt.

Umf. Íslendingur, Lína langsokkur, börn í sýningunni, mikið lagt í tónlist – hafnað, ekkert óvenjulegt við það þegar þetta verk er sett upp.

Umf. Reykdæla, Töðugjaldaballið, ný tónlist – samþykkt.

Frumflutningur:

Halaleikhópurinn, Sjeikspírs karnival, bútar úr verkum Shakespears – hafnað.

Hugleikur, Ó, þú aftur?, handrit mikið breytt – hafnað.

Námskeið:

Umsókn um styrk fyrir námskeið í Skapandi tónlistarmiðlun hjá Hugleik hafnað, námskeiðið var upptaktur að sýningunni Ó þessi tæri einfaldleiki.

Umsókn um styrk fyrir námskeiðin hjá Leikfélagi Rangæinga hafnað þar sem þau voru í raun forvinna leiksýninga.

Umsókn um styrk fyrir námskeiðin hjá Leikfélagi Vestmannaeyja hafnað þar sem öll gögn um þau vantar og aðeins eitt þeirra náði tilskilinni lengd.

Annað:

Leikklúbburinn Saga – umsóknin samþykkt með fyrirvara um að vandað verði betur til frágangs umsókna til framtíðar.

Niðurstaða úthlutunar er að styrkurinn verður 4.725 kr. pr. mín. eða 378.000 fyrir leikrit 80 mín. eða lengra. Frumflutningsálag (30%) er 113.400 og álag fyrir sérstakt frumkvæði (20%) er 75.600. Veitt var til 95 leikrita og leikþátta, 7 námskeiða og 36 nemenda í Leiklistarskóla BÍL.

Til samanburðar má nefna að fyrir ári var styrkurinn 5.625 kr. pr. mín. eða 450.000 fyrir leikrit 80 mín. eða lengra. Frumflutningsálag (30%) var 135.000 og álag fyrir sérstakt frumkvæði (20%) var 90.000. Þá var veitt til 80 leikrita og leikþátta, 16 námskeiða og 32 nemenda Leiklistarskóla BÍL.

Fundi frestað til laugardagsmorguns kl. 22.45.

27. júní 2009 kl. 9.00 – fundi framhaldið.

Mættir eru: Þorgeir Tryggvason, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir, Hörður Sigurðarson, Ingólfur Þórsson, Ólöf Þórðardóttir og Vilborg Valgarðsdóttir, framkvæmdastjóri.

#### **2. Umræða um framkvæmd úthlutunar**

Úthlutunarreglur lesnar upp og ræddar. Farið yfir umsóknareyðublöð þar sem fram koma ítarlegar leiðbeiningar um hvernig skuli fylla umsóknir út og hvaða aukafni eigi að fylgja með.

Hörður telur að erfitt sé að einfalda umsóknir meira en orðið er og vill jafnframt fylgja eftir núverandi kröfu um námskeiðslýsingu.

Laga þarf texta um format á upptökum þar sem skýrt er kveðið á um hvernig innsendar upptök eru framsettar.

Þorgeir leggur til að sett verði inn aukasetning í 3. lið: „Handrit að öllu frumfluttu efni þar sem sýning byggir á handriti.“ Samþykkt.

Hörður leggur til að skoðaðir verði möguleikar á að koma umsóknarforminu alfarið á vefinn og óskar eftir leyfi stjórnar til að kanna það nánar. Samþykkt.

Hörður telur mikilvægt og eðlilegt að krefjast ársreikninga svo tryggt sé að um eðlilega starfsemi félags sé að ræða.

Hörður leggur til að umræða um úthlutun verði tekin fyrir á næsta stjórnarfund. Þar verði m.a. ræddar kröfur um umsóknir fyrir námskeið. Sigríður Lára tekur að sér að yfirfara eyðublið, framsetningu þeirra og innihald með það að markmiði að einfalda og skýra svo sem kostur er. Samþykkt.

3. Fundargerðir stjórnarfundar frá 30. apríl og 1. maí  
Samþykktar án athugasemda.

4. Fundargerð aðalfundar 2009  
Samþykkt.

5. Launamál starfsmanna endurskoðuð

Samþykkt að hækka laun um 4,1% en það er sú hækking sem Hagstofan gefur upp sem hækking á launavísitölu sl. 12 mánuði. Vilborg leggur til að launamál verði aftur endurskoðuð á fyrsta fundi árið 2010 og framvegis í byrjun árs en ekki í júlí eins og verið hefur. Samþykkt.

6. Starfsáætlun leikársins 2008–2009

Almenn starfsemi:

1. Rekstur að mestu óbreyttur, Vilborg sagði frá. Gengisbreytingar hafa mikil áhrif á rekstur búðar. Illa gengur að fá greiðslur frá kaupanda Laugavegs 96 sem búið var að semja um. Vilborg ræðir við fasteignasala í næstu viku til að á rétta að staðið verði við samninga.

Leiklistarskólinn að Húsabakka gekk vel en rætt um að þau tvö pláss sem losnuðu óvænt á síðustu stundu hefðu getað verið fyllt ef að þeim hefði ekki verið haldið svona lengi.

Hörður sagði frá því að umsagnarkerfi vegna leikritasafns á leiklist.is sé tilbúið og hægt að byrja að nota það. Hann vill skoða breytingar á leikstjóraalista á vefnum, þannig að hann verði nákvæmari og skilvirkari. Hann telur að rukka eigi fyrir veru á listanum árlega.

Samþykkt að sú útfærsla verði skoðuð.

2. Samþykkt að þegar fundað verði með menntamálaráðherra, sem búið er að panta fund hjá, verði reynt að verja það fjárframlag sem fengist hefur og ræða um framlag ríkisins til NEATA-hátíðar 2010.

Sérverkefni ársins

1. Undirbúningur NEATA-hátíðar. Vilborg mun sækja um styrk úr Nordisk Kulturfond fyrir 1. september. Guðrún Halla fer yfir umsókn um Evrópustyrk í samstarfi við kunnáttumanneskju og sækir um aftur, einnig fyrir 1. september. Ekki eru komin viðbrögð við styrkbeiðnum frá Akureyrarbæ og menntamálaráðuneytinu. Samþykkt að reyna að fá svör áður en Vilborg og Þorgeir fara til Mónakó á ársfund NEATA í ágúst.

2. Íslensk-færeysk stuttverkahátíð í Reykjavík. Ekki útlit fyrir að hægt sé að halda þetta í Borgarleikhúsinu, kallað verður eftir lokasvari þaðan og í kjölfarið þá leitað að húsnæði. Dagsetningar skoðaðar, laugardagur 10. október þykir vænlegur.

3. Haustfundur 2009 helgaður leiklistarhátíð á Akureyri. Stefnt

að því að hann verði haldinn fyrir norðan í nóvember.

4. Gagnrýnisskrifamál eru í farvegi. Hörður sagði frá tilrauna-verkefni þar sem leikfélög á höfuðborgarsvæðinu plús félögin í Hveragerði, Ölfusi og Selfossi greiða í gagnrýnissjóð sem greitt verður úr til ákveðinna gagnrýnenda. Vilborg er tilsjónarmaður með verkefninu og tekur við beiðnum frá félögum um gagnrýni. Framtakanu fagnað og fróðlegt að sjá hvernig til tekst að leikári liðnu.

5. Grundvöllur til samstarfs um búningaleigu. Málið skoðað áfram.

6. Efling húsnæðis BÍL sem miðstöðvar leiklistar. Silja Huldudóttir og Sigríður Lára verða í samstarfi um þróun verkefnisins. Þorgeir beiðinn um að halda námskeið um gagnrýnisskrif strax í haust og mun hann verða við því. Vilborg bendir á mikilvægi þess að hægt verði að loka af skrifstofu, búð og handritasafni ef að nýta á afgang húsnæðis sem félagsaðstöðu. Kanna þarf hvernig verja má varning í búð fyrir hita og sól.

7. Önnur mál

Sigríður Lára býðst til að vinna fyrir Bandalagið í sjálfböðastarfi þar sem hún er atvinnulaus. Hún mun ræða við Vinnumálastofnun um fyrirkomulag.

Næsti stjórnarfundur verði að öllu óbreyttu haldinn í tengslum við haustfund í nóvember. Fundi slitið kl 12.15.

Fundargerð rituðu Vilborg Valgarðsdóttir og Guðfinna Gunnarsdóttir.

## **Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga laugardaginn 14. nóvember 2009 að Öngulsstöðum í Eyjafirði.**

Viðstaddir: Þorgeir Tryggvason, Ingólfur Þórsson, Guðfinna Gunnarsdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Hörður Sigurðarson, Halla Rún Tryggvadóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Vilborg leggur til að haldinn verði stjórnarfundur eins snemma í janúar og hægt er. Samþykkt.

2. Þorgeir spyr hvort stjórn ætti að gera eitthvað fleira en Haustfundur leggur til vegna frjálगतatillagnanna. Skrifa t.d. greinar o.þ.h. Hann ætlar sjálfur að skrifa Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra póst til að reyna að fá hana til að beita sér í okkar málum.

3. Það hefur verið ákveðið að ef styrkur fæst frá Nordisk Kulturfond verður NEATA-hátíðin haldin. Von er á svari 25. nóvember. Ef það verður jákvætt þarf Vilborg að senda út formlegt boðsbref til þáttökulandanna sem fyrst. Og þá þarf hátíðarnefnd að taka til starfa af fullum krafti. Vilborg stingur upp á að Þráinn Sigvaldason verði fenginn í nefndina fyrir sunnan og að norðanefnd verði skipuð sem fyrst og að Ingólfur, varaformaður Bandalagsins, fari fyrir henni. Hann fái tvo norðanmenn að eigin vali með sér – eða fleiri ef honum sýnist svo.

4. Ákveðið er að þeir úr stjórn sem geta hitti Ingibjörgu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra Hofs, á morgun eftir háegi til að fá ýmislegt varðandi húsið á hreint, t.d. hvort húsið verður tilbúið á fyrirætluðum hátíðartíma og svo framvegis.

Fundi slitið kl. 18.15.

Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson

## Stjórnarfundur haldinn í þjónustumiðstöðinni að Suðurlandsbraut 16 laugardaginn 9. janúar 2010

Mættir: Þorgeir Tryggvason, Hörður Sigurðarson, Guðfinna Gunnarsdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Hjalti Stefán Kristjánsson, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

Starfsáætlun 2009–2010

Farið sérstaklega yfir:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni með tilliti til fjárveitinga ríkisins 2010.

Fjárveitingar ríkisins fyrir árið 2010 til skrifstofu Bandalagsins og verkefna aðildarfélaganna voru samþykkt svohljóðandi í fjárlögum:

\* Til skrifstofunnar kr. 4 milljónir.

\* Til verkefna aðildarfélaganna kr. 20 milljónir.

Upphæðin til verkefna félaganna var hækkuð verulega frá fyrstu tillögum en stóð í stað til skrifstofunnar miðað við þær. Lækkunin er 5,9 milljónir til verkefna og 3,5 milljónir til skrifstofunnar miðað við styrki fyrir árið 2009.

Vilborg lagði fram útreikninga sem sýndu rekstrartekjur- og kostnað á mánuði fyrir árið 2009. Tekjurnar voru að meðaltali 1.615.000 en kostnaðurinn 1.810.000 þannig að rekstrartap var um 195 þúsund á mánuði eða rúmlega 2,3 milljónir yfir árið. Þannig að ljóst er að þegar ríkisstyrkurinn lækkar úr 7,5 milljónum í 4 verður tapið enn meira og stefnir í allt að 6 milljónir samtals fyrir árið 2010. Þó er gert ráð fyrir tölverðum niðurskurði á t.d. erlendu samstarfi og fleiru sem rætt var um á haustfundinum.

Hvað er þá til ráða í húsnæðismálunum?

Við erum bundin af leigusamningi á Suðurlandsbrautinni til 15. ágúst en húsaleiga ásamt launakostnaði eru stærstu kostnaðarliðirnir.

Þrír kostir virðast vera í stöðunni varðandi húsnæðismálin:

\* að leigja áfram á Suðurlandsbrautinni og reyna að semja um lægri leigu eftir 15. ágúst.

\* að láta reyna á hvort hægt sé að rífta samningum við kaupanda Laugavegarins og fara þangað aftur.

\* að finna nýtt húsnæði og kaupa það.

Vilborg ætlar að tala við fasteignasalann sem sá um sölu á Laugaveginum um hvort mögulegt er að láta sölu ganga til baka og hvað það muni kosta okkur, og við leigusalann á Suðurlandsbrautinni um möguleikann á lægra leiguverði. Guðfinna talar við fasteignasala um að finna nýtt húsnæði.

Leiklistarskólinn

Öllum sveitarfélögum á landinu var sent bréf með fyrirspurn um húsnæði fyrir Leiklistarskólann. Skólanefndin fór yfir svörin á fundi sínum þann 7. janúar.

Svör hafa borist frá 19 sveitarfélögum og er verið að skoða fjóra möguleika:

\* Hafslækjarskóli í Aðaldal. Verður þó ekki í ár.

\* Bíldudalur. Aðstaðan sem boðið er uppá er dreifð um allan bæinn en beðið hefur verið um verðtilboð.

\* Hallormsstaður. Áhugi þar virðist fara dvínandi en fyrirspurn var send rekstraraðila til að taka af allan vafa.

\* Húnaveilir. Þar verður aðstaðan skoðuð þann 30. janúar en verðtilboð og staðarlýsing er mjög viðunandi.

2. Halda áfram undirbúningi NEATA-leiklistarhátíðar á Akureyri í ágúst 2010.

Þráinn Sigvaldason, Ólöf Þórðardóttir, Vilborg Valgarðsdóttir,

Ingólfur Þórsson og Hörður Sigurðarson eru skipuð í framkvæmdanefnd svona til að byrja með. Þau fá síðan til liðs við sig fleira fólk eftir því sem verkefnin segja til um.

Hjalti Stefán Kristjánsson mun t.d. starfa með Herði að kynningarmálum og Þorgeir Tryggvason að vefmálum en Bandalagið mun taka yfir NEATA-vefinn fram yfir hátíð. Halldór Sigurgeirsson mun starfa með Ingólfi fyrir norðan og munu þeir í sameiningu safna saman fleira fólk til starfa.

Fyrirhugaður er fundur með norðanmönnum í janúar eða febrúar.

Hörður tók að sér að skrifa Dönum vegna yfirtöku á NEATA-vefnum.

Ákveðið var að umsóknarfrestur íslensku sýninganna yrði til 15. febrúar og endanlegt val staðfest fyrir 1. mars. Þá er hægt að kynna allar sýningarnar sem sýndar verða á hátíðinni samtímis í byrjun mars.

Nefnd til að velja íslensku sýningarnar á hátíðina verður skipuð þegar ljóst er hvaða sýningar sækja um.

Ákveðið var að bjóða dr. Danute Vaigauskaite, formanni Bandalagsins í Litháen, að vera annar af tveimur gagnrýnendum hátíðarinnar. Þetta var rætt við hana í Mónakó í sumar og tók hún því mjög vel en hún hefur áður verið gestur á leiklistarhátíðunum á Akureyri. Stungið var uppá því að Þorgeir tæki að sér að vera hinn gagnrýnandinn, hann tók því vel en ekkert var þó ákveðið.

Ákveðið var að skrifa forseta Íslands og biðja hann að vera verndara hátíðarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 15.30.

Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson

## Stjórnarfundur haldinn í þjónustumiðstöðinni að Suðurlandsbraut 16, 14. mars 2010

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ingólfur Þórsson, Hörður Sigurðarson, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Hjalti Stefán Kristjánsson, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Rædd staða húsnæðismála. Ákveðið að prófa að auglýsa eftir húsnæði til kaups.

2. Ársreikningur 2009 yfirfarinn og samþykktur.

3. Drög lögð að starfsáætlun næsta leikárs. Ákveðið að stjórn leggi ekki til nein sérverkefni fyrir leikárið.

4. Yfirfarin dagskrá NEATA-hátíðar á Akureyri og stjórnarmenn tóku að sér verkefni.

Rætt um að hafa ókeypis fyrir almenning inn á sýningar í stóra salnum.

Ákveðið að biðja Þráinn Sigvaldason um að halda utan um loka-hófið.

Hörður benti á þann möguleika að vefur NEATA yrði fluttur í samskonar kerfi og Bandalagsvefurinn. Ákveðið að taka málið upp á næsta NEATA-stjórnarfundum sem verður á Akureyri. Þorgeir sendir póst á NEATA-stjórn og kynnir málið.

5. Tekin fyrir umsókn Leikfélagsins Skagaleikflokksins um aðild að Bandalaginu. Eftir að haft var samband við gjaldkera félagsins og formann Skagaleikflokksins, var ákveðið að samþykkja umsóknina.

6. Ákveðið að bóka tíma hjá menntamálaráðherra til að kynna

honum starfsemi okkar.

7. Rædd þróun gagnrýnimála. Ákveðið að Hörður reyfi málið á aðalfundi.

8. Ármann greindi frá stöðu skönnunar á handritasafninu. Um 2000 handrit hafa verið skönnuð inn eða 2/3 af heildarfjölda handrita í safninu, eftir eru fyrst og fremst stuttverk og handrit sem vandkvæðum er bundið að skanna inn.

9. Vilborg greindi frá heimsókn norsks áhugamanns um íslenska áhugaleiklist, Reno Hellvin. Hann skrifaði bókina Amatörteater i Norden sem kom út árið 1984 og hefur síðan skrifað greinar um áhugaleiklist á Íslandi með reglulegu millibili og er nú að gera úttekt á síðustu 10 árunum.

*Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson*

### **Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga haldinn að Sveinbjarnargerði í Eyjafirði 1. maí 2010**

Viðstaddir: Þorgeir Tryggvason, Ingólfur Þórsson, Guðfinna Gunnarsdóttir, Hörður Sigurðarson, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Halla Rún Tryggvadóttir, Ólöf Þórðardóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Rædd húsnæðismál. Nokkuð ljóst að við flytjum út úr Suðurlandsbrautinni nema að leiga lækki verulega. Vilborg auglýsti eftir húsnæði til kaups en fékk aðeins þrjú svör. Var hins vegar boðið til leigu húsnæði við Barónsstíg á 200.000 kr. sem gefur hugmynd um hvað hægt væri að leigja á. Rætt hvort mæta eigi

halla á rekstri Þjónustumiðstöðvar með því að klípa af verkefnastyrk leikfélaganna eins og gert hefur verið undanfarin ár eða með hækkun árgjalda. Hækkun árgjalda myndi ekki skila miklu og reikna má með að slíkt mætti andspyrnu leikfélaga.

Niðurskurður á framlagi ríkisins til þjónustumiðstöðvar gæti verið byggður á vanþekkingu á starfsemi Bandalagsins og gæti því mögulega fengist leiðréttur eftir fund með menntamálaráðherra. Samt líklega ekki fyrr en á næsta ári.

Þorgeir taldi að ekki mætti draga saman seglin á þjónustumiðstöð fyrir en fullreynt er hvort að ekki fáiast hækkun ríkisframlögin til hennar.

Ákveðið að leggja til við aðalfund að teknað verði 2 milljónir af styrk ríkisins til reksturs þjónustumiðstöðvar.

2. Rætt hvort menn hafi orðið varir við að leikfélögin hafi borið sig illa á leikárinu en menn hafa lítið orðið varir við það.

3. Hörður gerði grein fyrir því hvers vegna hann gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu. Hann sagði það vera vegna þess að hann er ósáttur við vinnubrögð við úthlutun styrkja sl. sumar. Umræður urðu í kjölfar orða Harðar og stjórn var sammála um að gera viðeigandi breytingar á verklagi við úthlutun.

4. Rætt um hvort æskilegt sé að fleiri en einn úr sama leikfélagi séu á aðalstjórn Bandalagsins. Fólk almennt sammála um að það sér frekar óæskilegt en ekki sé ástæða til að leggjast beint gegn því.

*Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson*

## **Haustfundur Bandalags íslenskra leikfélaga Haldinn að Öngulsstöðum í Eyjafirði 13.–15. nóvember 2009**

1. Þorgeir Tryggvason formaður Bandalagsins bauð viðstadda velkomna og setti fundinn. Hann kynnti fulltrúa Félags leikstjóra á Íslandi, Steinunni Knútsdóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur, sem komnar voru til að kynna Handbók leikstjóra.

2. Steinunn Knútsdóttir kynnti Handbók leikstjóra og baráttu leikstjóraráfélagsins fyrir leiðréttingu á ímynd leikstjóra á Íslandi. Hún lýsti yfir ánægju með viðleitni áhugaleikara til að mennta sitt fólk í leikstjórn í Bandalagsskólanum sem er í raun eina leikstjórnarnámið sem boðið er upp á á Íslandi. Hún lagði áherslu á að metnaður væri í fyrirrúmi í svona starfi, hver sem væri að leikstýra. Þetta snérist ekki bara um að það væri alltaf gaman, það þyrfti fleira að koma til til þess að fólk entist í að eyða frítíma sínum í þetta ár eftir ár. Hún sagði að verið væri að vinna í því að uppfæra upplýsingar um alla meðlimi FLÍ á vefsíðu þeirra og þar getur fólk kynnt sér feril og menntun þeirra.

Kolbrún Halldórsdóttir kynnti einnig Handbók leikstjórans. Hún sagði handbókina vera hugsaða sem tékklista fyrir áhugaleikfélög og þá leikstjóra sem vinna með þeim.

Almenn ánægja var hjá viðstöddum með þetta framtak FLÍ.

Steinunn sagði að FLÍ vildi með þessu stuðla að því að hver sem tekur að sér leikstjórn, ekki bara félagar þeirra, vinni sína vinnu af metnaði og kunnáttu.

Þorgeir benti á í sambandi við að leiklistarstarf „eigi ekki bara að vera gaman“ sé málið kannski að útvíkka „hvað er gaman“, það snúist ekki bara um brandara í pásam, það að bæta við sig þekkingu og eflast í listinni sé t.d. „gaman“.

Vilborg Valgarðsdóttir pakkaði framlagið og sagði það eitt það allra jákvæðasta sem gerst hafi í samskiptum FLÍ og Bandalagsins um langt skeið. Kolbrún og Steinunn þokkuðu fyrir sig og yfirgáfu fundinn.

3. Hörður Sigurðarson fjallar um „stöðu leikstjórasmanna“.

Það eru engir samningar í gildi á milli áhugaleikfélaga og FLÍ eða önnur sambærilega samtök.

Í ljósi þess að framundan er gífurlegur niðurskurður á fjárframlögunum ríkisins til áhugaleiklistar verða leikfélögin að vera meðvituð um það. Þegar leikstjóri vinnur sem verktaki semur hann við leikfélag og getur hvaða upphæð sem er gengið ef báðir aðilar eru sammála um hana.

Rætt um mikilvægi þess að ítreka við FLÍ að fjarlægja „samninginn“ af heimasíðu sinni.

Guðfinna Gunnarsdóttir taldi það nauðsynlegt að vera í samskiptum við framhaldsskólaleikfélög varðandi launamál leikstjóra. Þau væru, að því að hún taldi, oft að borga enn meira en

Bandalagsleikfélög og nú hefðu þau stofnað með sér samtök.

Porgeir sagðist hins vegar hafa heyrð í samtali við fyrrverandi formann FLÍ að framhaldsskólaleikfélögin væru að borga minna en við.

Vilborg benti á að þetta væri a.m.k. þriðja tilraun framhaldsskólanna til að stofna með sér samtök og þau hefðu jafnóðum lognast út af.

Porgeir benti á að nú væri lag að senda fólk á leiktjórnarnámskeið í Bandalagsskólanum en það verður haldið næsta sumar. Aldrei hafi verið jafnmikilvægt að leikfélögin hugsi sinn gang og taki upplýstar ákvarðanir um leiktjórala.

Guðfinna sagði það mikilvægt að leikfélög sem væru að skoða ákveðinn leiktjóra hefðu samband við leikfélög sem viðkomandi hefði nýlega leikstýrt hjá og fengju upplýsingar um hann.

*Fundi frestað til morguns kl. 23.00.*

*Fundi haldið áfram kl. 09.00.*

4. Vilborg opnaði umræðuna um niðurskurð á styrknum frá ríkinu til áhugaleikhússins. Í fjárlögum er gert ráð fyrir lækkun framlag til leikfélaganna úr 25,9 m.kr. í 11,4 m.kr. og framlag til skrifstofunnar úr 7,5 m.kr. í 4 m.kr. Hún taldi bestu leiðina til að verjast þessu að Bandalagsfólk færi maður á mann og ræddi við meðlimi fjárlaganefndar og reyndi að benda þeim á alvarleika málsins.

Porgeir sagði mikilvægt að leggja áherslu á að þessi niðurskurður á framlagi til leikfélaga muni koma niður á þeim leiktjórum sem starfað hafa með Bandalagsfélögunum þar sem leikfélög munu ekki hafa efni á að ráða þá. Einnig mun þetta koma harkalega niður á þjónustumiðstöðinni og gæti jafnvel þýtt að segja þurfi upp ritara og skera verulega niður þjónustu.

Pórvör Embla Guðmundsdóttir taldi að það væri mikilvægt að leggja áherslu á þau áhrif sem þetta hefði á landsbyggðina, leiksýningar áhugafélaganna eru oft eini möguleiki fólks til að komast í leikhús.

Hörður Sigurðarson vakti athygli á að það er verið skera niður framlag til leikfélaganna um 56% og til skrifstofu um 46,7% á meðan aðrir liðir undir Listir, framlög á fjárlögum ríkisins eru almennt skornir niður um 15–20%.

Silja Björk Huldudóttir sagði mikilvægt að herja líka á menntamálaráðherra þar sem hann getur haft ákveðið frumkvæði í svona málum.

Dýrleif Jónsdóttir benti á að í þessari umræðu mætti vekja athygli á forvarngildi leiklistar fyrir ungt fólk.

Guðfinna Gunnarsdóttir sagði að fólk yrði að vera á varðbergi gagnvart þeim rökum að það sé hlutverk menningarnefnda sveitarfélaga að styrkja svona starfsemi, það sé ekki alltaf hægt að treysta á að þær úthluti öllum verkefnum sem sækja um, ríkisstyrkurinn sé það eina sem menn hafa getað treyst á.

Halla Rún Tryggvdóttir benti á Leikfélag Húsavíkur hefði aldrei fengið styrk frá menningarnefnd Norðurlands.

Vilborg taldi að mikilvægast væri að nota þau rök á fjárlaganefndarmenn sem eiga við í viðkomandi sveitarfélagi. Benda þeim á hvað þetta mun þýða fyrir sitt leikfélag.

5. Vilborg fór yfir stöðu húsnæðismála Bandalagsins. Loksins

hefur kaupanda tekist að ganga frá hluta af kaupverði vegna Laugavegar 96, rúmu ári seinna en kaupsamningur kveður á um. Núverandi leigusamningur að Suðurlandsbraut 16 gildir til 15. ágúst 2010 og er að sögn leigumiðlara ekki uppsegjanlegur fram að því.

Hafsteinn Þórisson benti á að mögulega væri hægt að rifta leigusamningi þar sem almennt væru fjárhagslegar forsendur brostnar.

6. Porgeir og Vilborg fóru yfir fjárhagsáætlun NEATA-hátíðar á Akureyri 2010.

Fyrir liggur að Menntamálaráðuneytið ætlar að styrkja hátíðina um 2 m.kr og sótt hefur verið um styrk upp á 6 m.kr í Norræna menningarsjóðinn. Normenn ætla að styrkja hátíðina um 70.000 NOK (rúmlega 1,5 m.kr.) og borga fyrir upphald fyrir sinn leikhóp og það ætla Danir og Færeyingar einnig að gera ef ekki fást nægir styrkir.

Það er komið í ljós að ekki fást neindir peningar frá Akureyrarbæ en ennþá er inni í myndinni að við fáum ókeypis aðstöðu. Ekki er ljóst hvort hátíðin verður í Hofi eða annars staðar þar sem óvíst er hvort að húsið verður tilbúið.

Gert er ráð fyrir að það verði 160–200 manns á hátíðinni.

Ekki vantar bara peninga heldur mikið af sjálfbodaliðum til að vinna á hátíðinni.

7. Fundarmönnum skipt í hópa og þeir skila niðurstöðum.

Hópur 1.

Halldór Sigurgeirsson, Brynjar Schiöth, Sindri Rafn Haraldsson, Marianna Ósk Sigfúsdóttir, Hörður Sigurðarson og Guðrjúður Ólafsdóttir.

*Styrkur í fjárlagafrumvarpi.*

Að fá félaganna til að ræða við fulltrúa í fjárlaganefnd Alþingis og að ræða við þingmenn kjördæmanna. Koma á framfæri forvarngildi starfseminnar.

Að stjórnir félaganna taki málið fyrir á fundi og leiti eftir aðstoð félaganna til að halda uppi áróðri og ef að maður þekkir mann að fá þá til að ræða við einstaka fjárlaganefndarmenn ef þeir þekkja til þeirra.

*Sparnaðartillögur.*

Hugmyndum velt upp. Hópurinn telur að nauðsynlegt sé að gera allt sem hægt er til að halda tveimur starfsmönnum hjá Bandalaginu. Skera niður prent- og ljósritunarkostnað t.d. þannig að Ársritið verði eingöngu á vefnum.

– Fá félagsmenn til að spyrja eftir Sögu Bandalagsins á bókasöfnum í sinni heimabyggð. Bókasöfnum mun skylt að útvega þær bækur íslenskar sem beðið er um.

– Reyna að selja auglýsingar á Leiklistarvefinn.

– Setja af stað fjárflyunarverkefni, t.d. láta búa til hlut í ætt við Álfinn og kalla hann Leikhúsrottuna og hafa eina söluhelgi og selja rottuna á landsvísu.

– Fá aðildarfélög til að gefa fót í stað þess að henda þeim – halda fatamarkað.

– Leiga á áhugaleikurum t.d. fyrir árshátíðir, veislustjórnun o.fl.

– Athuga með að leigja húsnæðið að kvöldi til – fyrir fundi eða námskeið.

*Leiklistarhátíð.*

Við megum ekki vanmeta styrk Akureyrarbæjar þó hann komi ekki fram í beinhörðum peningum, þar sem bærinn mun veita styrki t.d. með aðgengi að húsnæði. Nokkrir félagar í Freyvangs-



leikhúsinu hafa langa reynslu af akstri hópferðabíla og athuga má hvort Akureyrarbær væri tilbúinn til að lána strætisvagna. Hópurinn leggur áherslu á að haldið verði áfram að undirbúa hátíðina og ekki láta deigan síga, haldið verði áfram af fullum krafti þó ekki sé alveg ljóst með fjármögnun.

#### Hópur 2.

Ása Hildur Guðjónsdóttir, Ármann Guðmundsson, Daníel Freyr Jónsson, Dýrleif Jónsdóttir, Axel Vatnsdal og Guðfinna Gunnarsdóttir.

#### Niðurskurður í rekstri Bandalagsins.

- Tökum undir hugmyndir um að setja Ársritið á netið.
- Leggjum til að reynt verði að semja við leigusala um afnám tengingar við vísitölu og hugsanlega uppsögn. Á meðan á leigu-tíma stendur verði horft eftir nýju húsnæði til kaupa. Aðildar-félög verði viðbúin að hjálpa til við flutninga og spara þannig flutningskostnað.
- Leggjum einnig til að hagrætt verði í erlendu samstarfi eins og kostur er.
- Kalt mat. Okkur þykir blasa við að ef að til óbreytts niðurskurðar komi, þá séu stöðugildi skrifstofunnar í hættu og viljum við forðast slíkt í lengstu lög. Vert væri að skoða hvort bjarga megi stöðu á skrifstofu með samstarfi við vinnumiðlun?
- Þau fjárframlög sem áætluð eru í fjárlögum eru algjörlega óásættanleg.
- Viðbrögð við þessu gætu falist í persónulegum samskiptum við þingmenn sem sitja í fjárlaganefnd.
- Einnig mætti hugsa sér að senda þingmönnum tölvupóst, þ.e. allar stjórnir leikfélaga fengju send sameiginleg áhersluatriði sem þeir gætu svo heimfært upp á sig – og svo sent á sína þingmenn. Mynda þannig hagsmunabréf. Í slíkum pósti mætti benda á atvinnusköpun, handritasafn, fjölda starfandi félaga, fjölda áhorfenda, leggja áherslu á jákvæðni fyrir iðkendur sem og áhorfendur og svo framvegis. Síðast en ekki síst að benda á misræmi í niðurskurði miðað við aðra liði af svipuðu tagi.
- Viljum endilega að samin verði ályktun á þessum fundi hér um niðurskurð. Þar kæmi meðal annars fram:
  - atvinnusköpun
  - margfeldisáhrif áhugaleiklistar á samfélagið
  - áhorfendur og iðkendur
  - félagsstarf á landsbyggðinni
  - áhrif á fagmennsku
- Þessari ályktun verði dreift á alla þingmenn, fjölmiðla og víðar.

#### Leiklistarhátíð.

- Lykilatriði að virkja leikfélög í héraði til starfa fyrir hátíðina, vegna aðfanga og tengsla við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu. Gott að halda hvatningar- og vinnufund með heimamönnum í janúar/febrúar þegar við vitum meira.
- Leggjum til að logo hátíðarinnar verði tengt við ímyndarvinnu sem þegar hefur verið unnin hjá Akureyrarbæ – rautt hjarta – og slagorðið verði: Af hjartans list.
- Notum líka Júlíus Júlíusson á Dalvík.

#### Hópur 3.

Hópstjóri: Þráinn Sigvaldason  
Þorgeir Tryggvason, Ingólfur Þórsson, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Silja Huldudóttir og Bernharð Arnarson.

#### Um niðurskurðartillögur á verkefnastyrk.

Nokkrar umræður spunnust um ástæður þess að leikfélögin og þjónustumiðstöðin fengu meiri niðurskurð en aðrir undir liðnum 02-982 Listir, framlög. Við þóttumst sjá að þarna væri jafnvel verið að hugsa um atvinnuskapandi þætti. Þetta þótti okkur ljóst að stafaði ef til vill af ákveðnu þekkingarleysi. Því vildum við að ráðist yrði í eftirfarandi aðgerðir.

- Leitað eftir samstarfi við Félag leikstjóra um að vekja athygli á atvinnuskapandi þáttum áhugaleikfélaganna varðandi leikstjórn

og námskeiðahald.

- Tölum haldið á lofti. Styrkur á verkefni úr 400 í 190 og meðal-laun leikstjóra sett fram í samanburði.
- Kallað verði eftir rökstuðningi á bak við að meiri niðurskurð eins og hjá öðrum. Þó sá rökstuðningur bærisk ekki strax væri hann e.t.v. nothæfur í baráttunni fyrir hækkan í framtíðinni.
- Athygli vakin á barna- og unglíngastarfi innan hreyfingarinnar.
- Skrifstofa setji saman gagnapakka, með tölum yfir kostnað og hvað niðurskurðurinn þýðir í krónum á verkefni. Eitthvað sem hægt væri að prenta út og fara með til fjárlaganefndarmanna.

Hvað ef þessi niðurskurður stendur? Vekja þyrfti athygli á því og ná til fjölmiðla og hugsanlega setja „á svið“ leikræn mótmæli.

#### Um niðurskurðartillögur til skrifstofu.

- Nokkuð var rætt um launakostnað, þar sem hann er stærsti kostnaðarliðurinn. Ljóst þótti þó að yrði starfshlutfall skert, og þá væntanlega opnunartími stytur um leið, myndi hagnaður af þjónustumiðstöðinni í formi söluhagnaðar minnka. Eins þótti okkur illmögulegt að minnka starfshlutfall skrifstofu á ári þegar halda ætti leiklistarhátíð. Hugmyndir að aðgerðum og rökstuðningi:
- Menntamálaráðuneyti bent á að hátíðin sem búið er að ákveða að styrkja þurfi allt starfsfólk þjónustumiðstöðvar svo hægt sé að halda hana.
  - Benda á hverja miðstöðin þjónustar, aðra en leikfélögin: Björgunarsveitir, Skrekk, æskulýðsstarf, skóla á öllum skólastigum, alla sem þurfa leiktexta, Gay Pride o.s.frv.

- Annað sem hægt væri að gera til sparnaðar og/eða fjáröflunar:
- Selja auglýsingar á vef. Leita til Grímas og Kryolan auk aðila innanlands sem áhugaleikfélög hafa viðskipti við.
  - Tala við leigusalann. Fá á hreint hvort leigusamningur vegna húsnæðis við Suðurlandsbraut er uppsegjanlegur. Förum í síðasta lagi 15. ágúst, spurning hvort við gætum verið áfram ef hann lækkar sig verulega.
  - Rætt var um hvort fýsilegt væri að halda aðalfundinn á höfuðborgarsvæðinu í vor, en eftir nokkrar umræður sýndist okkur að rétt væri að reyna að halda hann fyrir norðan ef hátíðin verður haldin. Líklegt er að annars þurfi að fara fleiri ferðir norður þannig að líklega yrði ekki sparnaður í því þegar upp yrði staðið.

#### Umræður um NEATA-hátíð.

- „Gjaldfæra“ þarf aðstoð Akureyrarbæjar, í hverju sem hún kemur til með að felast.
- Norðurnefnd verði stofnuð. Sækja um peningastyrki til:
- KEA
  - Saga Capital
  - Íslenskra verðbréfa
  - Banka

Sækjast eftir matargjöfum frá, til dæmis:

- Kjarnafæði
- Samherja
- Norðlenska
- Vífilfelli

Norðurnefnd hefjist handa við umsóknir um alla menningar-tengda styrki á svæðinu.

Aðrir styrkmöguleikar í formi vöru og/eða þjónustu skoðaðir. Fá ferðamálafrirtæki á svæðinu til að styrkja skoðunarferð.

Hugmynd kom upp um að Græni hatturinn yrði notaður sem hátíðaklúbbur en fljótlega þyrfti þá að fara að festa hann.

Vigdís Finnbogadóttir komi í stað núverandi forseta í dagskrá hátíðarinnar.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra verði verndari hátíðarinnar, skrifi ávarp í leikskrá og ávarpi jafnvel hátíðina.

Hvað gerist ef við höldum hátíðina ekki núna? Þá höldum við hana 2012.

Hópur 4.

Elva Dögg Gunnarsdóttir, F. Elli Hafliðason, Hafsteinn Þórisson, Halla Rún Tryggvadóttir og Sigurgeir L. Ingólfsson.

#### 1. Ríkisstyrkur:

Við vorum sammála um að það yrði að herja á nefndarmenn fjárlaganefndar. Hamra vel á því hvað starf leikfélaganna skiptir miklu máli fyrir börn og unglinga. Einnig að benda á að stór hluti leikstjóra á Íslandi hafi atvinnu hjá áhugaleikfélögunum.

#### 2. Skrifstofan:

Nýta tölvuna sem mest á meðan útrásarvikingaafleiðingaárin (nýyrði) ganga yfir. Athuga með leiguna hvort möguleiki sé að segja húsnæðinu upp vegna brostinna forsenda í þjóðfélaginu. Einnig hvort möguleiki væri á meiri rekstrarhagnaði með að semja við stærri aðila um innkaup á farða og öðrum vörum.

#### 3. Hátíðin á Akureyri:

Ath. hvort hagstæðara sé að láta gesti gista í heimavistarskólum í nágrenni og nýta þá eldhúsin þar ef matvörur fást fyrir lítið frá fyrirtækjum.

Hópur 5.

Í honum sátu þau Embla Guðmundsdóttir Umf. Reykdæla, Ragnar Rögnvaldsson Leikfélagi Sauðárkróks, Sigrún Sighvatsdóttir og Stefán Ólafsson frá Leikfélagi Selfoss, Ása Gísladóttir Leikfélagi Húsvíkur og Anton Örn Eggertsson frá Leikfélagi Vestmannaeyja.

Til umræðu voru lækkuð framlög ríkisins til áhugaleiklistar og Leiklistarhátíð NEATA á Akureyri 2010.

#### Lækkuð framlög ríkisins

Hópurinn leggur áherslu á að:

– Stjórn Bandalagsins skrifi fjárlaganefnd aftur og leggi áherslu á að niðurskurður á fjárlögum verði ekki eins mikill og lagt er til í fyrirliggjandi drögum að fjárlagafrumvarpi.

– Rætt verði við fjárlaganefndarmenn, þingmenn og ráðherra, augliti til auglitis, til að sannfæra þá um mikilvægi áhugaleikhússins og þess að rekstrargrundvöllur skrifstofunnar verði áfram tryggður. Við trúum því að fyrirliggjandi tillaga byggist að nokkru á misskilningi á eðli starfsins.

– Til að allir landsmenn fái notið leiklistar þurfa áhugaleikfélögin að geta starfað. Stóru leikhúsin starfa öll í Reykjavík og á Akureyri. Einstaka atvinnuleikhús er úti á landi en þau eru fá. Vitt og breytt um landið eru eingöngu áhugaleikhús starfandi. Sem er náttúrulega frábært út af fyrir sig.

– Sveitarfélög eru verr í stakk búin núna til að styðja við áhugaleiklist og allt menningarstarf en oft áður. Í harðnandi árferði og kreppu lenda menningarliðirnir fyrstir undir niðurskurðarhnífnum.

– Ekki má gleymast að áhugaleikhúsið er mikilvægur þáttur í atvinnumálum ýmissa annarra stétta s.s. leikstjóra, hönnuða, leikmyndasmiða, tónlistarmanna og svo mætti lengi telja.

– Forvarnar-, uppeldis-, og þroskagildi leikhússins er stórlega vanmetið. Langt er því frá að öll börn og unglingar vilji bara stunda íþróttir í sínum frítíma. Leiklist og önnur menning er líka æskulýðsstarf. Áhugaleikhúsið er mjög mikilvægur valkostur í tómsundastarfi og sum félögin eru með sérsniðið starf fyrir þennan aldursþóp þó að hjá félögunum flestum finnist ekkert kynslóðabil.

– Úthlutunarreglur Bandalagsins eru skýrar og til fyrirmyndar.

– Kostnaður við sýningar hefur stóruaust.

– Áhugaleikhúsfólk getur verið stolt af sínum störfum og þætti sínum í menningarlífi þessa lands. Það er ekki gott að heyja þessa baráttu með volæði og barlómi. Þvert á móti eigum við að halda á lofti mikilvægi áhugaleikhússins, það er þroskandi,

skemmtilegt, skapandi og gefandi.

#### Þjónustumiðstöð

– Leita þarf allra leiða til að ekki þurfi að skerða starfshlutfall á þjónustumiðstöð Bandalagsins. Hún er vel rekin, þar er frábært starfsfólk og þjónustan til fyrirmyndar. Ekki má gleyma því að þar er ekki einungis veitt þjónusta til áhugaleikfélaganna og þeirra hagsmuna gætt, heldur gegnir þjónustumiðstöðin mikilvægu hlutverki fyrir öll skólastigin í landinu og ótal, ótal fleiri aðila. Jafnvel björgunarsveitirnar eru farnar að leita til Bandalagsins um nauðsynlegar vörur til að nota við slysaæfingar sínar.

– Handritasafn Bandalagsins er einstakt og eina alvöru leikritasafn Íslands. Nauðsynlegt varðveislugildi þess ætti nú eitt og sér að duga sem rök fyrir því hversu arfavitlaust það er að lækka framlög til skrifstofunnar. Gerum allt sem við getum til að varðveita þessi störf. Hópurinn lagðist ekki í sérstaka rannsókn á því hvar mætti skera niður í starfsemiinni. Við trúum því að þessar tillögur að framlagi séu byggðar á misskilningi og verði leiðréttar til fyrra horfs.

#### NEATA-hátíð á Akureyri sumarið 2010

Enn eru margir óvissuþættir en fólk er fullt bjartsýni og trúir að hátíðin verði haldin með pomp og prakt. Nokkrar efasemdir um að Hof verði tilbúið – hvað gerum við ef svo verður ekki? Aðeins rætt um tímasetningu, svæðið hefur ekki sérstaka hagsmuni af því að hátíðin fari fram á þessum tíma vegna þeirra stóru viðburða sem samtímis verða þá í gangi á Eyjafjarðarsvæðinu.

– Lagt er til að reynt verði að fá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og Ferðamálaráð til að styðja við hátíðina. Einnig verði leitað til Menningarráðs Norðurlands.

– Getum við selt sýningar? Fá fyrirtæki til að kaupa eða styrkja einstakar sýningar. Gæti t.d. átt við fyrirtæki sem á einhvern hátt á hagsmuna að gæta í því landi sem sýningin kemur frá. Nokia og Finnland, Frón og Færeyjar.

– Mikilvægt er að heimafólk fari sem fyrst að leita til þeirra aðila á svæðinu sem hugsanlega gætu veitt stuðning á einn eða annan máta. Heimamenn þekkja betur til og ómarkvissara er að allur undirbúningur sé unnin úr Reykjavík.

– Fljótlega þarf að fara að vekja athygli fjölmiðla á að til standi að halda þessa hátíð. Getum við fengið fjölmiðla til að sýna áhugaleikhúsinu meiri áhuga með greinum, þáttum o.s.frv.

– Varðandi mannskap til að vinna við hátíðina var rætt hvort ekki væri hægt að fela stjórnnum félaganna að útvega fólk til að vinna ákveðin verk. Þyrfti að útfæra einhvern veginn með tímafjölda, störf og þetta allt saman. Það getur létt stjórnnum lífið að hafa í höndunum bréf þar sem beinlínis er farið fram á að félagið leggi til ákveðið vinnuframlag.

– Bros og bjartsýni – það er það sem gildir!

Fleira ekki fært á blað – Embla Guðmundsdóttir ritaði fundargerð.

Í umræðum taldi Halldór Sigurgeirsson að takmarkaður sparnaður hlytist af að færa aðalfund til Reykjavíkur. Menn tóku almennt undir það.

#### 9. Önnur mál

Þorgeir lýsti yfir ánægju sinni með stuttverkahátíðina Margt smátt sem haldin var í Félagsheimili Seltjarnarness 10. október 2009 með þátttöku Færeyinga. Hann sagði að í framhaldinu stæði til að halda Vest-norræna stuttverkahátíð (Ísland, Noregur, Færeyjar) í Færeyjum vorið 2011.

Vilborg benti á að nú er hægt að sækja um ferðastyrki í sjóðinn Kulturkontakt Nord vegna leikferða til Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.

Þorgeir kynnti breytingar á starfsemi NAR.

F. Elli Hafliðason spurði um stöðu gagnrýnihóps á Suðvestur-

horninu. Hörður svaraði að hópurinn væri til staðar en hefði sofnað á verðinum. Þetta byggðist fyrst og fremst á að félögin séu tilbúin að leggja smá pening í þetta og að þeir sem hafi áhuga á að skrifa fari í það. Þorgeir sagði að á Norðurlandi hefði Leikfélag Sauðárkróks tekið ákveðið frumkvæði í þessu máli. Silja sagði að sér þætti 20.000 kr. mikið fyrir slíka gagnrýni, það væri meira en Morgunblaðið borgaði fyrir umfjöllun um atvinnusýningar. Hörður sagði að það þyrfti bara að finna upphæð sem menn sættu sig við. Hann minnti reyndar að rætt hefði verið um 15.000 kr.

Fundi frestað kl. 17.00

Fundi haldið áfram kl. 10.00 sunnudaginn 15. nóvember.

10. Stjórn leggur fram tillögu að ályktun fundarins:

Bandalag íslenskra leikfélaga mótmælir fyrirhuguðum stórfelldum niðurskurði á framlögum til starfsemi áhugaleikfélaga. Niðurskurður á styrkjum til menningar og lista er skiljanlegur í ljósi núverandi efnahagsástands. Áhugaleikfélögin hafa því eins og aðrir verið því viðbúin að þurfa að taka á sig auknar byrðar. Bandalagið lýsir hinsvegar yfir furðu og óánægju með að fyrirhugaður niðurskurður á framlagi til starfsemi leikfélaganna nemi rúmlega 50% sem er langt umfram þau u.þ.b. 20% að meðaltali sem ætlunin er að skera niður framlög til liststarfsemi almennt.

Leikfélögin í landinu eru tilbúin að leggja sitt af mörkum, til jafns við aðra. Bandalagið skorar á Alþingi að endurskoða þennan gríðarlega niðurskurð sem mun nánast lama alla hefðbundna starfsemi leikfélaganna í landinu.

Gert að Öngulsstöðum í Eyjafirði, 15. nóvember 2009

Ályktunin rædd og hún samþykkt.

Ása Hildur benti fólki á að nýta sér Facebook til að auglýsa sýningar þar sem það er bæði áhrifaríkt og ókeypis.

Bernharð spurði hvort ekki yrðu námskeið fyrir tæknimenn fljótlega. Dýrleif svaraði að slíkt hefði verið haldið fyrir stuttu síðan en framhaldsnámskeið varð að fella niður vegna dræmrar þátttöku. Skólamál rædd og Dýrleif gerði grein fyrir námskeiðum sumarsins 2010.

Halldór ítrekaði áhuga Eyfirðinga á því að halda að aðalfund 2010. Lofaði að hann yrði skemmtilegur og jafnvel haldinn á fleiri en einum stað. Farið yrði í vettvangsferði á slóðir leiklistarhátiðarinnar.

Þorgeir sagði fundi slitið.

*Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson*

# Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga

## haldinn að Sveinbjarnargerði í Eyjafirði 1. og 2. maí 2010

### 1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.

Þorgeir Tryggvason formaður setti fundinn og stakk upp á Bernharð Arnarssyni, Leikfélagi Hörgdæla, og Ingólfi Þórssyni, Freyvangsleikhúsinu, sem fundarstjórum og Ármanni Guðmundssyni, ritara þjónustumiðstöðvar, og Guðfinnu Gunnarsdóttur, Leikfélagi Selfoss, sem riturum. Gengið úr skugga um að löglega hafi verið boðað til fundarins.

### 2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Kjörnefnd tók til starfa. Hana skipuðu Embla Guðmundsdóttir, Umf. Reykdæla, Halldór Sigurgeirsson, Freyvangsleikhúsinu, og Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Leikfélaginu Sýnir og Leikfélagi Selfoss. 19 félög voru með atkvæði á fundinum.

### 3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Hugleik, las Menningarstefnu Bandalagsins. Engar umræður.

### 4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.

Ólöf Þórðardóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar, kynnti hvaða félög hafa gengið í Bandalagið og úr. Leikfélagið Skagaleikflokkurinn óskaði eftir inngöngu í Bandalagið og var samþykkt. Leikfélagið M.a.s og Nafnlaus leikhópurinn sögðu sig úr því og Leikhópurinn Vaka á Borgarfirði eystri er tekið af félagaskrá vegna árgjaldaskulda.

### 5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Fundargerð síðasta aðalfundar samþykkt.

### 6. Skýrsla stjórnar.

Þorgeir Tryggvason flutti skýrslu stjórnar:

#### Skýrsla formanns á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga í Sveinbjarnargerði 1. maí 2010

##### I – Stjórn

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga var þannig skipuð á árinu: Þorgeir Tryggvason, Reykjavík, formaður  
Ingólfur Þórsson, Eyjafjarðarsveit, varaformaður  
Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, ritari  
Hörður Sigurðarson, Reykjavík, meðstjórnandi  
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Reykjavík, meðstjórnandi

Í varastjórn sátu Ólöf Þórðardóttir, Hjalti Stefán Kristjánsson, Halla Rún Trygvadóttir, Elva Dögg Gunnarsdóttir og Magnús J. Magnússon.

Í þjónustumiðstöðinni starfa síðan Vilborg Árný Valgarðsdóttir framkvæmdastjóri og ritarinn Ármann Guðmundsson.

Fimm stjórnarfundir voru haldnir á árinu, flestir í höfuðstöðvunum í Reykjavík, en einnig í tengslum við aðal- og haustfundi. Stjórnarmönnum og starfsfólki er þakkað fyrir góða og vinnu-

sama fundi á starfsárinu.

##### II – Starfsemi félaganna

Fjörutíu og þrjú aðildarfélög Bandalagsins sendu inn styrkum-sóknir fyrir alls 118 verkefni leikárið 2008–2009. Fullur styrkur reyndist vera 378.000 krónur. Ársritið okkar inniheldur síðan allar frekari upplýsingar um starfsemina. Ekki liggja fyrir tölur um umfang starfsins á þessu leikári en engin ástæða til að ætla annað en það sé svipað og verið hefur. Félögin í Bandalaginu eru nú sextíu og tvö.

##### III – Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var að venju samþykkt starfsáætlun og mun ég fara yfir hana og geta þess hvernig unnið var að hverjum lið fyrir sig.

#### Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Fulltrúar skóla- og vefnefndar munu gera grein fyrir því sem lýtur að skólanum og Leiklistarvefnum, og rekstrarmál þjónustumiðstöðvarinnar koma best fram í ársreikningum sem framkvæmdastjóri skýrir síðar á dagskránni.

Reksturinn er óneitanlega með erfiðasta móti, enda voru framlög til þjónustumiðstöðvarinnar skorin rækilega niður. Þá er áframhaldandi óvissa með lyktir húsnæðismálanna illþolandi. Enn hefur endanlegt uppgjör við kaupanda húseignarinnar við Laugaveg ekki farið fram. Stjórn hefur sett í gang vinnu við að leita að hentugu húsnæði til kaups, og verður lausn á þessu ástandi að öllum líkindum forgangsverkefni um leið og leiklistarhátíðin í sumar verður afstaðin.

#### Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Þegar fjárlagafrumvarp síðasta árs leit dagsins ljós var það mikið áfall fyrir okkur áhugaleikhúsfólk. Vissulega áttum við von á niðurskurði en stærðargráðan var þannig að við það varð ekki unað, sérstaklega í samanburði við þá liði fjárlaga sem eðlilegast er að bera okkur saman við. Samkvæmt frumvarpinu skyldu framlög til leikfélaganna lækka úr 25,9 milljónum í 11,4 og til þjónustumiðstöðvarinnar úr 7,5 í 4.

Á kröftugum haustfundi að Öngulsstöðum var smíðuð aðgerðaáætlun sem snerist um maður-á-mann nálgun á meðlimi fjárlaganefndar, þar sem þeir sem þekktu til þeirra einstaklinga höfðu samband við þá með röksemdir okkar að vopni. Þessi taktík dugði til þess að framlög til félaganna hækkuðu í 20 milljónir, en framlög til þjónustumiðstöðvarinnar voru eftir sem áður fjórar.

Framkvæmdastjóri og formaður hafa óskað eftir viðtali við menntamálaráðherra sem verður fyrsta skrefið í baráttu fyrir betri útkomu á næstu fjárlögum. Reynsluna frá Öngulsstöðum munum við að sjálfsögðu nýta, og ljóst að þessi glíma verður löng og ströng.

#### Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksyningu ársins.



Aðalfundarfulltrúar að störfum.

Þetta ágæta samstarf gengur sinn vanagang. Frevangsléikhúsið var fulltrúi okkar á fjöllum Þjóðleikhússins 2009 með söngleikinn Vínland og í kvöld fáum við að vita hver verður þar í vor.

#### **Halda áfram undirbúningi NEATA-leiklistarhátíðar á Akureyri í ágúst 2010.**

Í vetur var loksins hægt að taka endanlega ákvörðun um að halda hátíðina þegar styrkur til þess fékkst frá Nordisk Kulturfond. Í framhaldinu hefur vinna við undirbúninginn farið á flug og mun formaður framkvæmdanefndarinnar gera grein fyrir stöðu þeirra mála. Við gerum ráð fyrir að nýta hluta af þessum fundi til að ræða málefni hátíðarinnar og koma okkur í hátíðarskap. Já, og kannski til að biðja þess að Katla byrji ekki að gjósa fyrr en í fyrsta lagi í september.

#### **Halda íslensk-færeyska stuttverkahátíð í Reykjavík haustið 2009.**

Stuttverkaformið varð að útflutningsgrein á árinu, en Færeingar hafa tekið það upp á arma sína og Norðmenn fylgjast spenntir með á hliðarlínunni. Hópur færeyskra áhugaleikara mætti í Félagsheimili Seltjarnarness 10. október og lék með okkur hinum. Útkoman var stórskemmtileg og þegar er hafinn undirbúningur að þeirri næstu sem verður í Færejum og að öllum líkindum með norskri þátttöku. Margt smátt-nefndin mun skila skýrslu um þennan viðburð síðar á fundinum.

#### **Halda haustfund haustið 2009 helgaðan leiklistarhátíðinni á Akureyri.**

Fundurinn var haldinn að Öngulsstöðum hér í Eyjafirði í nóvember og tókst afbragðs vel. Ég er búinn að minnst á framúrskarandi meðferð hans á fjárlagamálum, en að öðru leyti snerist hann að mestu um leiklistarhátíðina í sumar, þó ekki væri búið að ganga frá fjármögnun hennar þegar þar kom sögu.

Þá fékk fundurinn í heimsókn þær Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steinunni Knútsdóttur sem kynntu bækling sem leikstjórafélagið hefur unnið og er ætlað að hjálpa til við samskipti leikfélaga og

leikstjóra. Þetta er frábært framtak hjá félaginu, þrátt fyrir að þar á bæ sé enn gengið út frá þeim skilningi að í gildi sé samnings-samband Bandalagsins og leikstjórafélagsins, og þess sjái stað í bæklingnum. Það verður ekki of oft ítrekað að það er okkar skilningur að leikstjórafélaginu sé óheimilt að gefa út verðskrá og vísa í uppreiknaðan gamlan samning.

Fyrir utan þetta ágreiningsmál er bæklingur leikstjóranna framúrskarandi og mun áreiðanlega hjálpa óvönum félagastjórnnum samskipti og samvinnu við leikstjóra og eins að tryggja betri vinnubrögð leikstjóra sem til okkar ráðast.


#### **Unnið verði áfram að því að koma gagnrýniskrifum í farveg og finna útfærslu á framkvæmdinni.**

Leikfélögin á stór-höfuðborgarsvæðinu tóku sig saman og útfærðu eina leið til að tryggja umfjöllun á leiklistarvefnum sem hefur gengið nokkuð vel. Hörður Sigurðarson mun segja frá tilrauninni hér á fundinum, en í ráði er að hittast með haustinu, meta árangurinn og ákveða með framhaldið. Það er rétt að taka fram að það er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu að önnur landsvæði myndi með sér hliðstæð samlög og styðjist við reynslu suðsvesturhornins, eða finni upp eitthvað alveg nýtt módel.

Þessu tengt þá héldu undirritaður og Hrund Ólafsdóttir námskeið í gagnrýniskrifum í Þjónustumiðstöðinni í september. Í nóvember heimsóttum síðan við ritarinn, Ármann, Leikfélag Sauðárkróks og héldum erindi um starfsemi Bandalagsins og leiklistargagnrýni fyrir viðstadda Sauðkrækings auk fulltrúa frá Leikfélagi Siglufjarðar.

#### **Haldið verði áfram að kanna grundvöll samstarfs BÍL við Þjóðleikhúsið um búningaleigu, en einnig verði horft til samstarf við Borgarleikhúsið og Ríkissjónvarpið í þessum efnun.**

Það er skemmt frá því að segja að nánari athuganir á þessu máli benda ekki til að neinn raunhæfur grundvöllur sé fyrir slíku samstarfi.



Ása Hildur Guðjónsdóttir, Halaleikhópnum og stjórn Bandalagsins í pontu.

#### **Bandalagið útfæri til eins árs tilraunaverkefni sem snúi að því að efla húsnæði BÍL enn frekar sem miðstöð leiklistar.**

Ekki varð mikið úr þessari verðugu hugmynd, þó svo það megi með góðum vilja fella gagnrýniskrifanámskeiðið hér undir. Ljóst er að næstu mánuði verður orka okkar helguð hátíðinni, og ekki er ólíklegt að með haustinu verðum við farin að huga að flutningi í annað húsnæði sem kannski og kannski ekki býður upp á svona notkun. Sjáum til.

Lýkur þar með yfirferð yfir starfsáætlun síðasta starfsárs.

#### *IV – Erlent samstarf*

Formaður og framkvæmdastjóri sátu ársfundi NEATA og IATA í Mónakó síðasta sumar. Á NEATA-fundinum var gott að finna fyrir eindregnum stuðningi við það að við héldum hátíðina, og nokkur landanna buðust til að standa alfarið straum af kostnaði við sína hópa. Það er því gleðilegt að af þessari hátíð getur orðið og magnað ef okkur tekst að gera hana jafn eftirminnilega og okkur dreymir um.

Þá sóttu formaður og framkvæmdastjóri síðasta fund NAR í núverandi mynd í Kaupmannahöfn í haust. NAR hefur nú breytt um eðli og verður fyrst og fremst óformlegur menningarpólitískur vettvangur fyrir Norðurlöndin og hyggst halda fundi/málþing árlega um tiltekin efni. Fyrsta ráðstefnan af því tagi er nú í undirbúningi í Noregi.

Síðasta verkefni hins gamla NAR var að standa fyrir ritun og þýðingum á barnaleikritum í öllum löndunum. Hvert land lagði fram eitt leikrit sem síðan voru þýdd á öll hin málin og standa áhugasömum hópum til boða höfundargjaldalaust í tvö ár. Framlag Íslands var verkið Uppreisn Æru eftir Ármann Guðmundsson sem Hulda B. Hákonardóttir þýddi á dönsku og flest hinna landanna nýttu síðan þá þýðingu. Hulda þýddi einnig hin norrænu verkin. Það kennir ýmissa grasa í þessum potti og ástæða til að hvetja alla sem stunda leiklist með börnum að kynna sér verkin og nýta sér þetta góða boð.

#### *V – Lokaorð*

Erfiðu starfsári í sögu Bandalagsins er lokið og ekki er endilega útlit fyrir að það næsta verði ýkja auðvelt. En það verður líka spennandi og ber þar hátíðina hæst. Og það sem ég hef séð af uppfærslum félaganna í vetur segir mér að kjarninn í starfsemiinni er að minnsta kosti jafn magnaður og hann hefur löngum verið. Sköpunarkrafturinn og eldmóðurinn – þörfin til að miðla, snerta, hreyfa við, læra, eflast og þroskast. Áfram við.

Reykjavík, 29. apríl 2010  
Þorgeir Tryggvason



Halldór Sigurgeirsson, Freyvangsleikhúsinu og stjórn Bandalagsins og Vilborg Valgarðsdóttir framkvæmdastjóri, ræða málin.

#### **7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.**

Vilborg Valgarðsdóttir framkvæmdastjóri lagði fram ársreikninga Bandalagsins.

Tap á rekstri var 2,4 milljónir; ríkisstyrkurinn lækkaði um 1 milljón milli ára og ekki fengust áætlaðir vextir af söluverði Laugavegs 96 en innlánsvextir hafa lækkað um u.þ.b. 10% frá miðju sumri 2008 þegar ákvörðun um að selja var tekin. Enn eru úti-standandi tæpar 10 milljónir af söluverðinu. Húsaleigan að Suðurlandsbraut 16 hefur einnig hækkað um 50 þúsund á mánuði vegna vísitölutengingar frá miðjum ágúst 2008. Ljóst er að búast má við a.m.k. helmingi hærri taprekstartölu í árslok 2010 ef ekki verður gripið til einhverra ráðstafana og/eða hækkuð fengin á ríkisstyrkinn.

#### **8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.**

Umræður urðu um stöðu húsnæðismála og niðurstaðan sú að lítið sé hægt að gera nema sjá til hvernig þau mál þróast. Vilborg sagði það ljóst að ekki væri hægt að ráðast í kaup á húsnæði á meðan við vissum ekki hvort við fengjum bargaða loka-greiðslu frá kaupanda Laugavegs 96 sem greiða á í september.

Reikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

#### **9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.**

##### *a. Hörður Sigurðarson flutti skýrslu vefnefndar*

#### **Leiklistarvefurinn – Skýrsla vefnefndar 2010, lögð fram á aðalfundi BÍL í Sveinbjarnargerði 1.–2. maí 2010**

Leiklistarvefurinn var rekinn með venjubundnum hætti á því leikári sem nú er að ljúka enda er vinnan við vefinn löngu komin í fastar skorður. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar, þau Vilborg og Ármann sjá um daglegan rekstur sem snýst aðallega um að setja innsent fréttæfni í búning og setja á vefinn en einnig er drjúgur hluti efnisins upplýsingar frá þjónustumiðstöð til aðildarfélaganna og annarra sem láta sig leiklist varða. Viðhald og ýmis tæknileg atriði eru að jafnaði á hendi lénsherra sem er í reglulegu sambandi við starfsmenn þjónustumiðstöðvar vegna ýmissa mála.

Fyrir rúmu ári settum við inn viðbætur við vefumsjónarkerfið til að hægt væri á einfaldan máta að senda út fréttabréf á skilgreinda hópa. Í rúmt ár hefur því á hverjum föstudegi verið sent út fréttabréf með fréttum liðinnar viku. Þeir sem áhuga hafa á að fá þetta fréttabréf geta skráð sig á lista á Leiklistarvefnum. Það er von mín að umrædd fréttabréfsviðbót verði nýtt enn betur þannig að fjölda sendingar póstis frá þjónustumiðstöð fari meira og minna fram í gegnum vefinn.

Fyrr í vetur voru einnig gerðar nokkrar breytingar á vefnum, m.a. á útliti hans en þær voru ekki stórvægilegar og óvíst hvort fólk almennt tók eftir þeim. Þær voru þó mjög til bóta þykir okkur sem vinnum við vefinn. Þá var gagnagrunnurinn okkar sem við notum til að halda utan um leikritasafnið uppfærður og endurbættur. Þær breytingar voru fyrst og fremst til að bæta skráningu og auðvelda leit í safninu. Einnig má nefna að nú er mögulegt að setja inn umsagnir um leikrit í gegnum vefinn sem veitir ýmsa möguleika á að bæta skráningu og uppfæra upplýsingar um einstök handrit í safninu. Ýmislegt hefur sem sé verið gert en líkt og með aðrar breytingar er ekki víst að margir hafi tekið eftir þeim.

Alltaf reytist eitthvað inn af auglýsingum á vefinn og eru þar fremstir í flokki breskir leiklistarskólar að finna sér íslenska nemendur. Það er gamall söngur að ýmsir möguleikar eru á aukningu auglýsingatekna og er hann hér með endurtekinn.

Leiklistarvefurinn verður 10 ára á næsta ári. Vefurinn er tæki sem nýtist Bandalaginu og áhugahreyfingunni til ýmissa hluta. Vefurinn er orðinn það fastur liður í starfi Bandalagsins og þjónustumiðstöðvarinnar að undirritaður hefur spurt sjálfan sig hvort ástæða sé til þess lengur að flytja sérstaka skýrslu um hann á aðalfundum, ekki frekar en við flytjum skýrslu um símann eða ljósritunarvélina. Við smá umhugsun er þetta þó ekki góð samlíking.

Leiklistarvefurinn er fréttamiðill sem á síðasta ári flutti á þriðja hundrað almennar leiklistarfréttir auk greina um leiklist, umfjöllunar um leiksýningar og annars efnis af skyldu tagi. Leiklistarvefurinn er upplýsingabanki fyrir leiklistaráhugafólk á Íslandi sem m.a. geymir upplýsingar um öll áhugaleikfélög landsins, veitir leitaraðgang að stærsta leikritasafni landsins, birtir lista yfir leikstjóra sem bjóða sig fram til starfa hjá leikfélögum og veitir upplýsingar um leiklistarmenntun af ýmsu tagi svo eitt-hvað sé nefnt.

Leiklistarvefurinn er rekinn af Bandalagi íslenskra leikfélaga. Leiklistarvefurinn er eitt af sameiningartáknum íslenskrar áhugaleiklistar. Leiklistarvefurinn er fjölbreyttasti og öflugasti leiklistarvefur á landinu.

Leiklistarvefurinn er tákun um þann kraft sem býr í samtökum áhugaleikfélaga á landinu. Svo lýkur skýrslu vefnefndar.

*Fyrir hönd vefnefndar,  
Hörður Sigurðarson*

*b. Hrefna Friðriksdóttir flutti skýrslu skólanefndar*

### Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 1.–2. maí 2010

Engar breytingar urðu á skipan skólanefndar á árinu, hana skipuðu auk mín Dýrleif Jónsdóttir, Gunnhildur Sigurðardóttir, Herdís Þorgeirsdóttir og Sigríður Karlsdóttir.

Leiklistarskólinn var settur í 13. sinn þann 13. júní 2009 að Húsabakka í Svarfaðardal. Skólann sóttu alls 38 nemendur en þar voru í boði 3 námskeið:

1. Byrjendanámskeið í söng og raddbeitingu út frá Complete Vocal Technique kerfinu. Þarna kenndi hjá okkur í fyrsta skipti Þórhildur Örvarsdóttir.
2. Sérnámskeið fyrir leikara, kennari Rúnar Guðbrandsson. Þetta námskeið var með svipuðu sniði og Rúnar bauð upp á árið 2001.
3. Framhaldsnámskeið í leikritun, kennari Bjarni Jónsson, en þarna var um að ræða framhald af námskeiði sem Bjarni var með sumarið áður.

Niðurstöður viðhorfskönnunar bentu til mikillar ánægju með skólastarfið.

Ráðgert var að halda metnaðarfullt sérnámskeið um samþættingu tækni í leikhúsinu með Agli Ingibergssyni í lok maí/byrjun júní 2009 en það féll því miður niður vegna dræmrar þátttöku.

Eins og lofað var í fyrra þá var boðið upp á leikgerva- og bún-inganámskeið sl. vetur, nánar tiltekið í október 2009. Kennarar voru Ásta Hafþórsdóttir og Alda Sigurðardóttir og var námskeiðið með svipuðu sniði og þær hafa haldið áður á vegum skólans. Þátttakendur voru því miður ekki nema sjö talsins en allir sem einn lýstu þeir mikilli ánægju með námskeiðið.

Árið 2010 markar tímamót í sögu Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga. Frá upphafi hefur skólinn átt sitt aðalaðsetur að Húsabakkaskóla í Svarfaðardal en núna á þessu fjórtánda starfsári verður skólinn fluttur um set og settur að Húnavalla-skóla í Húnavatnshreppi. Eins og kunnugt er þá hefur það lengi verið markmið Bandalagsins að reyna að tryggja betur aðgengi fatlaðra að starfsemi skólans. Í fyrra sendi skólanefnd öllum sveitarfélögum landsins bréf með fyrirspurn um vænlegt húsnæði. Farið var í gegnum öll þau svör sem bárust, valið að heimsækja Húnavallaskóla og skemmst frá að segja að við teljum okkur hafa fundið húsnæði sem við viljum láta á reyna. Aðgengi fyrir fatlaða er ekki eins og allra best verður á kosið en við leyfum okkur að halda því fram að aðgengi sé til staðar. Þess má geta að skólanefndin bauð formanni Halaleikhópsins á fund eftir að ákvörðun hafði verið tekin um flutning skólans og auk þess mættu skólastjórar á sérstakan félagsfund hjá Halaleikhópnum til að kynna aðstöðuna og námskeiðin í sumar.

Að Húnavöllum verður rúm fyrir ívið fleiri nemendur en var að Húsabakkaskóla. Við hlökkum til að láta á það reyna hvernig húsnæðið mun nýtast og að skoða möguleika á enn öflugra og fjölbreyttara skólastarfi í framtíðinni.

Leiklistarskólinn verður settur að Húnavallaskóla þann 12. júní nk. Að þessu sinni verða þrjú námskeið í boði og sem fyrr hefur skólanefnd lagt sig fram um að fá færustu kennara sem völ er á. Sumarið 2010 verður lögð áhersla á byrjendanámskeið. Ágústa Skúladóttir mun kenna Leiklist I og leiða nýliðana inn í undra-veröld leiklistarinnar eins og henni einni er lagið. Ágústa hefur kennt fjölbreytt námskeið við skólann en þetta er í annað sinn sem hún kennir Leiklist I. Þá er það fagnaðarefni að fá Sigrúnu Valbergdóttur til liðs við okkur enn og aftur. Þetta verður í fjórða sinn sem Sigrún kennir Leikstjórn I, sem segir allt sem segja þarf um hinn trausta og staðgóða grunn sem námskeiðin hennar eru fyrir leikstjóraefni. Að lokum er okkur ánægjuefni að bjóða Þórhildi Örvarsdóttur velkomna aftur með framhald af hinu vinsæla námskeiði frá því í fyrra um röddina í leikhúsinu út frá Complete Vocal Technique kerfinu.

Í sumar verður einnig bryddað upp á þeirri skemmtilegu nýbreytni að bjóða höfundum að dvelja á staðnum við skapandi skrif. Ekki er um að ræða námskeið eða leiðsögn heldur gefst höfundum þarna fyrst og fremst tækifæri til að vinna í friði en um leið að njóta samvista við nemendur skólans og taka þátt í skólastarfi utan hefðbundinna kennslustunda.

Skráðir þátttakendur eru 49, fullt er á byrjendanámskeiðin en laus pláss á framhaldsnámskeiðið um röddina í leikhúsinu.

Að lokum – Húsabakkaskóli hefur verið hreiður og hjarta skólastarfsins frá upphafi og við tökum með okkur ríkulegar minningar um fallett umhverfi, góðan anda, vináttu og stuðning. Um leið er það tröllatrú okkar að hinn eini sanni skólaandi fylgi okkur hvert sem við förum og að á nýjum stað finnum við hinn sama ógleymanlega kraft, sköpun og gleði.

Ég þakka samnefndarkonum mínum vel unnin störf.

*Hrefna Friðriksdóttir*

*c. Ármann Guðmundsson flutti skýrslu handritasafnsnefndar*

### **Skýrsla handritasafnsnefndar Bandalags íslenskra leikfélaga flutt á aðalfundi í Sveinbjarnargerði, Eyjafirði 1. maí 2010**

Handritasafnsnefnd skipa Ármann Guðmundsson, Hrefna Friðriksdóttir og Örn Alexandersson.

Nefndin fundaði einungis einu sinni á leikárinu en vinnur nú að mótun reglna handritasafnsins og hugmyndum um næstu skref til að efla safnið og auka aðföng þess. Í ljósi efnahagsástands hafa allar hugmyndir sem þýða mundu einhver fjárútlát eða kostnað fyrir Bandalagið verið settar í salt.

Af vinnu við skönnun safnsins er það hins vegar það að fréttu að nú hafa um 2.400 titlar (af tæplega 3.000) verið skannaðir inn og einungis er eftir að skanna inn handrit sem eru á einhvern hátt erfið í innskönnun eða eru einungis til á bókum. Reiknað er með að skönnun „erfiðra“ handrita ljúki á þessu ári.

*f.h. handritasafnsnefndar,  
Ármann Guðmundsson*

*d. Ármann Guðmundsson flutti skýrslu Margt smátt-nefndar*

### **Skýrsla framkvæmdanefndar stuttverkahátíðarinnar Margt smátt 2010**

Nefndina skipa þau Hjalti Stefán Kristjánsson, Hrund Ólafsdóttir og Þorgeir Tryggvason, ásamt undirrituðum.

Við skildum við fimmtu Margt smátt stuttverkahátíðina fyrir ári síðan þar sem henni hafði verið frestað frá haustinu 2008 til vorsins 2009 vegna erfiðleika við að finna tíma sem hentaði bæði okkur og Borgarleikhúsinu. Ætlunin var þá að halda hátíðina 23. maí en áhugi á þátttöku reyndist þegar upp var staðið það lítil að ákveðið var að halda hana að hausti og þá með gestasýningum frá Færeyjum eins og hugmyndir höfðu verið uppi um.

Ljóst var þá að áhugi af hálfu Borgarleikhúsanna hafði enn dvínað og þegar til kom reyndist ekki mögulegt að finna tíma í Borgarleikhúsinu sem hentaði okkur og því var leitað til Leiklistarfélag Seltjarnarness með að fá að halda hátíðina í Félagsheimili Seltjarnarness. Þessari málaleitan tók leikfélagið opnum örmum og stóð með okkur að hátíðinni með miklum sóma.

Fyrir valinu varð dagsetningin 10. október. Framkvæmdanefnd ákvað að hafa hátíðina með mjög svipuðu sniði og þá síðustu, sýningar hæfust snemma dags og þeim lyki síðdegis, síðan yrði hátíðarkvöldverður um kvöldið.

Meginfélag áhugaleikara, „Bandalag“ Færeyinga, sendi fimm leikþætti sem allir voru nýskrifaðir en auk þeirra tóku sjö íslensk félög þátt í hátíðinni, Hugleikur með 6 verk, Leikfélag Hafnarfjarðar með 3 verk og Halaleikhópurinn, Leikfélag Kópavogs, Leikfélag Mosfellssveitar og Leikfélag Selfoss með eitt verk hvert félag, auk þess sem heimamenn brutu upp hátíðina með örstuttum sketsum inn á milli sýninga. Sigrún Valbergsdóttir fjallaði svo um sýningarnar í lok hátíðar.

Auk færeysku gestanna kom formaður norska áhugleikhússambandsins, Svein J. Svenson, á hátíðina. Hann lýsti yfir mikilli ánægju með upplifunina og áhuga á að koma af stað einhvers

konar sambærilegu starfi í Noregi og þá jafnvel með samstarf við okkur í huga. Færeyingar bættu þó um betur því formaður MÁF, Hilmar Joensen boðaði til stuttverkahátíðar í Færeyjum í maí 2011 og bauð Bandalaginu að taka þátt í henni.

Ekki hefur verið ákveðið hvar né hvenær næsta Margt smátt-hátíð verður haldin. Það má þó reikna með að samstarfið við Borgarleikhúsið sé úr sögunni þar sem áhugi af þeirra hálfu virðist einfaldlega ekki vera fyrir hendi. Það er þó ekkert sem bendir til annars en að stuttverkahátíðir geti lifað góðu lífi þrátt fyrir það.

*f.h. Margt smátt-nefndar,  
Ármann Guðmundsson*

*e. Vilborg Valgarðsdóttir, Þráinn Sigvaldason og Hörður Sigurðarson fluttu skýrslu framkvæmdanefndar NEATA-hátíðar*

### **Alþjóðleg leiklistarhátíð NEATA á Akureyri 10.–15. ágúst 2010. Skýrsla framkvæmdanefndar á aðalfundi Bandalagsins 1. maí 2010**

Þó nokkur hópur Bandalagsfólks sótti þriðju alþjóðlegu leiklistarhátíð NEATA í Viljandi í Eistlandi í ágúst 2004. Á ársfundi NEATA, sem haldinn var í tengslum við hátíðina, bauð íslenska sendinefndin til NEATA-hátíðar á Íslandi árið 2010. Bæði vegna þess að einhvern tímann varð að koma að okkur og eins vegna þess að þetta er sextugasta afmælisár Bandalagsins. Dagsetningin var þá lengst í fjarskanum en núna eru aðeins rúm þrjú mánuðir í hátíðina.

Undirbúningsnefnd hefur verið að störfum lengi. Í henni voru þau Lárus Vilhjálmsson, Guðrún Halla Jónsdóttir, Hörður Sigurðarson og Ólöf Þórðardóttir. Sú nefnd lauk störfum þegar kom í ljós að við fengjum styrk frá Norræna menningarsjóðnum og af hátíðinni yrði. Þá þurfti að skipa framkvæmdanefnd. Það var gert á stjórnarfundi í janúar og hana skipa Þráinn Sigvaldason, Hörður Sigurðarson, Ólöf Þórðardóttir og undirrituð.

Búið er að hnýta flesta enda varðandi umgjörðina, sýningar, leiksmíðjur, gagnrýni, hátíðarklúbb, upplýsingamiðstöð, gististaði, mat og þess háttar. Íslensku sýningarnar verða þrjár. Valnefnd skipuð þeim Sigrúnu Valbergsdóttur, Gunnari Birni Guðmundssyni og Huld Óskarsdóttur völdu þær úr þeim sjö sýningum sem sóttu um en þær voru frá 6 leikfélögum. Félögin sem verða með sýningar á hátíðinni eru Leikfélag Kópavogs, Leikfélag Selfoss og Freyvangsleikhúsið.

Allar sýningar og aðrir viðburðir hátíðarinnar verða í Menningarhúsinu Hofi. Þar verður einnig starfrækt mötuneyti og þar verður upplýsingamiðstöðin sem Sigríður Lára Sigurjónsdóttir mun stýra. Gististaðir á vegum hátíðarinnar eru eftirtaldir: Gistiheimili Akureyrar að Skipagötu 4, Hafnarstræti 104 og 108. Gistiúsið Hrafninn, Hótel Edda, Gistiheimilið Súlur og Gistiheimilið Gula villan.

Hátíðin verður sett þriðjudagskvöldið 10. ágúst kl. 20.00 með opunarathöfn í stóra salnum í Hofi. Leikstjóri athafnarinnar verður Rúnar Guðbrandsson og vonast er til að forseti Íslands, sem er verndari hátíðarinnar, verði viðstaddur. Formaður Bandalagsins mun setja hátíðina formlega. Að öðru leyti er opunarathöfnin enn óskipulögð. Við gerum ráð fyrir að athöfnin standi í ca. 30–45 mínútur, þá verði gert stutt hlé og fyrsta sýning hátíðarinnar byrji kl. 21.00. Það er Leikfélag Kópavogs sem ríður á vaðið.

Miðvikdagurinn 11. ágúst hefst á stjórnarfundi NEATA. Eftir hádegðið og fram á kvöldið verða næstu 4 sýningarnar, Noregur og Rúmenar í litla salnum og Litháar og Svíþjóð í stóra salnum.



Dagskrá fimmtudagsins 12. ágúst hefst kl. 9.00, þá byrja þrjú atriði samtímis. Það eru tvær leiksmiðjur sem þau Ágústa Skúla-dóttir og Rúnar Guðbrandsson stýra til hádegis og gagnrýni á fimm fyrstu sýningar hátíðarinnar verður einnig frá kl. 9.00 til kl. 12 á hádegi. Umsjón með leiksmiðjum hefur Ólöf Þórðardóttir. Gagnrýnendur hátíðarinnar verða þau Þorgeir Tryggvason, formaður Bandalagsins og fyrrum leiklistargagnrýnandi Morgunblaðsins, og dr. Danute Vaigauskaitė, formaður litháiska Bandalagsins. Einnig er fyrirhugað að hafa ávallt einn gestagagnrýnanda út röðum áhorfenda. Hörður Sigurðarson sér um skipulagningu gagnrýnnar.

Eftir hádegið verða svo næstu 4 sýningar hátíðarinnar, Frakkland og Finnland í stóra salnum og Selfoss og Lettland í litla salnum.

Föstudagurinn 13. byrjar eins og fimmtudagurinn en þá verða báðar leiksmiðjurnar endurtekna og gagnrýni flutt á sýningar fimmtudagsins. Eftir hádegið mun Danmörk ríða á vaðið með útsýningu sem hefjast mun í Hofi og færast síðan í göngugötuna og til baka. Þar munu svo síðustu sýningar hátíðarinnar fara fram, Færeyjar sýna í litla salnum og Freyvangur um kvöldið í stóra salnum.

Á laugardagsmorguninn hefst dagskráin kl. 9.00 með gagnrýni á sýningar föstudagsins, kl. 9.30 hefst svo fyrirlestur með sýnikennslu. Það er brúðuleikhúsmáðurinn kunni Bernd Ogronnik sem upplýsir okkur um leyndardóma brúðugerðar og brúðstjórnunar. Eftir hádegisverðinn verður svo farið með alla þátttakendur hátíðarinnar í skoðunarferð með leiðsögn að Mývatni. Það er formaður Freyvangsleikhússins, Halldór Sigurgeirsson, sem skipuleggur ferðina. Á laugardagskvöldið verður svo loka-hófið þar sem við borðum veislumat og skemmtum okkur saman, þar verður hátíðinni að lokum formlega slitið. Þráinn Sigvaldason mun hafa umsjón með hófinu.

Hátíðarklúbbur verður starfræktur í Hofi frá þriðjudagskvöldi til föstudagskvölds. Umsjónarmaður verður Ingólfur Þórsson.

Brottför er svo á sunnudaginn, þann 15. ágúst.

Byrjað er að skrá sjálfboðaliða til starfa á hátíðinni og hafa 16 manns boðið fram aðstoð sína auk stjórnarmanna, samtals 22 með mér og Ármanni. En okkur vantar fleira fólk, sérstaklega í hlutverk leiðsögumanna leikhópanna. Reyndar sé ég nú ekki að allir hóparnir þurfi leiðsögumenn allan tímann þar sem vegalengdir eru stuttar og allt fer fram á sama stað en flestir þurfa að láta taka á móti sér á flugvellingum á Akureyri og koma sér á gististað og fylgja sér fyrstu sporin meðan verið er að átta sig á umhverfinu. Og hóparnir þurfa aðstoð a.m.k. þar til sýningum þeirra lýkur með eitt og annað sem að sýningunum snýr.

Eins vantar okkur fólk til að taka þátt í opunarhátíðinni. Ég hef nefnt það við formann Leikfélags Hörgdæla og hann ætlar að athuga hvort einhverjir sinna félagsmanna vilja ekki vera með. Þetta þurfa helst að vera heimamenn í Eyjafirði vegna þess að leikstjórinn mun æfa þetta helgina fyrir hátíð eða laugardaginn 7. og sunnudaginn 8. ágúst.

Þátttaka á hátíðinni er annars mjög góð, samtals eru 210 þátttakendur skráðir til leiks. Í leikhópunum eru 167 manns, þar af 99 útlendingar, aðrir erlendir gestir eru 21 og restin eru starfsmenn hátíðarinnar.

Stjórn Bandalagsins ákvað á fundi sínum í mars að bjóða Akureyringum frítt inn á sýningarnar í stóra salnum í Hofi, en reikna má með miklum áhuga heimamanna á því að koma á fyrstu viðburðina sem sýndir verða í þessu nýja menningarhúsi. Ég hef lagt til við menningarmálafulltrúa Akureyrarbæjar að í staðinn

fáum við kannski frá bænum einhverja sérvalda og áletraða gripi sem viðurkenningar til leikhópanna á hátíðinni.

Með heilmiklum niðurskurði er búið að koma kostnaði við hátíðina niður í ca. 1/3 af fyrstu fjárhagsáætlun en hún var uppi á rúmum 30 milljónir. Það er svo sem ýmislegt óákveðið ennþá en stærstu póstarnir eru og hafa alla tíð verið gisting og matur en það er regla þegar þessar hátíðir eru haldnar að hátíðarhaldarar bjóða leikhópunum sem sýna frían mat og gistingu fyrir 10 manna hópa.

Hátíðin fær tvo stóra styrki, frá Norræna menningarsjóðnum fáum við 250.000 kr. danskar (sem eru nú u.þ.b. 5.750.000 íslenskar) og frá menntamálaráðuneytinu fáum við 2 milljónir kr. Þráinn ætlar hér á eftir að segja stuttlega frá annarri fjáröflun og Hörður segir frá kynningu og vefmálum.

*Gert í Reykjavík 26. apríl 2010,  
Vilborg Valgarðsdóttir*

Þráinn gerði grein fyrir öflun fjárstyrkja til hátíðarinnar en þrátt fyrir talsverða vinnu við að sækja um styrki í hina ýmsu menningarsjóði, sveitarfélagi og fyrirtækja, tókst ekki að fá svo mikið sem krónu í styrk, ef frá er talið það sem Vilborg greindi frá.

Hörður gerði grein fyrir þeim upplýsingum sem komnar eru inn á vef um NEATA-hátíðina. Þær eru alþjóðlegu eðli hátíðarinnar samkvæmt, að mestu á ensku.

*Umræður um skýrslur nefnda*

Theodór Ólafsson, Freyvangsleikhúsinu, spurði hvort umsjón með Margt smátt stuttverkahátíðinni muni þá mögulega flakka á milli félaga, ef Borgarleikhúsið er úr sögunni.

F. Elli Hafliðason, Leikfélagi Selfoss, lýsti yfir mikill ánægju með Margt smátt hátíðina og samstarfið við Færeyinga.

Ása Hildur Guðjónsdóttir, Halaleikhópnum, spurði um hvort upplýsingar um NEATA-hátíðina yrðu ekki settar á Leiklistarvefinn á íslensku og hvort upplýsingar um gistimöguleika yrðu þar aðgengilegar fyrir þá sem kæmu bara til að horfa á sýningar, en ekki taka beinan þátt í hátíðinni.

María Guðmundsdóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar, spurði hvort skilyrði hefði verið að vera búin að frumsýna verk sem boðin voru á NEATA-hátíðina. Hvort ekki hefði komið til greina að frumsýna verka á hátíðinni.

F. Elli spurði út í framkvæmd leiksmiðja.

Vilborg svaraði að þeir sem væru skráðir á hátíðina gengju fyrir á leiksmiðjur. Þeir kæmu til með að skrá sig í upplýsingamiðstöðinni. Hún svaraði Maríu því að til að valnefnd hefði forsendur til að meta gæði sýninga þyrfti að vera búið að frumsýna þær þegar umsóknarfrestur rennur út. Ásu Hildi svaraði hún að Bandalagið útvegaði ekki gistingu fyrir þá sem ekki taka beinan þátt í hátíðinni.

Hörður svaraði að upplýsingar á íslensku yrðu settar inn fljótlega. Eins með tengil á upplýsingar um leiksmiðjur.

Þorgeir sagði að hann teldi að kynning innan þátttakendahópanna væri mikilvægust, svo kynning innan hreyfingarinnar og loks kynning út á við. Hann sagðist vilja leggja áherslu á að leikhóparnir dreifðu góðri útlistun á sögupræði sýninganna til áhorfenda en ekki bara örstuttri lýsingu á innihaldi verksins.

Embla spurði hvers vegna ekki yrði selt inn á sýningar frekar en

að bjóða fólki. Einnig hvernig matarmálum yrði háttað á hátíðinni.

Halldór sagði að fyrirtæki væru miklu frekar til í að styrkja hátíðina með matarframlagi en peningum. Hann hvatti menn til að nota sambönd sín til að útvega matvæli.

Vilborg svaraði Emblu um hvernig matarmálum yrði háttað en tveir kokkar á Akureyri hafa tekið að sér að reka mótuneyti í Hofi fyrir þátttakendur. Hugsunin á bakvið að bjóða uppá sýningar ókeypis væri að fá fólk á sýningar, miðasala á hátíðum hingað til hafi verið það lítil að hún breytir engu fjárhagslega. Hins vegar telji nefndin það gott að fá velvilja frá bæjarbúum og bæjaryfirvöldum með að bjóða þeim á sýningar auk þess sem stóri salur Hofs taki um 500 manns og skemmtilegra sé að sýna fyrir fullum sal en hálfum.

### 10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Guðfinna Gunnarsdóttir lagði fram drög stjórnar að starfsáætlun fyrir leikárið 2010–2011. Skipt var í hópa og þeir hófu vinnu við starfsáætlun.

### 11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.

Embla gerði grein fyrir stöðu framboðsmála.

### 12. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

### 13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.

Vilborg lagði eftirfarandi tillögu fyrir fundinn:

Ég legg til að 2 milljónir kr. af verkefnastyrk aðildarfélaganna verði látnar ganga til reksturs þjónustumiðstöðvarinnar.

Vilborg Valgarðsdóttir

Fundargestir spurðu hvort þetta mundi duga til að stoppa í fjárlagagatið. Vilborg svaraði að þetta mundi hvergi nærri duga og við myndum halda áfram að borga mismuninn með peningunum sem við fengum fyrir húsnæðið við Laugarveg. Við ættum þó í það minnsta þessa peninga og værum ekki á hausnum.

Porgeir sagði þrátt fyrir að við vissum lítið um framtíðina yrðum við að líta á þetta ár sem undantekningu, bæði út af stöðunni í húsnæðismálum og vegna þess að við teljum að niðurskurðurinn á styrknum til þjónustumiðstöðvarinnar sé vanþekkingu á starfsemi okkar að kenna og að þar þyrfti að ráða bót á. Hann benti á að ef við hefðum ekki selt Laugavegin værum við í óseljanlegu húsnæði (að visu skuldlausu), með stórskert framlög en enga sjóði.

María Guðmundsdóttir og Ólöf Þórðardóttir, Leikfélagi Mosfellsveitar, lögðu til að þessi tillaga yrði rædd í samhengi við liðinn Árgjald Bandalagsins. Þær lögðu, ásamt öðrum fulltrúum Leikfélags Mosfellsveitar, jafnframt fram tillögu um að árgjaldið yrði hækkað um 10 þúsund krónur til viðbótar við þessar 2 milljónir.

Bernharð Arnarson, Leikfélagi Hörgdæla, fór fram á að þetta yrði afgreitt í síthvoru lagi og féllust þær á það.

Tillaga Vilborgar um að taka 2 milljónir af ríkisstyrk til reksturs þjónustumiðstöðvar Bandalagsins samþykkt einróma.

Próstur Guðnason, Leikfélagi Rangæinga, spurði hvort stjórn hefði ætlað að leggja til óbreytt árgjald. Porgeir sagði svo vera. Hörður bætti því við að stjórn hefði rætt þetta en hún ekki talið að það hlyti hljómgrunn hjá félögnum.

Gerður Sigurðardóttir sagði að þótt 10–20 þúsund kr. skipti um leikfélög ekki höfuðmáli, væru til félög sem munaði talsvert um þessa upphæð. Bandalagið hefði í það minnsta varasjóði að ganga í, ólíkt sumum leikfélögum.

F. Elli sagðist styðja tillöguna þar sem hann teldi það mjög mikilvægt að halda fullri þjónustu skrifstofunnar.

Nokkrar umræður um þetta, fólk taldi ýmis rök með og á móti.

Tillaga um að hækka árgjald samþykkt sem hér segir:

Lagt er til að árgjöld aðildarféлага fyrir leikárið 2010–2011 verði kr. 50.000.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða 75.000 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr. 100.000.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf gjald eða kr. 25.000.

### 14. Starfsáætlun afgreidd.

Forsvarsmenn hópa kynntu niðurstöður hópinnu.

#### Hópur 1

Hópurinn skipa:

Hulda Gunnarsdóttir, Leikfélagi Ölfuss  
Eva Björg Harðardóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar  
Hlynur Wium Finnbogason, Leikfélagi Blönduóss  
Sólveig Heiðrún Stefánsdóttir, Leikfélag Fjóttsdalshéraðs  
Dóra Ármannsdóttir, Leikfélagi Húsavíkur  
Jón Benjamín Einarsson, Leikfélaginu Peðið  
Íris Árný Magnúsdóttir, Leikfélagi Selfoss  
Brynhildur Sveinsdóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar  
Elísabet Friðriksdóttir, Freyvangsleikhúsinu

Elísabet Friðriksdóttir kynnti afrakstur vinnu hóps 1

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Þjónustumiðstöðin

- Húsnæðið er stórt. Spurning um hvort hægt sé að skipta því meira niður og fá inn einhverja meðleigjendur. Hópurinn telur það samt frekar óraunhæfan kost.
- Hugmynd um að efla verslunina, gera hana sýnilegri fyrir almenning. Leita að húsnæði til dæmis við Laugaveg þannig að fólk gæti komið inn af götunni.
- Hópurinn telur að skynsamlegast sé að leita að hentugu leigu-húsnæði með sál.
- Hópurinn leggur til að skoðað verði víðara svæði en bara Reykjavík.

Leiklistarskólinn

- Leiklistarskólinn er í mjög góðum farvegi. Allt jákvætt um hann að segja.
- Nú þegar skólinn er kominn á nýjan stað mætti halda kynningarstarfsemi opinni. Kynna hann líka fyrir fólki sem aldrei hefur komið, til dæmis í framhaldsskólunum.
- Á vefnum mætti vera stór linkur með mynd um Leiklistarskólann, svipað og fyrir NEATA-leiklistarhátíðina.



Aðalfundarfulltrúar hlusta af athygli.

#### Leiklistarvefurinn

- Hópurinn leggur það til að Bandalagið fari á facebook sem manneskja. Þannig komast upplýsingar hratt til vina. Býður upp á umræður sem yrðu kannski öflugri en umræðurnar á heimasíðunni.

#### Aðrir fastir liðir

- Hópurinn er hrifinn af þeirri hugmynd að láta stuttverkahátíðina Margt smátt rótera á milli leikfélaga, fara líka út á land.
- Hópurinn var að velta því fyrir sér hvernig fyrirkomulagið verður þegar búið verður að skanna inn öll leikrit. Munu leikfélögin áfram fá leikritin ljósrituð eða send á tölvutæku formi og hvað mun það þá kosta?
- Mikilvægt að halda inni haustfundum.
- Gaman væri samhliða haust- og aðalfundi að bjóða upp á námskeið, sýningar eða stuttverkahátíðir o.þ.h.
- Endurvekja óvissuferðir á aðalfundi, gera það að árvissum viðburði. Það hristir hópinn svo vel saman.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

- Spurning hvort leitað hafi verið styrkja úr menningarsjóðum innan EES.
- Er vilji fyrir því að hækka árgjöld, eða bjóða upp á frjáls framlög frá leikfélögunum þegar eitthvað sérstakt stendur til eins og NEATA-hátíðin núna í ár.
- Leita eftir fjárframlögum frá einstaklingum.

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið um Athygliverðustu áhugaleiksýningu ársins.

- Já, að sjálfsögðu.

#### Hópur 2

##### Hópurinn skipa:

Bernharð Arnarson, Leikfélagi Hörgdæla  
Halldór Sigurgeirsson, Freyvangisleikhúsinu  
Freydís Anna Arngrímsdóttir, Umf. Eflingu

Gunnar Freyr Árnason, Leikfélaginu Peðið  
F. Elli Hafliðason, Leikfélagi Selfoss  
Katrín Eiðsdóttir, Umf. Reykdæla  
Þrúður Sigurðardóttir, Leikfélagi Ölfuss  
Þráinn Sigvaldason, Hugleik

Þráinn Sigvaldason kynnti hugmyndir hóps 2

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Rekstur þjónustumiðstöðvar

- Það er okkar mat að best væri að ná góðum samningum við núverandi leigusala.
- Það þarf að vera búið að kanna viðræðugrundvöll fyrir 15. ágúst.
- Spurning um að finna minna húsnæði ef ekki nást samningar.
- Fá ábendingar um húsnæði frá félagsmönnum.
- Það er verið að vinna gott starf innan þjónustumiðstöðvarinnar.
- Spurning um að bæta lagerinn aðeins.

#### Leiklistarskólinn

- Við lýsum ánægju með nýja staðsetningu á skólanum þó eftirsjá verði af Húsabakka.
- Spurning um að leikfélögin geti óskað eftir kynningu á skólanum til sín. Nýta eldri nemendur kannski?
- Greinilegt að það er verið að gera rétt í námskeiðsstefnu skólans. Það sést best á aðsókninni.
- Þyrfti að hlúa betur að tækninámskeiðum.
- Er hægt að setja þau inn samhliða skólanum á Húnavöllum? Kannski á Blönduósi?

#### Leiklistarvefurinn

- Allir í hópnum nota vefinn.
- Er eitthvað búið að breyta fíðusum í handritavefnum? Virðist vera erfiðara að finna handrit.
- Nauðsynlegt að hafa rétta tengiliði frá félögunum á vefnum. Gamlir tengiliðir vilja daga upp.
- Mikil ánægja með að fá vikulega fréttabréf.
- Flottar og góðar upplýsingar um NEATA-hátíð. Þyrfti samt að



Hulda Gunnarsdóttir, Leikfélagi Ölfuss, og Elísabet Friðriksdóttir, Freyvangsleikhúsinu, slaka á að lokinni fundarsetu.

hafa upplýsingar á íslensku.

- Spurning um að setja inn atburðalýsingar leikritanna á NEATA-hátíðinni inn á vefinn.

Aðrir fastir liðir í starfseminni

- Spurning um að hafa eitthvað félagsstarf í húsnæði Bandalagsins. Samlestur og þess háttar.
- Hver er staðan á lestrarhesta verkefninu? Þarf að þrykkja því áfram þannig að hægt sé að hafa á vefnum um hvað leikritin eru.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

- Halda áfram að herja á fyrirtæki vegna NEATA-hátíðar.
- Þarf að hnykkja á hugmyndinni um leikhúsrottuna. Er það mögulegt fyrir NEATA-hátíðina?
- Halda áfram þrýstingi á opinbera aðila sem fór af stað eftir haustfund.

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið um Athygliverðustu áhugaleiksýningu ársins.

- Já.
- Við höldum að það verði fleiri umsóknir í framtíðinni.
- Þeir sem voru í hópnum og höfðu farið með sýningu í Þjóðleikhúsið lýstu ánægju með þjónustuna sem húsið veitti.

Sérverkefni

1. Halda NEATA-leiklistarhátíð á Akureyri 10.–15. ágúst 2010.

- NEATA-hátíðin er greinilega í góðum farvegi.
- Þarf að halda áfram að hvetja fólk að koma og taka þátt.
- Þrýsta á rekstrarfélagið Hof og Akureyrarbæ um að auglýsa þetta með okkur.
- Við seljum ekki miða en ættum að selja rottuna við innganginn.
- Dreifa kynningarbæklingi um Bandalagið á hátíðinni. Er hægt að vera með kynningarbás Bandalagsins á svæðinu?
- Væri kannski hægt að vera með sölubás á Ráðhústorginu?

Hópur 3

Hópin skipa:

Axel Vatnsdal, Leikfélagi Hörgdæla  
 Ása Dóra Garðarsdóttir, Umf. Skallagrími  
 Brynjar Schiöth, Freyvangsleikhúsinu  
 Gerður Sigurðardóttir, Leikfélagi Selfoss/Sýnir  
 Katrín Líney Jónsdóttir, Litla leikklúbbnum  
 Sigrún Tryggvadóttir, Leikfélagi Kópavogs



Hressir Hörgdælir, Bernharð Arnarson og Fanney Valsdóttir.

Steingrímur Magnússon, Freyvangsleikhúsinu

Gerður Sigurðardóttir kynnti tillögur hóps 3

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Almenn starfsemi

- Rekstur þjónustumiðstöðvar: Lagt til að miðað við óbreytta úthlutun ríkisins til skrifstofunnar verði hluti af úthlutun til verkefna lagður til reksturs skrifstofu.
- Leiklistarskólinn: Lýsum ánægju okkar með að höfundar hafi aðstöðu á Húnavöllum. Rætt um tímasetningu Leiklistarskólans, að fólk komi uppfyllt af leiklistarlegum krafti úr skólanum en eigi erfitt með að fá útrás fyrir hann í sinni heimabyggð svona um mitt sumar og kannski jafnvel ekki fyrir en mörgum mánuðum síðar.
- Leiklistarvefurinn: Bara mjög finni.
- Hugmyndir komu fram um að vera með aukna starfsemi í húsi Bandalagsins, e.t.v. kvöldfundi eða annað slíkt, en í ljósi mikils umstangs við leiklistarhátíð framundan og óvissu í húsnæðismálum næsta vetur fannst okkur ekki tímabært að leggja slíkt til á næsta starfsári.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

- Halda áfram að minna opinbera aðila á áhugaleikhúsið og mikilvægi þess og reyna að fá styrki frá öllum sem hægt er, e.t.v. kannski frekar í vörum (kannski tóner gegn auglýsingu á vef?) en peningum.

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið um Athygliverðustu áhugaleiksýningu ársins.

- Endilega halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið.

Sérverkefni

1. Halda NEATA-leiklistarhátíð á Akureyri 10.–15. ágúst 2010.

- Nota tækifærið sem býðst með NEATA-hátíðinni til að kynna starfsemi áhugaleikhúshreyfingarinnar, herja á fjölmiðla, senda út fréttatilkyrningar og fleira.

Hópur 4

Hópin skipa:

Ása Hildur Guðjónsdóttir, Halaleikhópnum  
 Magnþóra Kristjánsdóttir, Leikfélagi Ölfuss  
 Fanney Valsdóttir, Leikfélagi Hörgdæla

Ólafur Halldórsson, Litla leikklúbbum  
Theodór Ingi Ólafsson, Freyvangsleikhúsinu  
Próstur Guðnason, Leikfélagi Rangæinga

Ása Hildur Guðjónsdóttir kynnti hugmyndir hóps 4

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

- Húsnæðismál skrifstofu áhyggjumál sem vonandi leysist. Mikilvægt að reyna að ljúka því farsælega. Leita að betra og ódýrara húsnæði.
- Gott mál með skólann og nýja staðsetningu hans.
- Vantar betri kynningu á skólanum innan leikfélaganna.
- Hvetja alla til að skrá sig á póstlista Leiklistarvefsins til að fá alltaf allar upplýsingar.
- Kannski mætti halda námskeið í kynningarmálum og markaðssetningu leikfélaga.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

- Bendum á Handbók um styrki sem Háskóli Íslands gefur út (gúggla það). Þar er að finna góðar upplýsingar um allskonar styrki bæði innanlands og erlendis sem hægt er að sækja í.
- Halda áfram að þrýsta á stjórnvöld að styrkja áhugaleikhúsin eins og verið hefur. Ánægja með árangur af haustfundi varðandi þetta. Láta ekki deigan síga. Vinna að því að sækja um styrki í formi einhvers annars en peninga, sbr. mat á hátíðir o.þ.h.
- Mikilvægt að viðhalda menningarsjóðum í héraði. Virkja öll leikfélög í að leita styrkja um allt land.

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið um Athygliverðustu áhugaleiksýningu ársins.

- Gott mál. Eftirtektarvert að umsóknum fækkaði milli ára en líklega má kenna efnahagsaðstæðum um.
- Hvetja félög til að sækja um þar sem þetta er góð tenging milli áhuga- og atvinnuleikhúsa.

Sérverkefni

1. Halda NEATA-leiklistarhátíð á Akureyri 10.–15. ágúst 2010.

- Hafa NEATA-vefinn á íslensku.
- Hvetja félögin til að mæta og upplifa.
- Hafa sem skýrastar upplýsingar um aðstöðu og allt sem við kemur hátíðinni.
- Margt smátt. Góð hugmynd að hátíðin flakki milli félaga. Styrkir bæði og eflir félögin.
- Hafa einþáttungahátíð í tengslum við næsta aðalfund.

Hópur 5

Hópin skipa:

Embla Guðmundsdóttir, Ungmennafélagi Reykdæla  
Guðrún Esther Árnadóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar  
María Guðmundsdóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar  
Fjola Egedía Sverrisdóttir, Leikfélagi Fljótisdalshéraðs  
Ása Gísladóttir, Leikfélagi Húsavíkur,  
Rebekka Atladóttir, Leikdeild Skallagríms  
Kristín Pála Sigurðardóttir, Leikfélagi Rangæinga

Embla Guðmundsdóttir kynnti niðurstöður hóps 5

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Þjónustumiðstöðin

- Þar er unnið frábært starf og vel leyst úr erindum félaganna. Afskaplega vont ef skera þarf meira niður. Slæmt hvað bókin okkar selst illa og spurning hvort eitthvað sé hægt að gera í því. Leiklistarskólinn
- Húrra! Mikil ánægja með að tekist hafi að finna skólanum nýtt húsnæði þar sem aðgengismál og aðstaða er betri en áður, þó eðlilega sé eftirsjá að Húsabakka. Spannandi að sjá hvernig fyrsta skólaárið kemur út á Húnavöllum og hvort þarna sé ekki kominn framtíðarstaður.
- Nokkuð rætt um „hliðarnámskeið“, tækni, förðun, búninga og fleira. Er hægt að færa þau út um landið? T.d. ef að félög á ákveðnu svæði taka sig saman og áhugi og næg þátttaka er þá muni skólinn sjá um að útvega kennara.
- Skólanefndin er fyrirmyndarnefnd, skipuð fyrirmyndarfólki og allt gott um þeirra starf að segja!  
Leiklist.is
- Vefurinn er góður og lifandi. Nokkrar í hópnum skoða hann í hverri viku.
- Spurning um að hvetja stjórnir félaga til að kynna vefinn fyrir sínu fólki.
- Lénsherrann fær bestu þakkir fyrir gott starf og vonandi sinnir hann vefnum sem lengst.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

- Halda áfram að tala máli okkar hjá fjárlaganefnd og nú er mikilvægt að sú ágæta nefnd læri líka hversu mikilvæg þjónustumiðstöðin er en hún þjónar svo miklu fleirum en áhugaleik-húsfólki.
- Við þurfum að minna sífellt á mikilvægi leiklistarinnar fyrir alla aldurshópa og alla landshluta. Leiklist er líka uppeldis- og forvarnarstarf – líka byggðamál – líka mannbætandi og allt!
- Félögin þurfa sjálf að sinna fjáröflun í héraði. Gott að vera nokkuð samstíga í rökstuðningi og stolt af okkar starfi.
- Fundurinn á Öngulsstöðum í haust var mjög góður og sú samstaða og baráttuandi sem þar myndaðist frábær. Höldum áfram í þeim anda.

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið um Athygliverðustu áhugaleiksýningu ársins.

- Já, já. Bara gaman, skemmtilegt og hvetjandi fyrir þau félög sem áhuga hafa. Vekur líka á okkur athygli.

Sérverkefni

1. Halda NEATA-leiklistarhátíð á Akureyri 10.–15. ágúst 2010.

- Undirbúningur hátíðarinnar er greinilega í góðum farvegi og duglegt fólk sem stendur sig afskaplega vel að störfum.
  - Hvetjum alla þá sem mögulega geta unnið við hátíðina eða lagt henni lið á einhvern hátt að gera það.
- Fleira ekki gert. Fundargerð ritaði Embla Guðmundsdóttir.

Umræður um tillögur hópa

Þorgeir benti á að vilji menn koma einhverju inn á starfsátætlun þurfi þeir að leggja fram tillögu þar að lútandi.

Halldór vildi að tækifærið yrði notað á NEATA-hátíðinni til að kynna Bandalagið. Hægt væri t.d. að gera kynningarbækling og dreifa auk þess sem að mikilvægt væri að kynna þessa hátíð vel innan aðildarfélaganna.

Hörður svaraði nokkrum atriðum sem komu fram í skýrslum hópa. Hann furðaði sig á því að einhver hefði kvartað yfir því að það væri erfiðara að finna leikrit á leitarvef handritsafnsins, það



Skoðunarferð í menningarhúsið Hof í leiðsögn Ingibjargar Aspar Stefánsdóttur.

ætti þvert á móti að vera orðið auðveldara eftir nýlegar breytingar.

Vilborg gerði það að tillögu sinni að aðildarfélög gætu fengið handrit send á tölvutæku formi sér að kostnaðarlausu. Hún óskaði einnig eftir að fram kæmi hrein tillaga að leikhúsrottu ef eitthvað ætti að vera hægt að gera með þá hugmynd.

Hrefna varaði við að farið yrði í stórtæka dreifingu á handritum án þess að fyrst sé rætt við hlutaðeigandi aðila þar sem slíkt væri á dökkgráu svæði lagalega.

Hörður sagði að það lægi ekki á að þessi fundur samþykkti svona tillögu, það væri eðlilegra að stjórn, framkvæmdastjóri og handritasafnsnefnd mótuðu tillögur um hvernig dreifingu tölvutækra handrita yrði háttáð.

Hópur 4 lagði fram eftirfarandi tillögu:  
Við leggjum til að stefnt verði að því að halda einpáttungahátíð í tengslum við aðalfund 2011.

Tillaga stjórnar að Starfsáætlun Bandalagsins 2010 borin upp og samþykkt, að viðbættri tillögu hóps 4.

### **Starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2010–2011**

#### *Almenn starfsemi:*

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.
2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.
3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksyningu ársins.

#### *Sérverkefni ársins*

1. Halda NEATA-leiklistarhátíð á Akureyri 10.–15. ágúst 2010.
2. Stefnt skal að því að halda einpáttungahátíð í tengslum við aðalfund 2011.

*Fundi frestað til næsta dags.*

#### **15. Stjórnarkjör.**

Úr stjórn áttu að ganga Guðfinna Gunnarsdóttir, Hörður Sigurðarson og Ingólfur Þórsson en þeir tveir síðastnefndu gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Til aðalstjórnar gáfu kost á sér auk ofangreindra:  
Ása Hildur Guðjónsdóttir, Halaleikhópnum  
Gerður Sigurðardóttir, Leikfélaginu Sýnir og Leikfélagi Selfoss  
Ólöf Þórðardóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar  
Halldór Sigurgeirsson, Freyvangsleikhúsinu

Frambjóðendur kynntu sig.

Sigríður Lára bað um orðið og kvaðst hafa þá skoðun að stjórnina ætti að skipa fólk frá sem flestum leikfélögum og þar sem hún væri ein af þremur úr sama leikfélagi hefði hún að vandlega ígrunduðu máli ákveðið að segja sig úr stjórn.

Gerður sagðist vera sammála Sigríði Láru og dró framboð sitt einnig til baka.

Í aðalstjórn hlutu kosningu til tveggja ára Guðfinna Gunnarsdóttir, Ása Hildur Guðjónsdóttir og Halldór Sigurgeirsson og til eins árs Ólöf Þórðardóttir.

Úr varastjórn áttu að ganga Halla Rún Tryggvadóttir og Hjalti Stefán Kristjánsson og gáfu bæði kost á sér. Auk þeirra gáfu kost á sér Bernharð Arnarson og Theódór Ólafsson. Halla Rún



Feimnir fundargestir.

og Bernharð hlutu kosningu til tveggja ára og Hjalti til eins árs.

#### 16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.

Embla Guðmundsdóttir, Gerður Sigurðardóttir og Dýrleif Jónsdóttir voru endurkjörnar í kjörnefnd og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir kosin varamaður.

#### 16. b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.

Hrefna Friðriksdóttir og Anna Jórunn Stefánsdóttir, Leikfélagi Hveragerðis, voru endurkjörnar sem félagslegir skoðunarmenn og Júlía Hannam, Hugleik, til vara.

#### 17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.

Árgjaldið var afgreitt undir lið 13.

#### 18. Önnur mál

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir benti fólki á boð á námskeið í leikmyndahönnun frá leiklistarskóla MÁF í Færeyjum og mælti eindregið með að leikfélög sendu einhvern á það.

Vilborg vakti athygli fundarins á alþjóðlegu leiklistarhátíðinni í Tromsø í Noregi 2011 og bauð fundarmönnum eintök af Handbók leikstjórans.

Íris Árný Magnúsdóttir, Leikfélagi Selfoss, þakkaði fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf og sína upplifun af fundinum sem henni fannst afar jákvæð.

Halldór Sigurgeirsson þakkaði fyrir kjörið, þakkaði Hörgdælum samstarfið og þakkaði staðarhaldara að Sveinbjarnargerði fyrir góðar móttökur.

Bernharð þakkaði Halldóri fyrir góð störf við undirbúning fundarins.

Porgeir ítrekaði boð Færeyinga, sagði kennarann afar færnan og skemmtilegan.

Guðfinna þakkaði fyrir kjörið og fráfarandi stjórn fyrir samstarfið.

Vilborg þakkaði fráfarandi stjórn fyrir samstarfið og bauð nýja stjórn velkomna til starfa.

#### 19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stund og stað.

Ólöf Þórðardóttir, Leikfélagi Mosfellsveitar bauð fyrir hönd félagsins til aðalfundar að ári.

Fundarstjóri þakkaði fyrir sig og gaf formanni orðið.

Porgeir þakkaði fráfarandi stjórnarfólki fyrir samstarfið og bauð nýtt fólk velkomið til starfa. Þakkaði Leikfélagi Hörgdæla og Freyvangsleikhúsinu fyrir vel undirbúinn fund og þakkaði jafnframt Leikfélagi Mosfellsveitar fyrir boð á aðalfund að ári. Benti á að mörg bryn verkefni séu framundan. Að því loknu sleit hann fundi.

*Fundargerð rituðu:*

*Ármann Guðmundsson og Guðfinna Gunnarsdóttir*

# Ársreikningur 2010

## Bandalag íslenskra leikfélaga

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>Bls.</b>
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	2
Áritun endurskoðenda .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5 - 6
Skýringar og sundurliðanir .....	7 - 8



2

## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags Íslenskra Leikfélaga Staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2009 með áritun sinni.

Reykjavík 14/3 2010

Stjórn:

*Þórunn Þórunn*  
*Guðfinna Gunnarsdóttir*  
*Ólafur Guðmundsson*  
*Þorgeir Þorgeirsson*  
*Þorgeir Þorgeirsson*

Framkvæmdastjóri:

*Vilborg Vágarðsd.*

## Áritun endurskoðenda

### Til stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag Íslenskra leikfélaga fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, og skýringar nr. 1 - 7.

Við höfum skýpulgát og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag Íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Bandalagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannræynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju, og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máll koma þar fram.

Reykjavík 15/2 2010

PricewaterhouseCoopers hf

  
Dýri Guðmundsson  
Dýri Guðmundsson

Við undirritaðar, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2009 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík 9. mars 2010

  
Anna Jörunn Stefánsdóttir  
Anna Jörunn Stefánsdóttir

  
Hrefna Friðriksdóttir  
Hrefna Friðriksdóttir

4

## Rekstrarreikningur ársins 2009

	Skýringar	2009	2008
<b>Rekstrartekjur</b>			
Árgjöld aðildarfélaganna .....		2.780.000	2.080.000
Ríkissjóðsstyrkur .....		8.774.437	9.819.833
Leiklistarskóli BÍL .....	1	2.336.600	1.960.000
www.leiklist.is .....	2	54.410	32.754
Skrifstofumót .....		0	1.494.000
Söluhagnaður .....		0	5.910.000
Aðrar tekjur .....	3	2.079.914	1.144.683
		<u>16.025.361</u>	<u>22.441.270</u>
<b>Sala og útleiga:</b>			
Sala á bókum .....		-17.477	570.865
Sala á farða .....		2.561.762	2.555.397
Sala á handritum .....		289.519	238.024
		<u>2.833.805</u>	<u>3.364.286</u>
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		<b>18.859.166</b>	<b>25.805.556</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
<b>Kostnaðarverð seldra vara og fleira:</b>			
Faról .....		1.979.112	2.153.835
Handrit .....		565.721	273.909
Bækur .....		4.579	1.247.874
Þingabreyting .....		275.205	-3.356.458
Afskrifaðar ónýtar vörur .....		18.392	38.751
		<u>2.843.009</u>	<u>357.911</u>
Leiklistarskóli BÍL .....	1	2.418.949	1.936.972
www.leiklist.is .....	2	260.825	82.901
Skrifstofumót .....		0	1.152.509
NEATA-hátíð 2010 .....		55.810	0
Laun og launatengd gjöld .....	4	8.424.114	7.756.674
Húsaleiga og viðhald .....		3.755.227	2.574.708
Ýmis rekstrarkostnaður .....	5	3.198.550	3.687.147
Afskrifur fastafjármuna .....	6	177.930	201.913
Vaxtagjöld .....		145.140	75.405
		<u>18.436.545</u>	<u>17.468.229</u>
		<b>21.279.554</b>	<b>17.826.140</b>
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<u><u>-2.420.388</u></u>	<u><u>7.979.416</u></u>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2009**

<b>Eignir</b>	<b>Skýringar</b>	<b>2009</b>	<b>2008</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Innréttingar og húsbúnaður .....		331.109	391.199
Áhöld og tæki .....		<u>344.304</u>	<u>143.439</u>
		675.413	534.638
<b>Veltufjármunir</b>			
Blgðir .....	7	4.598.748	4.892.345
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		214.358	413.204
Handbært fé .....		12.912.891	1.817.541
Útistandandi vegna sölu fasteignar .....		<u>9.701.922</u>	<u>23.943.173</u>
		27.427.919	31.066.263
<b>Eignir samtals</b>		<u>28.103.331</u>	<u>31.800.901</u>

6

**Efnahagsreikningur 31. desember 2009**

<b>Eiglð fé og skuldir</b>	<b>Skýringar</b>	<b>2009</b>	<b>2008</b>
<b>Eiglð fé</b>			
Höfuðstóll 1.1. ....		29.227.937	21.248.520
Rekstrarhagnaður (tap) .....		-2.420.388	7.979.417
		<u>26.807.549</u>	<u>29.227.937</u>
<b>Skuldir:</b>			
Bankareikningslán .....		962.880	1.414.846
Ýmsir skuldheimlumenn .....		71.065	368.259
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....		<u>261.838</u>	<u>589.850</u>
		1.295.783	2.372.955
 <b>Eiglð fé og skuldir samtals</b>		 <u>28.103.332</u>	 <u>31.600.892</u>

## Skýringar

### 1. Leiklistarskóli BÍL

	2009	2008
<b>Tekjur</b>		
Ljósanámskeið - Þáttökugjöld nemenda .....	357.600	0
Gervi og leikbúningar - Þáttökugjöld nemenda .....	245.000	0
Húsbakki - Þáttökugjöld nemenda .....	1.734.000	1.960.000
	<u>2.336.600</u>	<u>1.960.000</u>

### Gjöld

Ljósanámskeið .....	259.868	0
Gervi og leikbúningar .....	296.705	0
Húsbakki .....	1.862.376	1.936.972
	<u>2.418.949</u>	<u>1.936.972</u>

### 2. www.leiklist.is

#### Tekjur

Auglýsingatekjur .....	48.410	29.754
Skráningagjöld .....	6.000	3.000
	<u>54.410</u>	<u>32.754</u>

#### Gjöld

Hýsing vefs og áskrift þjónustu .....	87.121	59.986
Viðhald og endurbætur .....	173.704	22.915
	<u>260.825</u>	<u>82.901</u>

### 3. Aðrar tekjur

Vaxtatekjur .....	1.868.020	967.789
Tekjur vegna innheimtu höfundalauna .....	211.894	122.109
Bætur vegna innbrots .....	0	54.785
	<u>2.079.914</u>	<u>1.144.683</u>

### 4. Laun og launatengd gjöld

Laun starfsfólks .....	5.851.914	5.496.355
Verktakalaun .....	0	0
Lífeyrissjóðsgjöld .....	585.180	542.633
Sjúkra- og orlofssjóður .....	92.470	82.921
Tryggingagjald .....	398.562	322.205
Dagpeningar .....	1.495.988	1.312.560
	<u>8.424.114</u>	<u>7.756.674</u>

### 5. Ýmis rekstrarkostnaður

	2009	2008
Rafmagn, hiti og ræsting .....	368.365	379.106
Fasteinagjöld .....	0	266.347
Vátryggingar .....	72.231	109.748
Akstur og burðargjöld .....	178.800	199.824
Símakostnaður .....	77.390	80.203
Rífföng .....	33.432	57.172

8

**Skýringar**

Greiðsluseðlar og þjónustugjöld .....	81.209	66.093
Rekstur tölvukerfis .....	19.990	89.951
Kaffi og hreinlætisvörur .....	54.772	54.003
Kynningarstarf og auglýsingar .....	0	174.871
Stjórnarfundir .....	129.080	252.830
Aðalfundur BÍL .....	814.523	772.542
Innheimtur kostnaður vegna aðalfundar BÍL .....	(572.900)	(500.000)
Haustfundur .....	644.925	192.629
Innheimtur kostnaður vegna haustfundar .....	(436.000)	(88.000)
Kostnaður vegna nefnda .....	64.971	30.681
Kostnaður v/funda NAR, NUTU, NEATA og IATA .....	578.489	388.015
Félagsgjald IATA .....	101.379	77.669
Félagsgjald NAR .....	182.557	115.460
Félagsgjald Leiklistarsambands Íslands .....	20.000	20.000
Félagsgjald húseigendafélagsins .....	0	5.250
Ársuppgjör og kostnaður v/ændurskoðunar .....	186.190	157.492
Pappír og prentun .....	0	322.672
Áskrift og bókakaup .....	10.250	25.521
Gjafir .....	17.845	31.305
Útgáfa ársrits .....	144.266	174.108
Smááhöld á skrifstofu .....	2.995	75.956
Stuttverkahálfín Margt smátt .....	357.531	0
Annar kostnaður .....	9.800	19.870
Afskrifaðir reikningar .....	21.948	100.000
Fjármagnstekjuskattur .....	34.532	15.829
	<u>3.198.550</u>	<u>3.687.147</u>

**6. Varanlegir rekstrarfjármunir**

	Innréttingar og húsbúnaður	Tölvur og tæki	Samtals
Heildarverð 1/1 .....	833.908	2.266.825	3.100.733
Selt á árinu .....			
Fjárfest á árinu .....	22.410	296.295	318.705
Heildarverð 31/12 .....	856.318	2.563.120	3.419.438
Afskrifað 1/1 .....	442.709	2.123.386	2.566.095
Afskrifað á árinu .....	82.500	95.430	177.930
Afskrifað 31/12 .....	525.209	2.218.816	2.744.025
Bókfært verð 31/12 .....	<u>331.109</u>	<u>344.304</u>	<u>675.413</u>

**7. Birgðir**

2009

2008

Birgðir greinast þannig:

Handrit .....	53.000	53.000
Saga BÍL, bókabirgðir .....	2.165.094	2.145.047
Farði .....	2.380.654	2.694.298
	<u>4.598.748</u>	<u>4.892.345</u>

# Lög Bandalags íslenskra leikfélaga

## 1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Þjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

## 3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. Að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. Að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. Að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemi þarfnast.
4. Að útvega leikverk og sjá um fjölritun þeirra eða útgáfu.
5. Að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. Að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
8. Að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi. Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð.

## 4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistarinnar sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Inngöngubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Stjórn Bandalagsins afgreiðir inngöngubeiðni og leggur samþykktar beiðni fram til staðfestingar á aðalfundi. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélag greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldldagi árgjalda er 1. september.

## 5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

## 6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skulu fylgja reikning-

ar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

b) Verkefni aðalfundar skulu vera:

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
6. Skýrsla stjórnar.
7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfs-hópa.
  11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
  12. Lagabreytingar.
  13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
  14. Starfsáætlun afgreidd.
  15. Stjórnarkjör.
  16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
    - b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.
  17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
  18. Önnur mál
  19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundur og aukafundur eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

e) Fundargerðir aðalfunda skulu samþykktar af stjórn og birtar á leiklistarvefnum.

## 7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er



kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundum og hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema þegar þeir taka sæti í aðalstjórn vegna forfalla aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfundna. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundum á ári og skulu fundargerðir sendar út til félaganna. Fundur er lögmeður ef minnst þrjú aðalmenn mæta.

## 8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi og öðrum fundum bandalagsins. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði á aðalfundi.

## 9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

## 10. grein

Stjórn skipar nefndir til að sinna þeim verkefnum sem þurfa þykir, eða kveðið er á um í starfsáætlun. Stjórn afhendir hverri nefnd skipunarbréf þar sem kveðið er á um hlutverk nefndarinnar. Nefndir starfa eftir tímaramma og gera stjórn grein fyrir framvindu mála sé þess óskað. Nefndir skila skýrslu á aðalfundi.

## 11. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

## 12. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir skoðunarmenn reikninga eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

## 13. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Á sama tíma skulu stjórnir aðildarfélaganna skila greinargerð um starfsemi ársins til birtingar í ársriti Bandalagsins. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

## 14. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

## 15. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi féla-

gi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur víkið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

## 16. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

## 17. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Óheimilt er að koma með sama verk til sýningar og verið er að æfa eða sýna á staðnum. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

## 18. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarféлага, til stjórnar Bandalagsins.

## 19. grein

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykktir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4–6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

*Samþykkt á aðalfundi í Skagafirði 3. maí 2008.*

## Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2009–2010

Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram í sautjándan sinn. Alls sóttu níu leikfélög um með átta sýningar, og var fjöldi þeirra leikfélaga sem tóku þátt nokkuð undir meðallagi, en til samanburðar má nefna að í fyrra sóttu átján leikfélög um með tuttugu sýningar. En að vanda var það skemmtilegt verkefni að skoða sýningarnar sem sóttu um.

Í dómnefnd í ár sátu Friðrik Friðriksson leikari, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, leiklistarráðunautur Þjóðleikhússins og Þórhallur Sigurðsson leikstjóri, en Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri var formaður nefndarinnar.

*Eftirtalin leikfélög sóttu um með þessar sýningar:*

**Halaleikhópurinn** sýndi **Sjöundá** – Svartfugl eftir Gunnar Gunnarsson í leikstjórn Ágústa Skúladóttur, en Ágústa gerði jafnframt leikgerð ásamt Þorgeiri Tryggvasyni og leikhópnum. Hugkvæmni og sterk dramatísk tilfinning einkenndi þessa nýstárlegu útfærslu af atburðunum á Sjöundá.

**Hugleikur** sýndi **Hannyrðir og hagleiksmenn** eftir Sigurð H. Pálsson í leikstjórn Guðmundar Erlingssonar, skemmtilega kómískt verk um heim karlmanna, þar sem nálægð leikaranna við áhorfendur naut sín vel.

**Hugleikur** sýndi einnig **Rokk** eftir Ástu Gísladóttur, Júlíu Hannam, Sigurð H. Pálsson og Þórarín Stefánsón í leikstjórn Þorgeirs Tryggvasonar og Huldu B. Hákonardóttur. Hér réði nýsköpun ríkjum í texta og tónlist, og leikarar nutu sín vel í kraftmikilli sýningu.

**Leikdeild Skallagríms** sýndi **Gullna hliðið** eftir Davíð Stefánsón. Leikstjóri var Rúnar Guðbrandsson. Fjöldi leikara tók þátt í að glæða þetta gamla og vinsæla leikrit lífi, í sýningu þar sem yngri og eldri félagsmenn sýndu mikla leikgleði.

**Leikdeild UMF Biskupstungna** sýndi **Undir hamrinum** eftir Hildi Þórðardóttur. Leikstjóri var Gunnar Björn Guðmundsson. Þetta var hressileg uppfærsla á gamansömu verki um gamla tíma.

**Leikdeild UMF Eflingar** sýndi **Ólafíu** eftir Hörð Þór Benónýsson í leikstjórn Arnórs Benónýssonar. Hér var á ferðinni lipurlega skrifað nýtt verk eftir félagsmann, þar sem sjónum var beint að lífi unga fólksins, og ungir félagsmenn fengu að njóta sín í samvinnu við þrautreynda eldri leikara.

**Leikfélag Kópavogs** sýndi **Umbúðalaust** eftir Vigdísí Jakobsdóttur og leikhópin, en Vigdís leikstýrði jafnframt sýningunni. Umbúðalaust er stílhrein og vel unnin „devised“ sýning, þar sem leikhópurinn lét málefni samfélagsins og fólksins sem það byggir til sín taka.

**Leikfélag Selfoss** sýndi **Birtíng** eftir Voltaire í leikgerð Hafnarfjarðarleikhússins. Leikstjóri var Ólafur Jens Sigurðsson. Útlit þessarar metnaðarfullu sýningar var einstaklega fallegt, þar sem mikið var lagt í búninga og leikgervi, og hugvitssamleg leikmynd var nýtt skemmtilega með litríkri lýsingu.

**Leikfélag Ölfuss** sýndi **Maður í mislitum** sokkum eftir Arnmund Backman. Leikstjóri var Gunnar Björn Guðmundsson. Leikarar félagsins létu sig ekki muna um að stökva upp um eina eða tvær kynslóðir í þessari gamansömu útfærslu á leikriti um líf og stöðu gamals fólks.



*Lógó sýningarinnar*



*Tinna Gunnlaugsdóttir, Þjóðleikhússtjóri, afhendir Þorgeiri Tryggvasyni, formanni Bandalagsins og öðrum af leikstjórum Rokks, viðurkenninguna fyrir Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins.*

Eins og heyra má sáum við margar skemmtilegar sýningar, en dómnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að velja að þessu sinni sem athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2009–2010 sýningu Hugleiks á Rokki.

Umsögn dómnefndar um sýninguna er svohljóðandi:

Rokk er kröftug sýning, þar sem leikur og tónlist njóta sín sérlega vel í skemmtilegri blöndu af gamni og alvöru. Sögu sviðið er æfingarými sem tvær hljómsveitir deila með sér án þess að þekkja nokkuð fyrir. Önnur er hefðbundin karlahljómsveit, hin kvennahljómsveit, en sambýlið leiðir fljótlega af sér margháttaða togstreitu og kostuleg atvik, og auðvitað er ástin fljót að fara á kreik við þessar aðstæður. Persónur hljómsveitameðlimanna eru dregnar skýrum og skemmtilegum dráttum, ekki síður en dularfulli uppgjafapopparinn og húsnæðiseigandinn, sem virðast fylgja í kaupunum. Tónlistarflutningurinn er góður og kraftmikill, og í heildina er Rokk leikfélagsins Hugleiks bráðskemmtileg, fjörug og hugmyndarík leiksýning. Það er gaman að nota tækifærið og hrósa leikfélaginu Hugleik fyrir einstaklega öflugt starf í gegnum tíðina, þar sem fjöldi nýrra leikverka, styttri sem lengri, hefur orðið til í samspili félaga í leikfélaginu.

Þjóðleikhúsið óskar Hugleik til hamingju og býður leikfélaginu að koma og sýna Rokk í Þjóðleikhúsinu um miðjan júní.

## Hugleikur í Þjóðleikhúsinu



Flosi Þorgeirsson í ham sem Jens Leó.



Dýrleif Jónsdóttir og Eggert Hilmarsson brosa sínu breiðasta.



Þorgeir Tryggvason, Guðmundur Erlingsson, Sigurður H. Pálsson, Þórarinn Stefánsson og Hulda B. Hákonardóttir skála fyrir vel heppnaðri sýningu í Þjóðleikhúsinu.



Jón Svavar Jósefsson og Thomas Brorsen Smidt stilla sér upp fyrir myndatöku. Tinna Gunnlaugsdóttir, Þjóðleikhússtjóri, laumar sér með.



Flosi Þorgeirsson og Baldur Ragnarsson leggja á ráðin.



Stelpurnar í stuði, Helga Ragnarsdóttir, Hildur Halldórsdóttir, Guðrún Sóley Sigurðardóttir, Elísabeth Lind Ingólfssdóttir og Ösp Kristjánsdóttir í góðum fíling.

## Verkefni og skýrslur stjórnar aðildarfélaganna leikárið 2009–2010



*María, asninn og gjaldkerarnir*

### **Borgarbörn, barna- og unglíngaleikhús í Reykjavík**

#### **Ævintýrprinsinn**

Höfundur og leikstjóri: Erla Ruth Harðardóttir  
Þátttakendur: 13      Sýningar: 7      Áhorfendur: 350

#### **María, asninn og gjaldkerarnir**

Höfundur: Erla Ruth Harðardóttir  
Leikstjóri: Gunnar Helgason  
Þátttakendur: 38      Sýningar: 21      Áhorfendur: 1150

### **Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði**

#### **Dýrin í Hálsaskógi**

Höfundur: Thorbjörn Egner  
Þýðendur: Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk  
Leikstjóri: Ingunn Jensdóttir  
Þátttakendur: 40      Sýningar: 30      Áhorfendur: 3907

#### **Memento mori**

Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir  
Leikstjóri: Daníel Freyr Jónsson  
Þátttakendur: 12      Sýningar: 7      Áhorfendur: 160

#### **DE-TOX (Kabarett)**

Höfundar: Jóhann Axel Ingólfsson og leikhópurinn  
Leikstjóri: Jóhann Axel Ingólfsson  
Þátttakendur: 30      Sýningar: 2      Áhorfendur: 230



*Ævintýrprinsinn*

#### **Skýrsla stjórnar:**

Í stjórn Freyvangsleikhússins sátu:  
*Halldór Sigurgeirsson, formaður*  
*Jónsteinn Aðalsteinsson, varaformaður*  
*Daníel Freyr Jónsson, ritari*  
*Ingólfur Þórsson, gjaldkeri*  
*Gréta Jónsteinsdóttir, meðstjórnandi*

Aðalfundur Freyvangsleikhússins var haldinn 3. september. Þar var verkefnafrá vetrarins samþykkt, en sett voru upp þrjú verk: Memento mori eftir Hrefnu Friðriksdóttur, Kabarett Freyvangsleikhússins 2009 og Dýrin í Hálsaskógi eftir Thorbjörn Egner. Þetta er í fyrsta sinn sem Freyvangsleikhúsið ræðst í að setja upp þrjú verk á sama starfsárinu. Lengi hafði verið áhugi á því að setja eitthvað upp að hausti sem væri umfangsminna en aðalsýning vetrarins og með öðru sniði en hefðbundin starfsemi félagsins. Þetta verkefni fékk nafnið Haustverkefni Freyvangsleikhússins og var markmiðið að félagsmenn kæmu sjálfir að sem flestum þáttum sýningarinnar, s.s. ljósa-, sviðs- og búningahönnun sem og leikstjórn. Memento mori í leikstjórn Daníels Freys Jónssonar var frumsýnt 2. október og sýnt 7 sinnum í litla sal Freyvangsleikhússins fyrir 170 áhorfendur.

Föstudaginn 6. nóvember og laugardaginn 7. nóvember var kabarett Freyvangsleikhússins, DE-TOX, sýndur fyrir fullu húsi. Leikstjóri var Jóhann Axel Ingólfsson en handrit eftir þátttakendur í verkinu.

Aðalverkefni vetrarins var Dýrin í Hálsaskógi eftir Thorbjörn Egner í leikstjórn Ingunnar Jensdóttur. Samlestrar hófust í nóvember og var sérstaklega áberandi hve margir krakkar sóttust eftir að taka þátt og komust færri að en vildu. Eftir skemmtilegt æfingatímabil var frumsýnt laugardaginn 20. febrúar og naut sýningin strax frá upphafi talsverðrar hylli. Sýningum lauk laugardaginn 8. maí eftir 23 sýningar og höfðu þá yfir 4000 áhorfendur komið á sýninguna.

Um vorið barst Freyvangsleikhúsinu sú gleðifrét að roksöngleikurinn Vín-



*Dýrin í Hálsaskógi*

land, sem var aðalsýning vetrarins 2008–2009, hefði verið valin á NEATA-hátíðina sem fór fram í menningarhúsinu Hofi á Akureyri 10.–15. ágúst 2010. Vínland var lokasýning hátíðarinnar og var sýnd í fullum stóra sal Hofi sem tekur 500 manns í sætu og þurftu margir frá að hverfa. Lauk þannig umfangsmesta starfsári Freyvangsleikhússins hingað til en margt bendir til að næsta starfsár verði jafnvel enn frekar önnum hlaðið.

## Halaleikhópurinn, Reykjavík

### Sjöundá – Svartfugl Gunnars Gunnarssonar

Höfundar: Gunnar Gunnarsson, Ágústa Skúladóttir, Þorgeir Tryggvason og leikhópurinn

Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir

Þátttakendur: 32 Sýningar: 12 Áhorfendur: 433



Memento mori

### Bara biða

Höfundur: Júlía Hannam

Leikstjóri: Gunnar Gunnarsson, Günsó

Þátttakendur: 8 Sýningar: 2 Áhorfendur: 82



Sjöundá - Svartfugl Gunnars Gunnarssonar

### Þykist þú eiga veski

Höfundur: Fríða B. Andersen

Leikstjóri: Árni Salomonsson

Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 82

### Hærra minn guð til þín

Höfundur: Ylfa Mist Helgadóttir

Leikstjóri: Gunnar Gunnarsson, Günsó

Þátttakendur: 16 Sýningar: 2 Áhorfendur: 82



Hærra minn Guð til þín

### Prinsipp

Höfundur: Örn Alexandersson

Leikstjóri: Árni Salomonsson

Þátttakendur: 2 Sýningar: 2 Áhorfendur: 82

### Aftur á sviði!

Höfundur: Fríða B. Andersen

Leikstjóri: Árni Salomonsson

Þátttakendur: 8 Sýningar: 2 Áhorfendur: 93

### Snemma beygist krókurinn

Höfundur: Nína Björk Jónsdóttir

Leikstjóri: Árni Salomonsson

Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 93

### Reköldin – brot úr óperu

Höfundur: Dagur Sigurðarson og Einar Melax

Leikstjórar: Einar Melax og Gunnar Gunnarsson, Günsó

Þátttakendur: 7 Sýningar: 2 Áhorfendur: 93

### Skýrsla stjórnar:

Í stjórn voru:

Ása Hildur Guðjónsdóttir, formaður

Höskuldur P. Höskuldsson, varaformaður

Kristín M. Bjarnadóttir, gjaldkeri

Anna Guðrún Sigurðardóttir, ritari

Stefanía Björk Björnsdóttir, meðstjórnandi

Í varastjórn voru: Guðríður Ólafsdóttir, Einar P. Andrésson og Elísa Ósk

Haldórsdóttir.

Haldnir voru tveir félagsfundir, einn þankaroksfundur og 19 stjórnarfundir.

Kaffleikhús Halaleikhópsins var haldið 21. maí og 1. júní 2009 þar sem sýnd voru stuttverkin Miðvikudagur í helvíti, eftir Ármann Guðmundsson, Bara tjiλλα eftir Jónínu Leósdóttur og Einleikur fyrir höfund og leikara eftir Benóný Ægisson í leikstjórn Gunnars Gunnarssonar. Einnig sýndi Hjólastólasveitin Kókosbollu hó ó pónó í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Einnig voru flutt tónlistaratriði, Nafla-Jón, Tóbias og Daníel, Lister og Dúó Gísla Blikk.



Prinsipp



Aftur á sviði!



Reköldin



Snemma beygdist krókurinn



Þykist þú eiga veski



Rokk

Einn Haladagur var haldinn 18. júlí 2009, í Krika við Elliðavatn, þar sem m.a. voru leiklesin leikrit.

Tveir meðlimir stjórnar, þær Ása Hildur Guðjónsdóttir og Guðríður Ólafsdóttir fóru á haustfund BÍL 2009 sem haldinn var á Öngulsstöðum í Eyjafirði. Daníel Þórhallsson sótti námskeið hjá Leiklistarskóla BÍL 2009 og Ása Hildur Guðjónsdóttir sótti námskeið í búningum og gervi og gagnrýnskriðum.

Haustleikar Halaleikhópsins voru haldnir 17. og 18. október 2009. Sýnd voru stuttverkin Bara biða eftir Júlíu Hannam, Hærra minn guð til þín eftir Ylfu Mist Helgadóttur í leikstjórn Gunnars Gunnarssonar, Þykist þú eiga veski eftir Friðu Bonnie Andersen og Prinsipp eftir Örn Alexandersson í leikstjórn Árna Salomonssonar. Leikverkið Hærra minn guð til þín eftir Ylfu Mist var síðan sýnt á Margt smátt, stuttverkahátíð BÍL 10. október 2009.

Ágústa Skúladóttir samdi ásamt Þorgeiri Tryggvasyni og leikhópnum nýja leikgerð sem nefnd var „Sjöundá – Svartfugl Gunnars Gunnarssonar“. Hófust æfingar 1. nóvember 2009 og var frumsýnt 5. febrúar 2010. Aðsóknarmet var slegið á sýningunni en alls sóttu hana 433 manns og var gerður góður rómur að sýningunni.

Vorhristingur Halaleikhópsins var haldinn 14. og 16. maí 2010 þar sem sýnd voru stuttverkin Aftur á svið eftir Friðu Bonnie Andersen og Snemma beygdist krókurinn eftir Nínu Björk Jónsdóttur í leikstjórn Árna Salomonssonar. Frumflutt var brot úr óperunni Reköldin, eftir Einar Melax og Dag Sigurðarson í leikstjórn Einars Melax og Gunnars Gunnarssonar, tekið var fyrir 4. svið, gjörningurinn Prinsinn Þáskar Party pinnast í flutningi Leifs Leifssonar og Saga úr símaklefa eftir Freddy í flutningi höfundar. Einnig tónlistaratriðið Conductive í flutningi Daníels Þórhallssonar og Tobias Hausner.

Ása Hildur Guðjónsdóttir fór á aðalfund Bandalagsins 2010 og var þar kosin í aðalstjórn BÍL.

## Hugleikur, Reykjavík

### Rokk

Höfundur: Ásta Gísladóttir, Júlía Hannam, Sigurður H. Pálsson og Þórarinn Stefánsson

Leikstjórar: Hulda Björg Hákonardóttir og Þorgeir Tryggvason  
Þátttakendur: 22      Sýningar: 10      Áhorfendur: 650

### Hannyrðir og hagleiksmenn

Höfundur: Sigurður H. Pálsson

Leikstjóri: Guðmundur Erlingsson

Þátttakendur: 15      Sýningar: 5      Áhorfendur: 150

### Án titils

Höfundur: Rosa Liksom

Þýðandi: Kristín Mäntylä

Leikstjóri: Agnar Jón Egilsson

Þátttakendur: 3      Sýningar: 2      Áhorfendur: 80

### Happasteinn

Höfundur: Ásta Gísladóttir

Leikstjóri: Agnar Jón Egilsson

Þátttakendur: 4      Sýningar: 2      Áhorfendur: 80

### Hvað er bak við ystu sjónarrönd...

Höfundur: Svanlaug Jóhannsdóttir

Leikstjóri: Agnar Jón Egilsson

Þátttakendur: 3      Sýningar: 2      Áhorfendur: 80

### Snakk

Höfundur: Júlía Hannam

Leikstjóri: Agnar Jón Egilsson

Þátttakendur: 4      Sýningar: 2      Áhorfendur: 80

**Snyrting**

Höfundur: Nína Björk Jónsdóttir

Leikstjóri: Agnar Jón Egilsson

Þátttakendur: 4 Sýningar: 2 Áhorfendur: 80

**Parna úti**

Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir

Leikstjóri: Agnar Jón Egilsson

Þátttakendur: 4 Sýningar: 2 Áhorfendur: 80

**8**

Höfundur og leikstjóri: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 60

**Jól í fæðingu**

Höfundur: Árni Friðriksson

Leikstjóri: Hörður S. Dan.

Þátttakendur: 5 Sýningar: 2 Áhorfendur: 60

**Mamm'ennar Evu**

Höfundur: Unnur Guttormsdóttir

Leikstjóri: Hörður S. Dan.

Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 60

**Heimsókn**

Höfundur: Árni Friðriksson

Leikstjóri: Ásta Gísladóttir

Þátttakendur: 8 Sýningar: 2 Áhorfendur: 40

**Í sjálfheldu**

Höfundur: Árni Friðriksson

Leikstjóri: Sigurður H. Pálsson

Þátttakendur: 8 Sýningar: 2 Áhorfendur: 40

**Norðurljós**

Höfundur: Hjörvar Pétursson

Leikstjóri: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Þátttakendur: 10 Sýningar: 2 Áhorfendur: 40

**Stuldur**

Höfundur: Sigurður H. Pálsson

Leikstjóri: Árni Friðriksson

Þátttakendur: 8 Sýningar: 2 Áhorfendur: 40

**Sælla er að gefa**

Höfundur: Ásta Gísladóttir

Leikstjóri: Kristín Nanna Vilhelmsdóttir

Þátttakendur: 6 Sýningar: 2 Áhorfendur: 40

**Skýrsla stjórnar:**

Í stjórn Hugleiks leikárið 2009–2010 sátu Ásta Gísladóttir gjaldkeri, Guðrún Eysteinsdóttir ritari, Kristín Nanna Vilhelmsdóttir varaformaður, Silja Björk Huldudóttir formaður og Þórarinn Stefánsson meðstjórnandi. Í varastjórn sátu Árni Hjartarson, Þorgeir Tryggvason og Þráinn Sigvaldason. Stjórnin fundaði alls 18 sinnum og kann ég henni bestu þakkir fyrir störf sín.

**Margt smátt**

Leikárið hófst með þátttöku Hugleiks á stuttverkahátíð Bandalags íslenskra leikfélaga, Margt smátt, sem haldin var í fimmta sinn í Félagsheimili Seltjarnarness 10. október sl. Í þetta sinn var vinum okkar Færeyingum boðið til leiks, en þeir hafa verið að fíkra sig áfram með stuttverkaformið síðustu misseri. Auk Hugleiks tóku sex leikfélög þátt í hátíðinni. Alls voru sýnd 18 stuttverk, þar af sex frá Hugleik og fimm frá Meginfélag áhugaleikara Færoya. Verkin sem Hugleikur sýndi voru: Ár og öld eftir Þórunni Guðmundsdóttur í leikstjórn Þorgeirs Tryggvasonar, Ári síðar eftir Árna Friðriksson í leikstjórn Hjörvars Péturssonar, Bara bíða eftir Júlíu Hannam í leikstjórn höfundar, Englar í snjónum eftir Unni Guttormsdóttur í leikstjórn Sigrúnar Óskarsdóttur, Notaleg kvöldstund eftir Þórunni Guðmundsdóttur í leikstjórn

*Hannyrðir og hagleiksmenn**Happasteinn**Snyrting**Norðurljós**Í sjálfheldu*



Stuldur



Parna úti



Hvað er bak við ystu sjónarrönd...



Sælla er að gefa



Heimsóknin

Ástu Gísladóttur og Sigurvegari eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur í leikstjórn Júlíu Hannam. Auk þess má geta þess að Halaleikhópurinn sýndi stuttverk-ið Hærra minn guð til þín eða Prívathagsmunir eiga ekki við hér eftir Hugleik-arann Ylfu Mist Helgadóttur. Alls komu á þriðja tug Hugleikara að stuttverka-hátíðinni.

#### Námskeið

Tvö námskeið voru haldin á leikárinu. Það fyrra var einleikjanámskeið sem Agnar Jón Egilsson stýrði í september og október, en seinna námskeiðið var Complete Vocal Technique-söngnámskeið sem Þórhildur Örvarsdóttir kenndi í nóvember og desember. Bæði námskeiðin voru með masterclass-sniði og var góður rómur gerður að þeim í hópi þátttakenda sem voru átta á námskeiði Agnars Jóns en 12 á námskeiði Þórhildar.

#### Þetta er ekki einleikið

Í byrjun nóvember (1. og 2. nóvember) var fyrsta formlega frumsýningin í húsnæði Hugleiks þegar sýnd var sýningin Þetta er ekki einleikið. Þar var um að ræða afraksturinn af einleikjanámskeiðinu sem Agnar Jón Egilsson hélt fyrr um haustið. Þar vann Ásta Gísladóttir með Snakk eftir Júlíu Hannam, Ásdís Ármannsdóttir vann með Snyrtingu eftir Ninu Björk Jónsdóttur, Elísabeth Lind Ingólfssdóttir með Parna úti eftir Hrefnu Friðriksdóttur, Hulda B. Hákonardóttir með Án titils eftir Rosu Liksom, Júlía Hannam með Happa-stein eftir Ástu Gísladóttur og Svanlaug Jóhannsdóttir með Hvað er bak við ystu sjónarrönd... eftir sjálfa sig. Um 80 gestir sáu sýninguna.

#### Jóladagskrá Hugleiks

Um miðjan desember (13. og 14. desember) var ákveðið að blása til jóladagskrár undir yfirskriftinni Jólalrun. Þar voru sýnd þrjú stuttverk, þ.e. Mamm'-ennar Evu eftir Unni Guttormsdóttur í leikstjórn Harðar S. Dan, Jól í fæðingu eftir Árna Friðriksson í leikstjórn Harðar S. Dan og 8 eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur í leikstjórn höfundar. Alls komu tíu manns að stuttverkunum þremur, þar af tveir nýliðar. Tónlistin var hins vegar í fyrirrúmi á dagskránni, enda hugmyndin sú að gefa þátttakendum á nýafstöðnu söngnámskeiði Þórhildar Örvarsdóttur tækifæri að spreyta sig á flutningi jólalaga fyrir gesti. Um 60 gestir sáu jóladagskrána.

#### Hannyrðir og hagleiksmenn

Fyrsta frumsýning Hugleiks árið 2010 var Hannyrðir og hagleiksmenn eftir Sigurð H. Pálsson í leikstjórn Guðmundar Erlingssonar þann 16. janúar í húsnæði félagsins. Rætur leikritsins lágu í stuttverkinu Hannyrðir, sem frumsýnt var í Þjóðleikhúskjallaranum í mars 2006. Vinsældir þess leiddu af sér tvo þætti í viðbót um sama karlahópinn, annars vegar Skurð og hins vegar Þriðja daginn. Í Hannyrðum og hagleiksmönnum voru sýndir þessir þrír þættir svo og tveir nýir sem ekki höfðu áður komið fyrir augu almennings, auk nokkurra styttri atriða sem einnig voru ný af nálinni. Þættirnir kölluðust á og mynduðu þannig þetta heild. Alls voru sýndar 5 sýningar á einni viku og voru leikhúsgestir hátt í 200. Alls tóku 15 félagsmenn þátt í sýningunni, þar af einn nýliði.

Í gagnrýni Hrundar Ólafsdóttur á Leiklistarvefnum sagði m.a. um sýninguna: „Hannyrðir og hagleiksmenn hafa ýmislegt til að bera sem prýðir góðan gamanleik. Fyst má telja andstæðuna sem felst í því að karlmenn takast á við grófgerð eða fínleg handverk innan hefðbundins forms saumaklúbba kvenna. Áhorfendum er komið á óvart með gálghumor og orðaleikjum, ólík- indalátum og sterkri nærveru höfundar. Sigurður og Guðmundur eru frum-legir og hugrakkir þegar þeir láta reyna á áhorfendur með absurd nálgun sem minnir á merk framúrstefnuleikskáld. (...) Hannyrðir og hagleiksmenn er prýðileg skemmtun og að því sögðu er rétt að hnykkja á mannvali Hugleiks sem hefur svo stóran hóp sterkra leikara, höfunda og leikstjóra að annað eins sést líklega ekki í neinu öðru leikfélagi okkar.“

#### Kjallaraheimsókn

Um miðjan apríl (12. og 13. apríl) var blásið til stuttverkadagskrár í Þjóðleikhúskjallaranum. Þar voru sýnd fimm verk, þ.e. Heimsókn eftir Árna Friðriksson í leikstjórn Ástu Gísladóttur, Í sjálfheldu eftir Árna Friðriksson í leikstjórn Sigurðar H. Pálssonar, Norðurljós eftir Hjörvar Pétursson í leikstjórn Sigríðar Láru Sigurjónsdóttur, Stuldur eftir Sigurð H. Pálsson í leikstjórn Árna Friðrikssonar og Sælla er að gefa eftir Ástu Gísladóttur í leikstjórn Kristínar Nönnu Vilhelmsdóttur. Alls komu tæplega tuttugu Hugleikarar að þeirri dag-



skrá, þar af einn nýliði. Um 40 gestir sáu sýninguna.

### Rokk

Stóra sýning vetrarins var Rokk eftir Ástu Gísladóttur, Júlíu Hannam, Sigurð H. Pálsson og Þórarín Stefánsson sem jafnframt sömdu söngtexta ásamt Eggert Hilmarsyni sem samdi alla tónlistina. Leikstjórar sýningarinnar voru Hulda B. Hákonardóttir og Þorgeir Tryggvason. Alls tóku á þriðja tug félagsmanna þátt í uppfærslunni, þar af þrír nýliðar. Sýningin var frumsýnd 23. apríl og sýnd átta sinnum fyrir fullu húsi í húsnæði félagsins og því má áætla að tæplega 350 leikhúsgestir hafi séð sýninguna þar. Því miður reyndist ekki unnt að bæta við fleiri aukasýningum vegna anna leikaranna.

Óhætt er að segja að sýningin hafi hlotið afbragðsdóma. Þannig sagði Lárus Vilhjálmsson í leikdómi sínum á Leiklistarvefnum að Rokk væri skemmtileg sýning og hann hefði skemmt sér konunglega. „Þar spilar saman alveg hreint frábær tónlist, kraftmikill og hæfileikaríkur leikhópur og fimleg leikstjórn,“ skrifaði Lárus og hvatti bæði rokkhunda og leiklistaráhugafólk á Rokk þar sem „hjartað (slægi) í takt við músíkina og hláturinn (gylli) þar á milli.“

Í umsögn Silju Aðalsteinsdóttur á vef Tímarits Máls og menningar mátti lesa að það væri „margt gleðilegt við þessa sýningu fyrir utan hvað hún var ung og aðlaðandi.“ Sagði hún textann myndinn og hugkvæman auk þess sem hún hrósaði leikurunum fyrir að lifa sig fallega inn í rullurnar sínar.

Líkt og mörg síðustu ár sótti Hugleikur um í keppni Þjóðleikhússins um atvígisverðustu áhugaleiksýningu leikársins, raunar með tvær sýningar þetta árið, þ.e. Hannyrðir og hagleiksmenn annars vegar og Rokk hins vegar. Svo fór að Rokk varð fyrir valinu hjá dómnefndinni, en að vanda var tilkynnt um niðurstöðuna á Bandalagsþingi. Í dómnefnd sátu Tinna Gunnlaugsdóttir, Þórhallur Sigurðsson, Friðrik Friðriksson og Melkorka Tekla Ólafsdóttir og er umsögn þeirra um Rokk svohljóðandi: „Rokk er kröftug sýning þar sem leikur og tónlist njóta sín sérlega vel í skemmtilegri blöndu af gamni og alvöru. Sögusviðið er æfingarými sem tvær hljómsveitir deila með sér án þess að þekkjast nokkuð fyrir. Önnur er hefðbundin karlahljómsveit, hin kvenna-hljómsveit, en sambylið leiðir fljótlega af sér margháttða togstreitu og kostuleg atvik, og auðvitað er ástin fljót að fara á kreik við þessar aðstæður. Persónur hljómsveitarmeðlimanna eru dregnar skýrum og skemmtilegum dráttum, ekki síður en dularfulli uppgjafarpopparinn og húsnæðiseigandinn, sem virðast fylgja í kaupunum. Tónlistarflutningurinn er góður og kraftmikill og í heildina (er) Rokk leikfélagsins Hugleiks bráðskemmtileg, fjöruk og hugmyndarík leiksýning.“ Sýningin var sýnd fyrir fullu húsi 10. og 11. júní í Kassarum, litla sviði Þjóðleikhússins.

Silja Björk Huldudóttir, formaður

### Leikdeild Ungmennafélagsins Vöku, Villingaholtshreppi

#### Skýrsla stjórnar:

Í stjórn sátu:

Þorsteinn Logi Einarsson, formaður

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, gjaldkeri

Guðmunda Ólafsdóttir, ritari

Samkvæmt vananum um að hafa aðeins stór leikverk annað hvert ár þá var ekkert stórt verk á dagskrá hjá okkur á leikárinu 2009–2010. Það var þó ekki setið auðum höndum allt árið.

Héraðsþing HSK var haldið í Þingborg 13. mars og voru ungmennafélögin í Flóahreppi beðin um að útbúa skemmtiatriði sem er venju samkvæmt flutt við setningu hátíðarinnar. Tómas Karl Guðsteinsson og Guðmunda Ólafsdóttir voru fengin til að finna og æfa upp leikþátt og völdu þau handritið Ýsa var það heillin. Verkið fjallar um tvær gamlar konur sem hittast á förnum vegi og taka tal saman. Æfingafjöldi var í algeru lágmarki en æfingar hófust daginn fyrir frumsýningu. Sýningin tókst ágætlega og var leikurum klappað lof í löfa. Ákveðið var að sýna verkið aftur 28. maí á Fjör í Flóa en þá utanhúss á grillskemmtun ungmennafélagsins. Sýningin tókst fullkomlega og allir hlógu sig máttlausu.



Snakk



Stuldur



Án titils

Þann 21. mars hélt leikdeildin leiklistarnámskeið fyrir 7. og 8. bekk. Námskeiðið var tvíþætt, annarsvegar var kennd leikhúsförðun og hinsvegar var farið í leiklistartengdar æfingar og leiki. Í lok dags voru svo samin og æfð stutt leikrit sem voru sýnd fyrir hina þátttakendurna. Í þátttökugjaldi, sem var 1000 kr., var innifalinn hádegismatur fyrir alla. Fimmtán krakkar mættu á námskeiðið og er sú þátttaka framar vonum. Þeir sem leiðbeindu á námskeiðinu voru Kolbrún Júlíusdóttir, Guðmunda Ólafsdóttir, Tómas Karl Guðsteinsson og Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir.

Það má því með sanni segja að leikárið hafi tekist vel og það er okkar von að það næsta verði enn betra.

Fyrir hönd Leikdeildar Umf. Vöku  
Guðmunda Ólafsdóttir



Á sviði!

### Leikfélag Blönduóss

#### Á sviði!

Höfundur: Rick Abbott

Þýðandi: Guðjón Ólafsson

Leikstjóri: Guðjón Sigvaldason

Þátttakendur: 26

Sýningar: 8

Áhorfendur: 670

#### Skýrsla stjórnar:

Stjórn Leikfélags Blönduóss skipa:

Guðmundur Karl Ellertsson, formaður

Birna S. Lúkasdóttir, gjaldkeri

Jóhanna Sólveig Hallgrímsdóttir, ritari

Þórgímur Pálmason, meðstjórnandi

Kristín Guðjónsdóttir, meðstjórnandi

Starfsemi félagsins lá niðri leikárið 2008–2009 og ekki var haldinn aðalfundur fyrir það leikár. Breytingar urðu á stjórn félagsins á haustmánuðum 2009 og því er síðasti ársreikningur fyrir tímabilið maí 2008–31.12.2009.

Í desember 2009 var hafist handa við semja skemmtidagskrá fyrir þorablót kvenfélagsins Vöku á Blönduósi og tóku nokkrir leikfélagar þátt í henni en takmarka þurfti fjölda þátttakenda að beiðni Vökukvenna.

Samið var við Guðjón Sigvaldason um leikstjórn og fyrir valinu varð leikritið „Á sviði!“ eftir Rick Abbott í samráði við leikstjórnann. Æfingar hófust í byrjun febrúar og frumsýnt 27. mars. Sýningar urðu átta talsins en lokasýningin var styrktarsýning fyrir Matthildi Haraldsdóttur. Af þeim tíu leikurum sem tóku þátt í sýningunni höfðu einungis tvö leikið áður á sviði en bæði æfingar og sýningar gengu mjög vel þó aðsókn hefði mátt vera betri.

Félagið sendi fulltrúa á aðalfund Bandalags íslenskra leikfélaga að Sveinbjarnargerði í Eyjafirði dagana 1. og 2. maí 2010.

Leiklistarskóli Bandalagsins hefur flutt sig um set úr Svarfaðardalnum í Húnavallaskóla sem er í næsta nágrenni við Blönduós og fara tveir fulltrúar frá leikfélaginu á námskeiðið „Leiklist 1“.

Blönduósi, 07.06. 2010

Guðmundur Karl Ellertsson

### Leikfélag Dalvíkur

#### Blúndur og blásýra

Höfundur: Joseph Kesselring

Þýðandi: Karl Ágúst Úlfsson

Leikstjóri: Jón St. Kristjánsson

Þátttakendur: 33

Sýningar: 8

Áhorfendur: 175

#### Frá upphafi til enda...

Höfundur: Arnar Símonarson og leikhópurinn

Leikstjóri: Arnar Símonarson

Þátttakendur: 32

Sýningar: 7

Áhorfendur: 393



Blúndur og blásýra

### Skýrsla stjórnar:

Stjórn Leikfélags Dalvíkur tók þá ákvörðun í byrjun sumars að setja upp Víkursamfélagið eftir Guðlaug Arason í leikgerð Arnars Símonarsonar. Arnar vann mjög mikið í handritinu allt sumarið og réðum við Jón Stefán Kristjánsson leikstjóra til að setja upp verkið. Fyrsti samlestur var ákveðinn og var mætt til leiks. Skemmst er frá að segja að því miður tókst okkur ekki að manna þetta frábæra verk. Stjórnin tók þá ákvörðun í samráði við Jón Stefán að setja upp leikverkið Blúndur og blásýra. Æfingar hófust af krafti í byrjun september. Samtals komu um 20 manns að þessari uppfærslu þegar allir eru taldir með. Nú þegar þetta er ritað eru sex sýningar farnar af stað og skemmst frá því að segja að viðtökur við þessari uppfærslu eru því miður dræmar. En áætlað er að hafa tvær sýningar á milli jóla og nýjárs og vonum við að við náum að fylla á þær. Það er, eins og allir vita dýrt að reka leikhús í litlu byggðarlagi og það verður dýrara með hverju árinu. Kostnaður vegna uppfærslu á almennu leikverki getur hlaupið á hundruðum þúsunda – og eru laun leikstjóra farin að nálgast eina milljón. Þó öll almenn vinna við uppsetningar sé að jafnaði unnin í sjálfböðavinnu af félagsmönnum (og þá yfirleitt á kvöldin og um helgar). Þessi uppfærsla var í dýrari kantinum, mikið er lagt í sviðsmynd og leikskrá.

Þá ber þess að geta að Leikfélag Dalvíkur sótti um styrkveitingu í Menningarssjóð Sparisjóðs Svarfdæla síðastliðið vor, og fékk þaðan úthlutað hvorki meira né minna en 300.000 kr. í þessa uppfærslu. Einnig fékk Leikfélag Dalvíkur styrk frá Samherja í desember 2008 að upphæð 500.000 kr. fyrir starf okkar með unglingum. Gaman er að segja frá því að í desember 2009 fengum við aftur styrk frá Samherja upp á 500.000 kr. Þökkum við þessi frábæru framlög til leikfélagsins.

Til að halda uppi starfsemi sinni sækir Leikfélag Dalvíkur árlega um styrk til Bandalags íslenskra leikfélaga. Í sumar fékk LD úthlutað 461.595 krónum vegna verkefna síðasta árs, en verkefni voru Er nálgast jólin... í leikgerð Arnars Símonarsonar, Lovísu Maríu Sigurgeirsdóttur og Sólveigar Rögnvaldsdóttur og unglingaverkið Fólk á förnum vegi, leikstýrt og unnið af Arnari Símonarsyni.

Að lokum viljum við í stjórn LD koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem á undangengum árum hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu félagsins og með framlagi sínu eftir starfsemi þess, þar sem metnaður hefur ætíð verið hafður í hávegum. Það er nefnilega ekki sjálfsagt nú á tímum mikils hraða og keyrslu í þjóðfélaginu að fólk sé almennt tilbúið til að gefa svona mikið af sér án þess að eitthvað komi á móti.

*F.h. Leikfélags Dalvíkur,  
Sólveig Rögnvaldsdóttir, formaður*

### Leikfélag Fljótaldshéraðs

#### Elvis – Leiðin heim

Höfundur og leikstjóri: Sigurður Ingólfsson  
Þátttakendur: 27      Sýningar: 10      Áhorfendur: 481

#### Saumastofan

Höfundur: Kjartan Ragnarsson  
Leikstjóri: Daníel H. Behrent  
Þátttakendur: 30      Sýningar: 9      Áhorfendur: 464

### Skýrsla stjórnar

Leikárið 2009–10 var skemmtilegt leikár. Við settum upp leikrit eftir Sigurð Ingólfsson, Elvis – leiðin heim, og leikstýrði hann því líka. Nú voru góð ráð dýr hvar ætti að sýna þetta verk? Okkur datt í hug að vera í Selskógi en þar sem við vorum með það mikið af krökkum í sýningunni þá fannst okkur það ekki vera gott svona snemma að vori. Þá kom upp sú hugmynd að skoða Braggann og víti menn, þetta var alveg tilvalinn staður fyrir svona leikrit þar sem það byggðist upp á allskonar dýrum. Upphófst nú vinna við að koma bragganum í stand. Búið var til svið, málað og þrifið og ekki vitum við betur en að bæjarbúum hafi líkað þetta framtak okkar vel. Sýningar voru í júní og svo tvær sýningar í ágúst á Ormsteitinu.



*Frá upphafi til enda*



*Elvis – Leiðin heim*

Haustverkefnið okkar var Saumastofan eftir Kjartan Ragnarsson. Við vorum svo heppin að fá annan heimamann til að leikstýra og fékkst Daniel Behrent til þess, gekk þetta verk vel þó við hefðum viljað sjá fleiri leikhúsgesti á báðum verkunum. Sýnt var brot úr verkinu á konukvöldi í Valaskjálfi við mikinn fögnuð, voru þar á ferð Sif Rink og Sigurður Borgar Arnaldsson. En hvað um það, ekki vorum við búin að fá nóg því við drifum okkur á Höfn í Hornafirði og sýndum þar tvær sýningar. Þetta var hin skemmtilegasta ferð og hópurinn hristist vel saman. Hornfirðingar tóku vel á móti okkur og þeir eiga hrós skilið fyrir það. Þeir töluðu svo um að næst myndu þeir koma til okkar.

Síðasta verkefnið okkar á leikárinu var í Safnahúsinu í desember og var þar á ferð Grýla með tvo syni sína með sér. Þeir sem tóku það verkefni að sér voru Dís María Egilsdóttir, Jón Vigfússon og Ásgeir Hvítaskáld. Vonandi verðum við svona dugleg á næsta leikári. Þakka ég svo öllum sem lögðu hönd á plóginn þetta leikárið.

*Fjóla Egedía Sverrisdóttir, formaður*

### Leikfélag Hafnarfjarðar

#### Blessað barnalán

Höfundur: Kjartan Ragnarsson

Leikstjóri: Lárus Húnfjörð

Þátttakendur: 16                      Sýningar: 11                      Áhorfendur: 220

#### Hótel Paradís

Höfundur: Aldís Davíðsdóttir, Guðrún Sóley Sigurðardóttir og leikhópurinn

Leikstjórar: Aldís Davíðsdóttir og Guðrún Sóley Sigurðardóttir

Þátttakendur: 13                      Sýningar: 2                      Áhorfendur: 80

#### Bergmál

Höfundur: N. Richard Nash

Þýðandi: Ólöf Sverrisdóttir

Leikstjórar: Aldís Davíðsdóttir og Guðrún Sóley Sigurðardóttir

Þátttakendur: 3                      Sýningar: 8                      Áhorfendur: 140

#### Það er góða veðrið

Höfundur: Lárus Húnfjörð

Leikstjóri: Halldór Magnússon

Þátttakendur: 2                      Sýningar: 1                      Áhorfendur: 150

#### Svefnþula

Höfundur: Samuel Beckett

Þýðandi: Árni Ibsen

Leikstjóri: Lárus Húnfjörð

Þátttakendur: 2                      Sýningar: 1                      Áhorfendur: 150

#### Broskallinn

Höfundur: Lárus Húnfjörð

Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson

Þátttakendur: 4                      Sýningar: 1                      Áhorfendur: 150

#### Skýrsla stjórnar:

Starf félagsins var nokkuð kraftmikið síðastliðið leikár eftir nokkra deyfð árin þar á undan. Strax um sumarið voru sett í gang námskeið fyrir börn og unglinga undir stjórn Guðrúnar Sóleyjar Sigurðardóttur og Aldísar Davíðsdóttur. Þau gengu mjög vel og var mikið stuð í hópunum. Þær stöllur hófu svo starf vetrarins af krafti með því að setja upp verkið Bergmál í ágúst með dyggri aðstoð Halldórs Magnússonar.


Um haustið tók leikfélagið þátt í stuttverkahátíð BÍL með þremur verkum; Svefnþulu eftir Samuel Beckett sem Lárus Vilhjálmsson leikstýrði og Guðrún Sóley lék, Broskallinum eftir Lárus Húnfjörð sem var leikstýrt af Gísla Birni Heimissyni og leikið af Halldóri Magnússyni, Guðrúnu Sóley Sigurðardóttur og Kristínu Helgadóttur og Það er góða veðrið eftir Lárus Húnfjörð í leikstjórn Halldórs Magnússonar og leikið af Guðmundi L. Þorvaldssyni. Verkunum var vel tekið og félaginu til sóma.



*Blessað barnalán*



*Bergmál*



*Það er góða veðrið*

Veturinn 2010 setti félagið upp Blessað barnalán eftir Kjartan Ragnarsson í leikstjórn Lárusar Vilhjálmssonar ásamt góðum og kraftmiklum hópi leikara og aðstoðarfólks. Verkið gekk ágætlega og lauk með bravúr á vordögum.

Á aðalfundi félagsins í vetur tók við nýr formaður, Vestmannaeyingurinn Þráinn Óskarsson. Í apríl á þessu ári heldur félagið svo upp á 75 ára afmæli sitt með pompi og pragt og vill endilega bjóða allt leiklistarfólk í landinu velkomið í heimsókn.

Lárus Vilhjálmsson

## Leikfélag Hofsóss

### Pókók

Höfundur: Jökull Jakobsson

Leikstjóri: Þröstur Guðbjartsson

Þátttakendur: 24

Sýningar: 8

Áhorfendur: 500

### Skýrsla stjórnar:

Stjórn Leikfélags Hofsóss skipa:

Fríða Eyjólfsdóttir, formaður

Kristján Jónsson, ritari

Sigmundur Jón Jóhannesson

Harpa Kristinsdóttir

Helgi Thorarensen

Leikfélag Hofsóss hélt aðalfund í byrjun nóvember þar sem stjórn félagsins var endurkjörin. Einnig samþykkti fundurinn að sett yrði upp leikrit á þessu starfsári og var stjórn falið að velja verkið og ráða leikstjóra. Leitað var til Þrastar Guðbjartssonar og hann ráðinn til starfans. Nokkuð langan tíma tók að finna leikrit sem hentaði fjölda og samsetningu leikhópsins en loks varð fyrsta leikverk Jökuls Jakobssonar, Pókók, fyrir valinu. Leikritið var fyrst sett á svið árið 1961 og hefur sárásjaldan verið sýnt síðan.

Æfingar hófust í fyrstu viku febrúar og gengu vel. Þann 19. mars var svo leikritið frumsýnt í Félagsheimilinu Höfðaborg og fékk það góðar viðtökur. Sýningar urðu 8 talsins fyrir 500 áhorfendur.

Í júní tók leikfélagið þátt í Jónsmessuhátíð á Hofsósi þar sem sett var á svið frumsamið atriði á kvöldvöku hátíðarinnar.

Fríða Eyjólfsdóttir, formaður

## Leikfélag Hornafjarðar

### Kaffi og með því

Höfundur: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson

Leikstjóri: Leikhópurinn

Þátttakendur: 2

Sýningar: 3

Áhorfendur: 95

### Latexdrottningin

Höfundur: Ármann Guðmundsson

Leikstjóri: Leikhópurinn

Þátttakendur: 2

Sýningar: 3

Áhorfendur: 95

### Miðvikudagur í Helvíti

Höfundur: Ármann Guðmundsson

Leikstjóri: Leikhópurinn

Þátttakendur: 3

Sýningar: 3

Áhorfendur: 95

### Hærra minn guð til þín

Höfundur: Ylfa Mist Helgadóttir

Leikstjóri: Leikhópurinn

Þátttakendur: 6

Sýningar: 3

Áhorfendur: 95

### Hnerri

Höfundur: Frosti Friðriksson

Leikstjóri: Leikhópurinn

Þátttakendur: 2

Sýningar: 3

Áhorfendur: 95



Svefnþula



Broskallinn



Pókók



Latexdrottningin



Miðvikudagur í Helvíti



Petta er mitt leg



Hnerri



Grease

**Petta er mitt leg**

Höfundur: Árni Hjartarson

Leikstjóri: Leikhópurinn

Þátttakendur: 2

Sýningar: 3

Áhorfendur: 95

**Skýrsla stjórnar:**

Haustið 2009 var rólegt hjá Leikfélaginu. Breytingar urðu á stjórn vegna flutninga stjórnarmanna en eftir nokkrar þælingar og stjórnarfundir var vordagskráin ákveðin. Vorið 2010 setti Leikfélag Hornafjarðar upp sýninguna Kaffi og með því. Sýningin samanstóð af nokkrum einþáttungum sem settir voru saman í um klukkustundarlanga dagskrá. Umgjörð sýningarinnar var nokkuð einföld, bæði búningar og sviðsmynd. Áhorfendur sátu í litlum hópum við lítil borð með kertaljósum og boðið var upp á kaffi og kleinur. Hugmyndin um sýningu af þessu tagi kom fram á fundi stjórnar leikfélagsins haustið 2009. Hópurinn sem stóð að uppsetningunni byrjaði að hittast í mars 2010, kynnti verkefnið fyrir áhugasömum þátttakendum og skipulagði æfingar og sýningar.

Leikfélagið pantaði safn handrita og voru samlestrar nokkur kvöld og í kjölfar þeirra tekin ákvörðun um að velja eftirfarandi verk til uppsetningar:

\* Kaffi og með því eftir Guðmund Lúðvík Þorvaldsson

\* Latex-drottningin eftir Ármann Guðmundsson

\* Miðvikudagur í Helvíti eftir Ármann Guðmundsson

\* Hærra minn guð til þín eða Prívat hagsmunir eiga ekki við hér eftir Ylfu Mist Helgadóttur

\* Hnerri eftir Frosta Friðriksson

\* Petta er mitt leg eftir Árna Hjartarson

Að sýningunni stóðu sjö leikarar sem sáu sjálfir um leikstjórn. Lýsing var í höndum ljósadeildar leikfélagsins. Æfingar og önnur helsta vinna við uppsetninguna fór fram í mars, apríl og maí. Frumsýning var fimmtudaginn 13. maí og sýnt næstu þrjú kvöld á eftir. Aðsókn var góð á allar sýningarnar.

Með kveðju,

stjórn Leikfélags Hornafjarðar

**Leikfélag Hólmavíkur****Grease**

Höfundur: Warren Casey og Jim Jacobs

Þýðandi: Veturliði Guðnason

Leikstjóri: Jóhanna Ása Einarsdóttir

Þátttakendur: 40

Sýningar: 5

Áhorfendur: 504

**Skýrsla stjórnar:**

Eftir að síðasta skýrsla formanns var skrifuð var leikfélagið með þrjár sýningar á Viltu finna milljón? eftir Ray Cooney í leikstjórn Arnars S. Jónssonar. Sýnt var í Frumleikhúsinu í Keflavík þann 6. júní 2009, í félagsheimilinu í Lundarreykjadal þann 8. júní og lokasýningin var síðan í félagsheimilinu í Árnesi 16. júní 2009.

Leikfélagið tók þátt í „Stefnumóti á Ströndum“, atvinnu- og menningarsýningu sem haldin var á vegum Þróunarsetursins á Hólmavík og Arnkatla 2008, þann 29. ágúst í Félagsheimilinu á Hólmavík. Þar tóku yfir 60 sýningaraðilar þátt og sýndu gestum og gangandi það blómlega athafna- og menningarlíf sem er að finna á Ströndum. Sú sýning stóð yfir til 15. september 2009.

14. september var haldinn aðalfundur Leikfélags Hólmavíkur og var þar kosin ný stjórn í félaginu. Aðalmenn í stjórn voru kosin Ingibjörg Sigurðardóttir, Arnar S. Jónsson og Salbjörg Engilbertsdóttir. Varamenn voru kosin Gunnar B. Melsted, Kristín Sigurrós Einarsdóttir og Úlfar Hjartarson. Margt var skrafað og skeggrætt á fundinum, bæði fornir leiksigrar, uppsetning síðasta vetrar á Viltu finna milljón? (sem skilaði dálitlum hagnaði) og framtíðin. Samþykkt var að taka stefnuna á stórt samstarfsverkefni með Grunnskólunum og Tónskólunum á Hólmavík í vetur, auk þess sem kanna átti möguleika á frekari starfsemi, uppákomum og uppsetningum. Fjárhagsleg staða Leikfélagsins er öfugu megin við núllið og voru ræddar leiðir til að snúa því við.

Í janúar 2010 sagði Arnar S. Jónsson sig úr stjórn Leikfélags Hólmavíkur vegna anna. Í stað hans kom Gunnar B. Melsted og tók við formanns-embætti sem Arnar S. Jónsson hafði gegnt.

Um svipað leyti hófust æfingar á Grease sem leikfélagið setti upp í samvinnu við Grunn- og Tónskólann á Hólmavík. Verkið var í leikstjórn Jóhönnu Ásu Einarsdóttur, en tónlistarstjóri var Stefán Steinar Jónsson. Félagar í Leikfélagi Hólmavíkur tóku einnig þátt í leikritinu sem leikarar og sáu um leikmyndagerð, búninga, förðun og lýsingu. Sýndar voru 5 sýningar, 25., 26. og 27. mars og 8. og 9. apríl 2010 í Félagsheimilinu á Hólmavík.

Þann 10. apríl 2010 var síðan tekið á móti leikdeild Ungmennafélagsins Skallagríms úr Borgarnesi sem sýndi uppfærslu á Gullna hliðinu við góðar undirtektir.

*Gunnar Björn Melsted*

## Leikfélag Húsavíkur

### Fólkið í blokkinni

Höfundur: Ólafur Haukur Símonarson

Leikstjóri: Oddur Bjarni Þorkelsson

Þátttakendur: 50      Sýningar: 24      Áhorfendur: 1850

### Skýrsla stjórnar:

Á haustdögum 2009 hófust æfingar á Fólkinu í blokkinni eftir Ólaf Hauk Símonarson og það var Oddur Bjarni Þorkelsson sem leikstýrði. Æft var stíft í september og frumsýnt í lok október. Eftir frumsýninguna var aðalfundur félagsins haldinn og þar urðu stjórnarskipti. Stjórn síðan þá er sem hér segir:

Formaður: Halla Rún Tryggvadóttir, varaformaður: Dóra Ármannsdóttir, gjaldkeri: Hjálmar Bogi Hafliðason, ritari: Guðrún Kristín Jóhannsdóttir og meðstjórnandi Ingvar Björn Guðlaugsson.

Frumssýningin á Fólkinu í blokkinni var 24. október og sýningum lauk milli jóla og nýjárs. Alls var verkið sýnt 24 sinnum fyrir 1850 leikhúsgesti.

Eftir að blokkinni var lokað þá tóku félagar sér smá frí frá starfinu en hófust svo handa og tóku aðeins til í búningunum og leikmunageymslunni.

*Halla Rún Tryggvadóttir, formaður*

## Leikfélag Hveragerðis

### Allra meina bót

Höfundur: Jónas og Jón Múli Árnasynir

Leikstjóri: Sigurgeir H. Friðþjófsson

Þátttakendur: 12      Sýningar: 12      Áhorfendur: 563

### Emil í Kattholti

Höfundur: Astrid Lindgren

Þýðendur: Vilborg Dagbjartsdóttir og Böðvar Guðmundsson

Leikstjóri: Sigurður Blöndal

Þátttakendur: 35      Sýningar: 10      Áhorfendur: 1763

### Skýrsla stjórnar:

Á síðasta aðalfundi tók við ný stjórn hjá leikfélaginu.

Hana skipa:

Hafsteinn Þór Auðunsson, formaður

María Kristjánsdóttir, gjaldkeri

Jakob Hansen, ritari

Guðmundur Erlingsson

Anna Jörunn Stefánsdóttir

## SUMARIÐ

Síðastliðið sumar var leikfélagið með þó nokkur járn í eldinum. Að venju vorum við með stuttverk á 17. júní sem sýnt var að þessu sinni í Listigarðinum. Margir lögðu leið sína í garðinn til að sjá hvers lags verk leikfélagið



*Fólkið í blokkinni*



*Emil í Kattholti*



Allra meina bót

myndi setja upp. Skipuleggjendur verksins voru neðangreindur, Jakob, Guðmundur Kr. Erlingsson, Anna Jórunn og Erla Lind slóst í hópinn sem ein af leikurum. Nafn verksins að þessu sinni var „Rauðdetta“ sem er sambland af Rauðhettu, Dýrunum í Hálsaskógi og Grísunum þremur. Gestir voru ekki sviknir af þessu uppátæki því að börn og fullorðnir skemmtu sér einstaklega vel.

Hátíðin Blómstrandi dagar var svo næsti vettvangur leikfélagsins. Skáldaganga, Barnaskemmtun Hljómlistafélagsins, og söngatriði úr næstu uppsetningu, Allra meina bót. Skáldaganga var þrömmuð í blíðskaparveðri þar sem neðangreindur, Steindór, Hjörtur, Sigurgeir og Anna Jórunn brugðu sér í gervi skálda, sem bjuggu hér í bæ á árum áður, og fóru með ýmis viðeigandi kvæði og ljóð. Barnaskemmtun Hljómlistafélagsins var haldin í gamla Hótel Ljósbrá þar sem Kristín Munda, Kristrún og Árni Þór fóru með hlutverk Tuma smaladrengs, Línu langsokks og Emils í Kattholti. Færri komust að en vildu og varð þetta hin mesta skemmtan fyrir alla, falleg tónlist og frábær leikur. Neðangreindur og Erla Kristín sáu síðan um að flytja fyrir gesti og gangandi Augun þín blá úr verkinu Allra meina bót á torginu fyrir utan gamla hótelið. Viðburðaríkt sumarstarf að baki sem vonandi verður viðhaldið um ókomin ár.

### HAUSTIÐ

Þá var lagt af stað inn í haustið með uppsetningu Leikfélagsins á verkinu Allra meina bót e. Jónas og Jón Múla Árnasyni undir öruggri stjórn Sigurgeirs H. Friðþjófsssonar og er skemmst frá því að segja að uppselt var á flest allar sýningar. Einstaklega vel heppnað verk þar sem sumir gestanna náðu vart andanum vegna hláturs.

### JÓLIN

Það er varla hægt að komast hjá því að fjalla örlítið um jólin og þrettándann. Að venju var athöfn á torgi bæjarsins þegar ljósín á jólatrénu voru tendruð, eða var það á túninu hjá Hótel Örk? Neðangreindur ekki alveg með staðreyndir á hreinu. En alla vega var jólatrésskemmtun og einnig pakkadreifing á aðfangadag. Þrettándabrennan var svo haldin hátíðleg eins og árið áður en breyting var á staðsetningu og var hún inni í Listigarði. Þar tók neðangreindur sig til, ásamt Berglindi Maríu, Kristínu Mundu, Guðmundi Kr. Erlingssyni og nokkrum góðum krökkum, og fóru í rullu Álfakonungs og drottningar, Grýlu, Leppalúða og nokkurra sveinka. Sæmileg mæting var í þá göngu en hefði alveg mátt vera meiri. Falleg hefð sem vert er að viðhalda.

### STYRKUR HLJÓMLISTAFÉLAGSINS

Hið tiltölulega nýstofnaða Hljómlistafélag bæjarins er frábært og stórsniðugt „apparat“ þar sem vaskir menn standa fyrir hinum ýmsu upþakomum og skemmtunum og nýta aðgangseyri til styrktar hinum ýmsu málefnum. Leikfélag Hveragerðis varð þess heiðurs aðnjótandi að fá veglegan styrk frá þessum herraönnum til kaupa á hljóðnemum. Sá styrkur kemur sér vel því að oft á tíðum hefur vantað örlitla hjálp frá tækninni til að skila erindi okkar til gesta, þar sem leikfélagið okkar er metnaðarfullt og ræðst yfirleitt ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Hljóðnemataæknin mun aðstoða okkur við að gera sýningar okkar enn betri sem er einmitt það sem við viljum því að við erum í fyrsta flokki og ætlum okkur að vera þar. Á bóndadaginn fengum við styrkinn afhentan á Styrkveitingaathöfn Hljómlistafélagsins og að sjálfsögðu vorum við með skemmtiatriði, þar sem Gunnhildur Fríða (Íða litla) og hennar „líffræðilegi“ faðir (ekki Anton) Hallgrímur Óskarsson fluttu lagið Kísa mín.

### VORIÐ

Við hræktum vel í lófana og lögðum af stað inn í nýtt ár með miklum krafti. Þeir sem að því starfi komu þurfa einfaldlega að heyra og lesa, Emil í Kattholti! Já, við hófum æfingar á einu umfangsmesta verki félagsins hingað til. Mikilli vinnu í búningum, sviðsmynd, leikmunagerð og tónlist var hrundið af stað. Leikarar voru margir, stórir og smáir, aðstandendur barna komu inn með mikinn drifkraft og gaman var að sjá þau fjölmörgu nýju andlit sem stigu sín fyrstu skref fyrir félagið. Sigurður Blöndal leikstjóri skilaði af sér þessari snilldar uppsetningu og var oftast nær uppselt á hana og þá vorum við stundum að troða á bilinu 90–100 manns inn í litla kofann okkar. Gaman er að minnast þess að það var einmitt Siggi sem setti upp Dýrin í Hálsaskógi síðast og hefur engin sýning verið sýnd jafn oft eða í u.þ.b. 35–40 skipti. Þannig má með sanni segja að hugmyndir Sigga séu að svínvirka og neðangreindur mælir endregið með því við framtíðarstjórnendur þessa félags að nýta sér listræna hugsun hans enn frekar um ókomin tíð.



Vorfagnaður Hljómlistafélagsins var svo haldinn 30. apríl sl. þar sem neðangreindur og Guðmundur Kr. Erlingsson tóku þátt í '80's sönglagakeppni og endurtóku leikinn frá því í fyrra og hrepptu 3. sætið með laginu Dancing in the Street í Jagger/Bowie-stíl. Fengu þeir í lið með sér þrekvaxna og flotta karlmenn úr Hlaupahópi Hveragerðis og ætlaði fagnaðarlátum ekki að linna þegar hlauparar hófu að teygja og hnykla vöðva í þröngum spandex-múnderingum. Neðangreindur mælir eindregið með því að leikfélagið haldi sig við það að vera með skemmtiatriði á þessum kvöldum því að stemningin er frábær.

### FRAMTÍÐIN

Þegar kemur að framtíðinni þá eru aðeins til þrenns konar manneskjur: Þær sem leyfa hlutum að gerast, þær sem LÁTA hlutina gerast og þær manneskjur sem sitja og spyrja sig: „Hvað gerðist?“. Við hjá Leikfélagi Hveragerðis LÁTUM hlutina gerast! Með þessu orðum vill neðangreindur þakka kærlega fyrir stórkostlegt leikár og vonar að leiklistarlífið hér í bæ blómstri og dafni vel og lengi.

*Hveragerði 20. maí 2010*  
*Hafsteinn Þór Auðunsson*

### Leikfélag Hörgdæla

#### Lífið liggur við

Höfundur: Hlín Agnarsdóttir

Leikstjóri: Saga Jónsdóttir

Þátttakendur: 10      Sýningar: 13      Áhorfendur: 751

#### Skýrsla stjórnar:

Hér á eftir er meiningin að fara aðeins í gegnum starf leikfélagsins á síðasta starfsári.

Stjórn félagsins er svona skipuð:

Bernharð Arnarson, formaður

Axel Vatnsdal, varaformaður

Stefán Jónsson, gjaldkeri

Halla Halldórsdóttir, ritari

Sigríður Svavarsdóttir, meðstjórnandi

Leikárið 2009/2010 hefði að öllu jöfnu verið fríar, þ.e. engin sýning sett upp, en vegna fyrirhugaðrar leiklistarhátíðar, svokallaðrar NEATA-hátíðar á Akureyri í sumar sem leið, var ákveðið að setja upp sýningu þetta leikár og velja hana með tilliti til hátíðarinnar. Ákveðið var að leikritið þyrfti að vera íslenskt og nýtt eða nýlegt. Fyrir valinu varð leikritið Lífið liggur við eftir Hlín Agnarsdóttur, grafalvarlegur skrifstofufarsi, leikstjóri var Saga Jónsdóttir og hélt hún um þræði af vanalegri snilld og nákvæmni. Æfingar hófust í janúarbyrjun og frumsýnt var 4. mars. Á æfingaferlinu var snemma ljóst að leikritið bauð upp á ýmsa kosti í uppsetningu og var á endanum leikhúsinu okkar á Melum snúið við og leikritið leikið á gólfinu með áhorfendur á þrjá vegu í kringum sviðið. Að mínu mati heppnaðist þetta ákaflega vel. Sýningar á Lífið liggur við urðu 13 og áhorfendur 751.

Leikfélagið sá um, í samstarfi við Kirkjuna, lestur á Passíusálmum Hallgríms Péturssonar á föstudaginn langa. Helga Jónsdóttir hafði umsjón með því að þessu sinni. Að vanda voru fulltrúar frá leikfélaginu í árshátíðarnefnd og á síðasta ári voru það Stefanía Elísabet Halbjörnsdóttir og Árni Arnsteinsson.

Félagið var umsjónaraðili aðalfundar Bandalagsins ásamt Freyvangsleikhúsinu. Fundurinn var haldinn að Sveinbjarnargerði og tókst mjög vel. Þrjú félagar í leikfélaginu sátu fundinn. Einn félagi fór í leiklistarskóla Bandalagsins. Ég vil að endingu þakka öllum þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg á þessu leikári.

*Bernharð Arnarson*



*Lífið liggur við*



Bugsy Malone

### Leikfélag Keflavíkur

#### Bugsy Malone

Höfundur: Alan Parker

Þýðandi: Davíð Þór Jónsson

Leikstjóri: Ingólfur Níels Árnason

Þátttakendur: 63      Sýningar: 10      Áhorfendur: 635

#### Mér er alveg sama þótt einhver sé að hlæja að mér

Höfundur: Guðrún Ásmundsdóttir

Leikstjóri: Leikhópurinn

Þátttakendur: 12      Sýningar: 9      Áhorfendur: 690

#### Skýrsla stjórnar:

Leikárið 2009–2010 hefur verið viðburðaríkt og einkennst af viðleitni til að styrkja starfsemina, fríska upp á leikhúsið og fjárfesta í nýjum búnaði.

Við byrjuðum síðasta sumar á að kalla saman gamla og nýja meðlimi til að gera breytingar og tiltekt í leikhúsinu. Satt best að segja var frábær mæting – til að byrja með. Við náðum þó að ljúka við alveg helling. Við tókum smíðaverkstæðið í gegn og fjarlægðum búningageymsluna til að auka rými. Því næst tókum við kjallarann í gegn, brutum niður vegg og stækkuðum og gerðum að góðri leikmunageymslu. Við tókum loks í notkun fremra rýmið sem nú hefur að geyma búningageymslu og geymslu á ýmsum mikilvægum munum sem við eigum. Loks var svo allt þrifið. Við fjárfestum einnig í nýjum búnaði, þar með töldum mixer, hátalarakerfi og mikkrofónum. Einnig keyptum við nýtt ljósborð og tvo róbóta sem gefa okkur nýja og spennandi möguleika við að lýsa sýningar.

Unglingadeildin hefur verið sterk og var iðin allt seinasta sumar og sömdu þau leikrit með söng og fjöri sem þau sýndu á 17. júní. Þau tóku einnig þátt í sumarhátíð uppi á Ásbrú og fluttu söngleik á Ljósanótt. Í framhaldi af því setti leikfélagið svo upp unglingsöngleikinn Bugsy Malone í leikstjórn Ingólfs Níels Árnasonar. Fyrir vorum við komin með sterkan hóp í unglingsdeildinni sem tók þátt ásamt nýjum meðlimum. Vinnan við verkið var krefjandi og skemmtileg og tókst vel, þó svo að aðsókn á leikritið hafi ekki verið sú besta. Þar næst tóku krakkarnir þátt í Þrettándagleði og opnum degi á Ásbrú. Starfsemin var slitrótt í vetur/vor vegna æfinga á leikriti vorsins. Unglingadeildin er hins vegar komin almennilega í gang aftur og æfir nú hörðum höndum fyrir 17. júní.

Leikrit vorsins var „Mér er alveg sama þótt einhver sé að hlæja að mér“ og var leikstjórn, staðfæring og öll vinnan í kringum verkið í höndum hópsins og tókst mjög vel. Með þessu náði leikfélagið að setja upp leikrit sem ekki krafðist mikilla útgjalda en skilaði góðum pening í kassann. Farið var með sýninguna í nærliggjandi sveitarfélög og það sýnt við góðar undirtektir.

Framtíðin er björt hjá leikfélaginu, með áframhaldandi eflingu unglingsdeildarinnar en þar eru félagsmenn framtíðarinnar. Planað er að fara í áframhaldandi vinnu í húsinu í sumar og fara í að sprússa upp á húsið með breytingum frammi, málun og hreinsun, og eru allir hvattir til að taka þátt í þeirri vinnu.

Stjórnin þakkar fyrir skemmtilegt leikár og vonast til að halda áfram við að gera leikhúsið okkar að okkar stolti.

### Leikfélag Kópavogs

#### Umbúðalaust

Höfundur: Vigdís Jakobsdóttir og leikhópurinn

Leikstjóri: Vigdís Jakobsdóttir

Þátttakendur: 11      Sýningar: 8      Áhorfendur: 530

#### Blóðsystur

Höfundur: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson og leikhópurinn

Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson

Þátttakendur: 8      Sýningar: 3      Áhorfendur: 112



Mér er alveg sama þótt einhver sé að hlæja að mér



Blóðsystur

**Verkið**

Höfundur: Örn Alexandersson og leikhópurinn

Leikstjóri: Örn Alexandersson

Pátttakendur: 2 Sýningar: 1 Áhorfendur: 45

**Í mannsorpinu**

Höfundur: Hörður Sigurðarson og leikhópurinn

Leikstjóri: Hörður Sigurðarson

Pátttakendur: 2 Sýningar: 1 Áhorfendur: 45

**Spott**

Höfundur og leikstjóri: Hörður Skúli Danielsson

Pátttakendur: 2 Sýningar: 1 Áhorfendur: 150

**Skýrsla stjórnar:**

Öðru starfsári Leikfélagsins í Leikhúsinu við Funalind er nú að ljúka. Annar bragur hefur verið á starfseminni nú en á fyrsta árinu, þegar leiksýningar voru settar upp nánast samhliða því sem húsið var smíðað. Leikhúsið okkar er enn nokkuð frá því að vera fullbúið en það mjakast þó hægt fari. Eftir blóð, svita og tár fyrsta leikárið hafa framkvæmdir verið með rólegra móti í vetur en þó hefur margt verið unnið og húsið færir sífellt nær því að vera eins og við hugsuðum það í upphafi. Stjórn félagsins hefur þurft að sýna ráðdeild og hagsýni með það litla fjármagn sem við höfum úr að spila og sett eins mikla fjármuni í framkvæmdir og unnt er án þess að það komi um of niður á verkefnum leikársins.

Fyrsta verkefni leikársins var að taka upp að nýju sýningar á Rúa og Stúa sem sýndir voru vorið 2009 við ágætar undirtektir þrátt fyrir að lítið væri lagt í kynningu. Í tengslum við sýninguna var farið af stað með samstarf við Kópavogsdeild Rauða krossins um kynningu á sýningunni. Kópavogsdeildin hafði samband við okkur í maí 2009 og viðraði hugmyndir um samstarf og ákveðið var að láta reyna á það um haustið með því að þau sæju um kynningu á sýningunni í leik- og grunnskólum og fengju í staðinn þriðjung af innkomu. Því miður verður að segjast að fyrirkomulagið gafst ekki nógu vel. Kynningin fólst aðallega í að dreifa miðum í skólana en eftir á að hyggja virtist þurfa meiri og betri eftirfylgni. Við höfum ekki gefið mögulegt samstarf við Kópavogsdeildina upp á bátinn en þurfum greinilega að endurskoða fyrirkomulagið.

Í lok október hófust æfingar á nafnlausu hópvinuverki undir stjórn Vigdísar Jakobsdóttur. Reyndar fór Vigdís af stað með hóp þá um vorið og kjarninn úr þeim hópi hélt síðan áfram um haustið. Lagt var af stað í vinnuna með autt blað og óljósa hugmynd um hið algenga fyrirbæri plastpokann. Æfingar stóðu með hléum fram yfir áramót og verkið var frumsýnt 15. janúar og hafði þá hlotið heitið Umbúðalaust. Ljóst var að atburðir síðustu missera í þjóðfélaginu voru töluverður innblástur fyrir hópinn en þó var ekki verið að fjalla um þá nema á abstrakt máta. Sýningin vakti allnokkra athygli, ekki síst fyrir frumlega umgjörð og varð síðar fyrir valinu sem opnunarsýning leiklistarhátíðar NEATA sem haldin verður í hinu nýja Menningarhúsi Akureyrar Hofi, í ágúst 2010.

Unglingadeild félagsins hóf æfingar eftir áramót undir stjórn Guðmundar L. Porvaldssonar. Var þar um frumsamið hópvinuverkefni að ræða og þemað sótt í miklar vinsældir blóðsugumynda og -bóka meðal unglunga. Útkoman varð frumleg sýning sem hlaut nafnið Blóðsystur og fjallaði á skemmtilegan hátt um ástir og örlög blóðsuga og blóðsugubana. Sýningar urðu því miður aðeins 3 talsins vegna anna þátttakenda en var vel tekið af þeim sem sáu.


Þá eru ótaldir tveir frumsamdir leikþættir sem sýndir voru í lok maí og nefndust annarsvegar Í mannsorpinu og hinsvegar Verkið. Voru þeir heimasmíðaðir að öllu leyti og verða væntanlega sýndir aftur á næsta ári.

Eitthvað hefur verið um innanfélagsuppákomur og má þar helst telja vel heppnað Stjórnuljósakvöld sem haldið var milli jóla og nýárs og fjáröflunarbíngó fyrir NEATA-leiklistarhátíðina á Akureyri í lok maí.

Á síðasta ári voru einnig gerðar breytingar á skipulagi félagatals. Ákveðið var að senda greiðsluseðil í heimabanka og var lögð mikil vinna í að útbúa lista með núverandi og eldri félagsmönnum. Heimtur voru allgóðar og reyndar



*Umbúðalaust*



*Spott*



*Í mannsorpinu*



Umbúðalaust



Verkið

mun betri en verið hefur undanfarin ár. Eru nú um 60 skráðir félagar í Leikfélaginu. Þá var vefurinn okkar uppfærður og bætt við hann möguleikum á að halda utan um póstlista og senda út fréttabréf. Tæplega 200 manns eru skráðir á póstlista og fá fréttabréf félagsins. Útsend fréttabréf leikársins eru 14 talsins og eru mjög hjálpleg til að halda sambandi við félagsmenn og aðra sem áhuga hafa á starfinu.

Ýmsir hópar hafa nýtt sér aðstöðuna í Leikhúsinu á liðnu leikári. Má þar fyrst nefna Götuleikhúsið sem er á vegum Vinnuskóla Kópavogs og hefur aðstöðu í húsinu á tímabilinu júní–júlí ár hvert samkvæmt samningi félagsins við bæinn. Samstarfið við Götuleikhúsið hefur gengið ágætlega enda hafa báðir aðilar lagt sig fram um að allt gangi vel fyrir sig. Þá er Kvikmyndaskólinn að verða fastur leigjandi tvisvar á ári og nýtir húsið til uppsetningar á útskriftarsýningu leiklistarbrautar sinnar. Á leikárinu setti Kvikmyndaskólinn upp leik-sýningar í húsinu í desember 2009 og aftur í maí 2010. Eftir ákveðin vand-ræði á fyrsta leikárinu hefur samstarfið gengið vel og báðir aðilar sáttir við sitt.

Því miður er ekki sömu sögu að segja af aðkomu Leikfélags Nemendafélags MK sem hefur einnig samkvæmt samningi aðgang að húsinu 3 vikur á ári. Eins og kom fram í skýrslu stjórnar í fyrra var vera LNMK í Leikhúsinu ekki til fyrirmyndar og því miður hefur orðið þar framhald á og frekar sigið á ógæfuhliðina en hitt. Ekki verður hér talið upp allt sem upp á kom meðan á veru þeirra stóð í húsinu en stjórn hefur nú sent forsvarsmönnum í MK bréf þar sem við bendum á að LNMK fái ekki inni í Leikhúsinu að nýju nema umtals-verðar breytingar verði á fyrirkomulagi. Óskað var eftir að bréfinu yrði svarað fyrir 15. júní ella litum við svo á að LNMK hygðist ekki nýta sér aðstöðu í Leikhúsinu á næsta leikári. Svar hefur ekki borist þegar þetta er ritað.

Þess má einnig geta að Tónlistarskólinn Tónsalir hefur komið að máli við okkur um möguleika á samstarfi og í kjölfar þeirra viðræðna hélt skólinn útskriftartónleika hér í Leikhúsinu í lok maí. Möguleikar á samstarfi verða skoðaðir frekar á næsta leikári.

Þá hafa ýmsir einstaklingar fengið inni í húsinu til æfinga, kvikmyndagerðar og annarra hluta í styttri tíma.

Annað leikár okkar í nýju leikhúsi er að baki. Félagið er að máta sig við nýjar aðstæður jafnframt því sem Leikhúsið tekur á sig meiri mynd. Keyptur var á leikárinu stýribúnaður fyrir ljós sem vonandi auðveldar vinnuna við okkar verkefni. Við munum þurfa að fjárfesta enn meir á því sviði og einnig er orðið afar brýnt að koma upp ásættanlegu hljóðkerfi í húsinu til framtíðar. Tækjabúnaður hússins er ekki bara mikilvægur okkur heldur skiptir miklu máli í möguleikum til útleigu með tilheyrandi tekjum.

Hvað innra starf félagsins varðar þarf að leggja áherslu á að stækka kjarnann í félaginu og tryggja æskilega nýliðun. Þá biður okkar einnig mikið verk í að kynna félagið og Leikhúsið sem slíkt fyrir bæjarbúum. Stjórn hefur rætt ýmsar leiðir í því skyni og vonandi verður hægt að hrinda þeim í framkvæmd á næstu misserum.

Kópavogi 9. júní 2010

Fyrir hönd stjórnar Leikfélags Kópavogs

Hörður Sigurðarson

### Leikfélag Mosfellssveitar

#### Fúttlúz

Höfundur: Dean Pitchford og Walter Bobbie

Þýðandi: Gísli Rúnar Jónsson

Leikstjórar: Agnes Wild, Sigrún Harðardóttir og Hreindís Ylfa Garðarsdóttir

Þátttakendur: 37

Sýningar: 9

Áhorfendur: 800

#### Mjallhvít og dvergarnir sjö

Höfundur: Margarete Kaiser

Þýðandi: Stefán Jónsson

Leikstjóri: Herdís Þorgeirsdóttir

Þátttakendur: 22

Sýningar: 9

Áhorfendur: 567



Mjallhvít og dvergarnir sjö

**Trúðaskólinn**

Höfundur: F.K. Waechter og Sigrún Harðardóttir  
 Þýðandi: Gísli Rúnar Jónsson  
 Leikstjóri: Sigrún Harðardóttir  
 Þátttakendur: 18      Sýningar: 1      Áhorfendur: 115

**Galdrakarlinn í Oz**

Leikstjórar: Sigrún Harðardóttir og Agnes Wild  
 Þátttakendur: 16      Sýningar: 2      Áhorfendur: 143

**Töfrarfjarstýringin**

Höfundur: Sigrún Harðardóttir og leikhópurinn  
 Leikstjóri: Sigrún Harðardóttir  
 Þátttakendur: 16      Sýningar: 1      Áhorfendur: 90

**Glefsur**

Höfundur: María Guðmundsdóttir og Pétur R. Pétursson  
 Leikstjórar: Ólöf Þórðardóttir, Bóel Hallgrímsdóttir og Guðný María Jónsdóttir  
 Þátttakendur: 16      Sýningar: 3      Áhorfendur: 140

**Skýrsla stjórnar:****Námskeið**

Leikárið hófst að venju með námskeiðshaldi fyrir börn og unglinga og voru einnig haldin námskeið að vetri til fyrir börn. Sú nýbreytni var að í fyrsta sinn voru haldin námskeið sem nefnd voru Stubbanámskeið fyrir 4–5 ára og voru þau mjög vel sótt.

Námskeiðin enduðu öll með misstórum sýningum, Á svið, brot úr Galdrakarlinum í Oz, Hefðarköttunum auk fjölda frumsaminnna leikrita. Leiðbeinendur voru þau Agnes Þorkelsdóttir Wild, Sigrún Harðardóttir og Halldór Snorrason.

**Sýningar**

Lokaverkefni unglínganna sl. leikár var söngleikurinn Fúttlúz – alls voru þátttakendur um 40. Í nóvember var síðan frumsýnt barnaleikritið Mjallhvít og dvergarnir sjö og var leikstjóri Herdís Þorgeirsdóttir. Þátttakendur voru samtals um 20 manns. Í verkinu var frumsamin tónlist eftir Birgi Haraldsson. Einnig var í sýningunni lifandi tónlist og glæsilegir búningar undir stjórn Evu Bjarkar Harðardóttur.

Glefsur voru settar upp um vorið og voru það 12 frumsamin stuttverk eftir Maríu Guðmundsdóttur og Pétur Ragnar Pétursson. Þátttakendur voru 16. Leikstjórar voru Bóel Hallgrímsdóttir, Guðný María Jónsdóttir og Ólöf A. Þórðardóttir.

**Árlegir viðburðir og annað**

- \* Þorrablót var haldið og var Gylfinn með í fararbroddi á því. Mjög fjölmennt var og fór þessi skemmtun einstaklega vel fram.
- \* Sumardagurinn fyrsti – Ákveðið var að hafa flóamarkað og selja ofan af loftinu og var plastpokinn seldur og þú máttir setja það sem komst í hann fyrir 500 krónur. Þetta grísaði ágætlega af búningaloftinu.
- \* 17. júní – Að venju sáuum við um kynna bæði á setningu uppi á Torgi og eins á skemmtuninni við Hlégarðstún. Hjalli hjálmur og formaður sáu um þessi mál og börn úr leikgleðinni 10–12 ára fluttu lög úr Galdrakarlinum í Oz. Fjaldrottning var Hrefna Vestmann.
- \* Kveikt á jólatrénu – Fjöldi jólasveina og leikarar úr Mjallhvíti og dvergum sjö sáu um að skemmta við jólatréð og dansa í kringum jólatré inni í Kjarna.
- \* Þrettándinn – Það verður fjölmennari hópurinn sem tekur þátt í þessu skemmtilega verkefni með hverju árinu og var mikið um tröllabörn, álfa og allskonar vættir og figúrir í göngunni þetta árið og að sjálfsögðu fjöldinn allur af jólasveinum. Álfadrottningin var Brynhildur Sveinsdóttir annað árið í röð – enda sérstaklega óskað eftir henni!
- \* Í túninu heima – Að venju var leikfélagið með bás og þetta árið voru hengd upp gömul plaköt/auglýsingar og gamlar myndir til sýnis, eins voru upptökur af eldri uppfærslum sýndar á sjónvarpsskjá.
- \* Leiklistarskóli BÍL – Félagið átti fjóra þátttakendur þetta árið.
- \* Dagur listaskólans – Vorum með opið hús og notuðum tækifærið til að laga til á loftinu, ekki var mjög gestkvæmt þennan dag og var því ágætis



Fúttlúz



Ástin er hverful



Glefsur



Glefsur

vinnufriður.

\* Aðalfundur BÍL var haldinn að Sveinbjarnargerði við Eyjaförð og voru fimm fulltrúar á vegum leikfélagsins á fundinum.

\* Margt Smátt stuttverkahátíðin var haldin á Seltjarnarnesi og í fyrsta sinn tóku Færeyingar þátt. LM átti eitt verk á hátíðinni eftir Mariu Guðmundsdóttur

\* Framkvæmdir í húsinu hafa verið miklar þetta árið og kostnaðarsamar. Viðbyggingin var klædd ásamt ýmsu öðru til að hafa brunavarnir í húsinu í lagi. Félagsmenn tóku mikinn þátt í þeirri vinnu. Einnig er búið að smíða búningageymslu í viðbyggingunni þar sem ekki má geyma neitt uppi á háalofti vegna eldhættu.

\* Bærinn lagði einnig í tölverða vinnu og kostnað við að bæta brunakerfi og fl. til að bæta aðstæður í húsinu.

*Ólöf Þórðardóttir, formaður*



*Bar Par*

## **Leikfélag Ólafsfjarðar**

### **Bar Par**

Höfundur: Jim Cartwright

Þýðandi: Guðrún J. Bachmann

Leikstjóri: Guðmundur Ólafsson

Þátttakendur: 14                      Sýningar: 5                      Áhorfendur: 412

### **Skýrsla stjórnar:**

Stjórnin var þannig skipuð:

Puríður Sigmundsdóttir, formaður

Helena Jónsdóttir, gjaldkeri

Hafðís Kristjánsdóttir, ritari

Gunnlaug B. Guðbjörnsdóttir, meðstjórnandi

Anton Konráðsson, meðstjórnandi

Leikárið hjá okkur hófst með stjórnarfundi í júní 2009. Þar var ákveðið að setja upp BarPar og var Ólafsfirðingurinn Guðmundur Ólafsson leikari fenginn til að leikstýra okkur. Var það í fjórða sinn sem Gummi Fjólu, eins og hann er kallaður, starfar hjá okkur. Greiðlega gekk að manna í hlutverk en það hefur alltaf verið auðvelt þegar Gummi er hjá okkur. Fleiri vildu vera með en hlutverk sögðu til en Gummi var ekki í vandræðum með það, hann samdi nokkur auka hlutverk, eins og dósakonuna, stúlku á kassa og bætti inn í nokkrum söngatriðum. Æfingar hófust svo upp úr miðjum september og var frumsýnt 30. október. Sýndar voru fimm sýningar en við erum það heppin að Tjarnarborg er stór og fengum við að mestu þann fjölda sem við höfðum vonast eftir. Hefðum við þó viljað sýna oftár en sumir leikararnir höfðu ekki tók á fleiri sýningum. Sýningunni var mjög vel tekið og fengum við mikið lof bæjarbúa fyrir enda er þetta þannig stykki að allir fengu sitt, hlátur, grát og söng. Það voru þó nokkrir að stíga sín fyrstu spor á sviði og stóðu sig frábærlega vel. Svo voru nokkrir gamalreyndir að stíga á svið eftir nokkurra ára fjarveru. Er það mat okkar að þetta sé ein af vönduðustu sýningum sem Leikfélag Ólafsfjarðar hefur sett upp í langan tíma.

Um páskana vorum við svo með ljóðakvöld. Voru skáldin Halldór Laxness og Davíð Stefánsson tekin fyrir. Vorum við með tvær sýningar, á skírdag og laugardaginn fyrir páska. Þar voru einnig leiklesin nokkur leikrit eftir þá félagaga. Var þetta hin besta skemmtun í svona kaffihúsastíl þar sem fólk sat við borð með annað hvort kaffi, vatn eða guðaveigar í glasi. Enduðu svo herlegheitin með söng þar sem sungin voru ljóð eftir þá og líka eftir Magga Eiríks við góðar undirtektir gesta. Er þetta í fyrsta sinn sem við gerum eitthvað þessu líkt og vorum við svo spennt yfir þessu að ákveðið er að gera þetta aftur í haust en þá verða teknir fyrir höfundar hér úr firðinum. Og auðvitað var Gummi Fjólu með yfirumsjón yfir þessu. En því miður mistókst upptakan frá þessum kvöldum og erum við mjög leið yfir því.

Við erum þegar farin að plana næsta ár en þá verður Leikfélagið fimmtíu ára og er ætlunin að fara yfir sögu félagsins með leik og söng. Og hefur Gummi verið ráðinn til verksins en hann hefur áður samið fyrir okkur Ólafsfirðinga en það var þegar bærinn okkar hélt upp á fimmtíu ára kaupstaðarafmælið.

*Puríður Sigmundsdóttir,*

*formaður Leikfélags Ólafsfjarðar*

## Leikfélag Ólafsvíkur

### Með vífið í lúkunum

Höfundur: Ray Cooney

Þýðandi: Árni Ibsen

Leikstjóri: Gunnsteinn Sigurðsson

Þátttakendur: 20      Sýningar: 3      Áhorfendur: 375

### Skýrsla stjórnar:

Í stjórn eru:

Gunnsteinn Sigurðsson, formaður

Ingigerður Stefánsdóttir, gjaldkeri

G. Sirrý Gunnarsdóttir, ritari

Dóra Einarsdóttir, meðstjórnandi

Sigurlaug Jóhannsdóttir, meðstjórnandi

Fyrsti fundur stjórnar var að hausti 2009. Ákveðið var að setja upp léttan farsa til að hrista upp í allri deyfðinni í þjóðfélaginu. Fyrir valinu varð Með vífið í lúkunum eftir Ray Cooney og byrjuðu æfingar í janúar 2010 en voru með þásum því eina félagsheimili staðarins er jafnframt notað fyrir þorablót og aðra menningarviðburði. Frumsýning var 12. mars og önnur sýning 14. mars. Tóku Snæfellingar okkur mjög vel og erum við mjög þakklát fyrir.

Á ársfundi félagsins um vorið 2009, kom fram sú ósk félagsmanna að styrkja söfnunina hjá MND-félaginu og samtímis heiðra Eddu Heiðrúnu Backman. Edda Heiðrún tók sín fyrstu skref í leiklistinni hjá Leikfélagi Ólafsvíkur. Þann 9. apríl var svo síðasta sýningin og var hún jafnframt styrktarsýning og rann andvirði annars hvers miða til MND-Grensássöfnunarinnar, alls um 70.000 kr.

Að jafnaði setur Leikfélag Ólafsvíkur bara upp eitt verk á ári. Félagsheimilið okkar er orðið það fullsetið af alls kyns afþreyingum að stundum er erfitt að komast að.

*Gunnsteinn Sigurðsson, formaður*

## Leikfélag Rangæinga, Hvolsvelli

### Dýrin í Hálsaskógi

Höfundur: Thorbjörn Egner

Þýðendur: Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk

Leikstjóri: Guðrún Halla Jónsdóttir

Þátttakendur: 55      Sýningar: 13      Áhorfendur: 1196

### Allt í plati

Höfundur: Pröstur Guðbjartsson

Leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir

Þátttakendur: 21      Sýningar: 2      Áhorfendur: 146

### Grýla gerir uppreisn

Höfundur: Leikfélag Vestmannaeyja

Leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir

Þátttakendur: 23      Sýningar: 1      Áhorfendur: 95

### Skýrsla stjórnar:

Stjórnafundir voru 6 á árinu auk óformlegra funda í tengslum við æfingar og sýningar. Aðstaða félagsins í Njálshúsi var bætt til mikilla muna. Komið upp góðri förðunaraðstöðu auk þess sem félagið fékk nýtt geymsluherbergi til afnota. Sveitarfélagið lætur félaginu í té aðstöðu í Njálshúsi til æfinga og sýninga endurgjaldslaut.

### Leikárið

Leikfélag Rangæinga starfaði af fullum krafti á liðnu leikári. Tekið var til sýninga leikritið Dýrin í Hálsaskógi í leikstjórn Guðrúnar Höllu Jónsdóttur. Æfingar hófust í byrjun janúar og var frumsýnt 13. mars í Njálshúsi. Sýningar gengu mjög vel og urðu alls 13 og áhorfendur 1196. Sýningum varð að hætta fyrr en ætlað var vegna náttúruhamfara í Eyjafjallajökli. Sýnt var í Njálshúsi. Alls tóku um 50 manns þátt í sýningunni.



*Með vífið í lúkunum*



*Dýrin í Hálsaskógi*



*Allt í plati*

**Ungliðastarf**

Eins og undanfarin ár var boðið upp á leiklistarþjálfun fyrir börn á aldrinum 8–11 ára. Alls tóku 24 börn þátt í þessu starfi. Þjálfunin fór fram einu sinni í viku allan veturinn. Auk þess voru settar upp tvær sýningar, ein fyrir jól og ein að vori. Fyrir jól var sett upp leikritið Grýla gerir uppreisn sem er leikrit samið af félögum í Leikfélagi Vestmannaeyja. Í vor var svo sett upp leikritið Allt í plati eftir Pröst Guðbjartsson. Reyndar breyttum við nafninu aðeins og kölluðum það Allt í plati í Tunguskógi þar sem við í Rangárvallasýslu eigum skóg sem heitir Tunguskógur. Þar af leiðandi voru trén í leikmyndinni að sjálf-sögðu með tungu. Leiklistarþjálfun allan veturinn sá Margrét Tryggvadóttir um og var hún einnig leikstjóri sýninganna. Alls voru áhorfendur á sýningunum tveimur 253.

Hlíð, 19. ágúst 2010

Sigurgeir L. Ingólfsson, formaður



Rúi og Stúi

**Leikfélag Sauðárkróks****Rúi og Stúi**

Höfundur: Skúli Rúnar Hilmarsson og Örn Alexandersson

Leikstjóri: Pröstur Guðbjartsson

Þátttakendur: 37                      Sýningar: 10                      Áhorfendur: 465

**Fólkið í blokkinni**

Höfundur: Ólafur Haukur Símonarson

Leikstjóri: Jón St. Kristjánsson

Þátttakendur: 45                      Sýningar: 10                      Áhorfendur: 934



Fólkið í blokkinni

**Skýrsla stjórnar:**

Leikárinu 2008–2009 lauk á fjölmennum og skemmtilegum aðalfundi 8. júní 2009. Að öllu jöfnu fer LS-fólk í sumarfrí eftir aðalfund, en síðasta sumar var aðeins breyting á, því sumarið var frekar annasamt en jafnframt skemmtilegt.

LS tók þátt í Jónsmessuhátíð á Hofsósi sem gekk vel. Jóhanna, Ása María og Fannar sýndu brúðuleikhús um Kárius og Baktus tvisvar sinnum og stóðu sig með þryði.

Lummudagar voru haldnir hér í Skagafirði í fyrsta skipti í júní og segja má að LS-fólk hafi séð um skemmtiatriði þar að mestum hluta. Fyrst mættu nokkrar figúru frá LS á varðeld á opunarhátíð Lummudaganna á föstudagskvöldinu. Á laugardegnum var byrjað á að bjóða upp á andlitsmálningu í Leikborg. Brúðuleikhúsið sem var á Jónsmessunni var svo sýnt tvisvar sinnum. Karnivalganga var í gegnum bæinn og einnig tók LS þátt í sýningu um það hvernig ull var flutt til bæjarins fyrr á árum. Um kvöldið tók LS svo þátt í kvöldvöku þar sem m.a. voru sungin lög úr Ávaxtakörfunni, Frá okkar fyrstu kynnum og Kárius og Baktus spruttu upp úr brúðuleikhúsinu í fullri stærð. Almenn ánægja var með þátttöku LS í Lummudögum.

Síðan tók Roklandsævintýrið við og tók stór hópur LS-fólks þátt í upptökum á myndinni. Má segja að LS-hópurinn hafi verið við tökum bæði nótt og dag. Yngsti þátttakandinn var aðeins nokkurra mánaða gamall, hann Bjartmar Dagur hennar Sylvíu sem var t.d. aktívur í nætursenum. Við biðum svo spennu eftir að við sláum í gegn sem kvikmyndastjórnur þegar myndin birtist á hvíta tjaldinu, sem verður vonandi á árinu. Samstarfið við Roklandsfólk gekk að mestu mjög vel og lagði LS-fólk á sig mikla vinnu, m.a. með því að vera með bakkgirinn svaðalega virkan á Þverárfjallinu. Útbörnuð, fílsleg, sveitajússa lagði það á sig að vakna fyrir allar aldir til að skunda í KS Varmahlíð eftir hamborgaratilboði; menn og konur voru blaut og köld eftir Grettislaug og sjó-sund; nætursenur teknar upp aftur og aftur – já það skipti víst máli hvort Ólafur Darri var með tagl eða ekki tagl! Einnig fóru vetrartökur fram í miklu frosti þar sem fullorðna fólkinu var frekar kalt en börnin glöddust yfir að fá stjörnu-blys aftur og aftur og fleiri flugeldasýningar. En þetta var lærdómsríkur tími og þetta er allt gott og skemmtilegt í minningunni.

Pröstur Guðbjartsson eða Dösti okkar kom svo og leikstýrði hjá okkur í haust barnaleikritinu Rúa og Stúa eftir Skúla Rúnar Hilmarsson og Örn Alexandersson. Leikritið var sýnt 10 sinnum í Bifröst en áhorfendur hefðu mátt vera fleiri, voru aðeins 462. Á þessum tíma gekk yfir mikil flensa og hálfgerður svínafleusuhæðslufaraldur sem sjálfsagt hefur dregið úr aðsókninni. Æfinga-



tímabilið og sýningar gengu hins vegar hið besta og vert er að þakka öllum þeim sem komu að sýningunni.

Svo í byrjun febrúar kom Jón Stefán Kristjánsson til okkar og byrjað var að æfa söngleikinn Fólkið í blokkinni eftir Ólaf Hauk Símonarson. Leiktímabilið gekk vel og sýningar sömuleiðis. Húsið var fullt sýningu eftir sýningu og stundum fullt „a la formaður“ en fyrir þá sem ekki vita þýðir það að nokkrum stólum sé bætt við í öllum mögulegum skotum. Sýningar urðu alls 10 og áhorfendur 934. LS og veitingastaðurinn Ólafshús fóru í samstarf með mat og leikhúsmiða sem mæltist vel fyrir og 99 manns nýttu sér það. Stjórn LS þakkar öllum sem komu að sýningunni kærlega fyrir.

Komandi leikár er svo fullt af skemmtilegum verkefnum og vonumst við í stjórn LS til að þátttaka LS-fólks verði áfram góð, því án ykkar er þetta alls ekki mögulegt.

*Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir, formaður*

## Leikfélag Selfoss

### Birtingur

Höfundur: Voltaire og Hafnarfjarðarleikhúsið

Þýðandi: Halldór Laxness

Leikstjóri: Ólafur Jens Sigurðsson

Þátttakendur: 45      Sýningar: 18      Áhorfendur: 770

### Drekinn

Höfundur: Fóstbræður

Leikstjóri: Sigríður Hafsteinsdóttir

Þátttakendur: 4      Sýningar: 2      Áhorfendur: 54

### Næstum brúðkaup og örugglega jarðarför

Höfundur: Óþekktur

Leikstjóri: F. Elli Hafliðason

Þátttakendur: 4      Sýningar: 2      Áhorfendur: 54

### Góðar stundir

Höfundur: F. Elli Hafliðason

Leikstjóri: Marianna Ósk Sigfúsdóttir

Þátttakendur: 4      Sýningar: 3      Áhorfendur: 204

### Skýrsla stjórnar:

Á fyrsta fundi sínum skipti stjórn með sér verkum. Sigrún Sighvatsdóttir formaður, Íris Árný Magnúsdóttir varaformaður, Svanhildur Karlsdóttir gjaldkeri, F. Elli Hafliðason ritari og Stefán Ólafsson meðstjórnandi. Í varastjórn sátu Gerður H. Sigurðardóttir, Marianna Ósk Sigfúsdóttir og Jósef Geir Guðmundsson. 33 stjórnarfundir voru haldnir enda var mikið um að vera.

Um mánaðamótin apríl-maí var leikfélagið, ásamt Leikfélagi Ölfuss, gestgjafi aðalfundar Bandalags íslenskra leikfélaga. Nokkrir félagar fóru á fundinn sem haldinn var á Hótel Hlíð í Ölfusi. Á fundinum var Sigríður Karlsdóttir fundarstjóri og fluttu félagar skemmtiatriði við góðar undirtektir. Í stjórn BÍL situr Guðfinna Gunnarsdóttir og Sigríður Karlsdóttir á sæti í skólanefnd BÍL.

\* Ævintýrið með Sjøræningjaprinsessuna, leikrit síðasta leikárs, hélt áfram fram á sumarið. Sjøræningjar fóru víða með atriði, m.a. á opnunaráttíð Vor í Árborg, á Hafnardaga í Þorlákshöfn, Fjör í Flóa og á Menningarnótt í Reykjavík.

\* Hugarflug var haldið á menningarhátíðinni Vor í Árborg sem fór fram í maí. Þar fluttu eldri og yngri leikarar fjölbreytt atriði eins og sögulestur, stuttverk og söng.

\* Alls sóttu 37 börn tvö leikhúsnámskeið sem haldin voru í júní í umsjón Írisar Árnýjar Magnúsdóttur og Sigrúnar Sighvatsdóttur og fóru námskeiðin vel fram.

\* Átta félagar sóttu námskeið í Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga í Svarfaðardal í júní.

\* Við héldum reunion fyrir nemendur Leiklistarskóla BÍL og tókst það ljóm-andi vel. Íris Árný Magnúsdóttir hafði yfirumsjón með því.

\* Sveitarfélagið Árborg var gestasveitarfélag á Menningarnótt í Reykjavík og



*Birtingur*



*Birtingur*



Næstum brúðkaup og örugglega jarðarför



Góðar stundir



Blúndur og blásýra



Par sem sólin á heima

var okkur boðið að vera með. Við sýndum þrjú atriði í Ráðhúsi Reykjavíkur sem var vel tekið af tröðfullum sal áhorfenda.

\* Í september var haldinn opinn kynningarfundur þar sem dagskrá vetrarins var kynnt.

\* Við fengum Árna Pétur Guðjónsson til að halda tvö leiklistarnámskeið sem tókust vel, en dræm þátttaka var á þau.

\* Hugarflug var aftur haldið í október með ágætum, en umsjón með hátíðinni var í höndum Mariönnu Óskar Sigfúsdóttur og F. Ella Hafliðasonar.

\* Ákveðið var að endurvekja laugardagskaffi en þá erum við með opið hús á laugardagsmorgnum og gefst félögum og öðrum kostur á að líta við og hitta aðra félagi. Hefur þetta gefist ágætlega.

\* Nokkrir félagar fóru á stuttverkahátíðina Margt Smátt sem haldin var í Reykjavík á vegum BÍL og frumsýndu þar leikverk eftir félagi okkar F. Ella Hafliðason. Heimildamynd var gerð um ferð okkar þangað.

\* Haustfundur BÍL var haldinn í nóvember og fóru fjórir félagar frá okkur þangað. Aðalefni fundarins voru annars vegar niðurskurður ríkisins til áhuga-leikfélaga og hins vegar NEATA-leiklistarhátíðin, norður-evrópsk leiklistarhátíð, sem haldin verður á Akureyri 10.–15. ágúst nk.

\* Við fengum heimsókn frá nemendum Sunnulækjarskóla sem eru í Flott án fíknar klúbba. Farið var með þeim í leiki og sýnisferð um leikhúsið.

\* Í desember héldum við Jólakvöld. Boðið var upp á kaffi og komu félagar með bakkelsi. Lesnar voru sögur og ljóð og sungin voru jólalög. Var þetta mjög skemmtileg uppákoma sem vonandi festist í sessi.

\* Nokkur leikfélög á höfuðborgarsvæðinu ásamt okkar leikfélagi stofnuðu gagnrýndasjóð sem gengur út á það að leikfélögin borga ákveðna upphæð í sjóðinn og geta síðan sótt um að fá gagnrýnanda á leiksýningu hjá sér. Gefur þetta leikfélögum tækifæri á að fá faglega umfjöllun um leiksýningar sínar frá utanaðkomandi aðilum.

\* Ráðist var í stóra og krefjandi uppfærslu á leikritinu Birtingur eftir Voltaire í samvinnu við leikstjóran Ólaf Jens Sigurðsson og notast var við leikgerð Hafnarfjarðarleikhússins. Um 45 manns komu að sýningunni á einn eða annan hátt og vorum við sérstaklega heppin með að fá fjölhæft fólk til að aðstoða okkur við að gera þessa sýningu sem glæsilegasta. Má m.a. nefna að saumaðir voru hátt í 76 búningar fyrir jafn mörg hlutverk auk þess sem unnar voru 20 hárkollur. Frumsýnt var 12. febrúar og voru sýndar 15 sýningar. Aðsókn hefði mátt erum afar stolt af þessari uppfærslu. Fékk sýningin frábæra dóma gagnrýnenda og var hún valin til að taka þátt á NEATA-leiklistarhátíðinni sem haldin verður á Akureyri 10.–15. ágúst nk.

\* Mikið af nýju fólki hefur komið til liðs við okkur í leikfélaginu og er spennandi og skemmtileg vinna framundan.

Stjórn Leikfélags Selfoss

### Leikfélag Seyðisfjarðar

#### Blúndur og blásýra

Höfundur: Joseph Kesselring

Þýðandi: Karl Ágúst Úlfsson

Leikstjóri: Snorri Emilsson

Þátttakendur: 22

Sýningar: 4

Áhorfendur: 246

### Leikfélag Sólheima, Grímsnesi

#### Par sem sólin á heima

Höfundur og leikstjóri: Edda Björgvinsdóttir

Þátttakendur: 48

Sýningar: 6

Áhorfendur: 867

#### Skýrsla stjórnar

Samkvæmt venju var sett upp leikrit og varð fyrir valinu Par sem að sólin á heima. Haft var samband við Eddu Björgvinsdóttur og hún beðin um að rita leikverk um æfi og störf Sesselju Hreindísar Sigmundsdóttur. Edda kom í byrjun árs með uppkast til stjórnar sem fór yfir handritið og fór fram á nokkrar breytingar, sem voru gerðar. Þegar æfingar byrjuðu og voru komnar nokkuð áleiðis, þá enn og aftur þyrmdi yfir formanninn, þetta mun aldrei takast, guð minn góður!

En annað kom á daginn. Þetta gekk upp eins og árið áður og var mikið sungið í þessu verki og var hirðskáld verksins Pétur Pétursson fenginn til liðs við okkur og einnig söngdífan Sigrún Hjálmtýsdóttir. Frumsýnt var á sumardaginn

fyrsta og voru sýndar 5 sýningar hér heima og var aðsókn þolanleg.

Síðan var farið með verkið í leikhús Þjóðarinnar og það sýnt þar einu sinni fyrir næstum fullu húsi. Þess ber að geta að allar viðtökur og viðmót starfsfólks í Þjóðleikhúsinu voru hreint frábærar og okkar fólk var okkur til sóma. Til að loka verkinu var farið með eldri leikara á Hótel Geysi til snæðings en börnin fóru í Nauthólsvík og snæddu síðan í Perlunni. Vill stjórn Leikfélagsins þakka þeim góðu aðilum sem lögðu hönd á plóg og einnig mökum sem heima voru, meðan maki þeirra var á æfingum eða sýningum!

Enginn komst á aðalfund BÍL þetta árið, þar sem að við vorum að sýna um sömu helgi og fundurinn var. Annað markvert var ekki að gerast hjá Leikfélagi Sólheima á árinu 2010.

Sölvi B. Hilmarsson, formaður

## Leikfélag Vestmannaeyja

### Pétur Pan

Höfundur: J.M. Barrie

Þýðandi: Karl Ágúst Úlfsson

Leikstjóri: Laufey Brá Jónsdóttir

Þátttakendur: 55 Sýningar: 8 Áhorfendur: 905

### Fullkomið brúðkaup

Höfundur: Robin Hawdon

Þýðandi: Örn Árnason

Leikstjóri: Ari Matthíasson

Þátttakendur: 30 Sýningar: 12 Áhorfendur: 1200

## Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn

### Maður í mislitum sokkum

Höfundur: Arnmundur Backman

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson

Þátttakendur: 23 Sýningar: 13 Áhorfendur: 750

### Margt er skrytið

Höfundur og leikstjóri: Magnús J. Magnússon

Þátttakendur: 11 Sýningar: 2 Áhorfendur: 95

### Hollenski draugurinn í Þorlákshöfn – útvarpsleikrit

Höfundur og leikstjóri: Árný Leifsdóttir

Þátttakendur: 5 Sýningar: 4 Áhorfendur: ?

### Heiðin fagra – útvarpsleikrit

Höfundur: Magnþóra Kristjánsdóttir

Leikstjóri: Árný Leifsdóttir

Þátttakendur: 5 Sýningar: 4 Áhorfendur: ?

### Skýrsla stjórnar:

Leikárið hófst með því að ný stjórn tók til starfa en á síðasta aðalfundi gengu úr stjórn Árný Leifsdóttir formaður og Magnþóra Kristjánsdóttir meðstjórnandi. Prúður Sigurðar tók við formennsku af Árnýju og Hulda Gunnarsdóttir kom ný í stjórn og tók við varaformannssæti af Prúði. Vilhjálmur Garðarsson gekk inn í aðalstjórn úr varastjórn og Ragnheiður Helga Jónsdóttir og Þórður Njálsson komu inn sem varamenn. Síðar á árinu kom Íris Hafþórsdóttir inn í stað Ragnheiðar. Skömmu fyrir aðalfund óskaði Villi eftir leyfi og var ákveðið að Íris tæki sæti hans fram að aðalfundi en stjórn taldi ekki þörf á að flýta fundi þar sem engin sérstök verkefni lágu fyrir fram að honum.

Fyrsta verk nýrrar stjórnar var að taka skipurit byggt á grunni gamalgróinna leikfélaga og aðlaga að okkar félagi. Það er trú okkar í stjórn að skipuritið hafi átt þátt í því hversu vel tókst til við allan undirbúning og utanumhald á síðustu upptærslu. Undirbúningur gekk vel og mjög margir félagar komu að verkinu eða 25 manns. Einhverjir voru með efasemdir í fyrstu og töldu að við værum að gera einfalda hluti flókna. Raunin varð þó sú að allt utanumhald reyndist



Pétur Pan



Fullkomið brúðkaup



Maður í mislitum sokkum



Margt er skrytið

auðveldara og fólk vissi til hvers var ætlast og hvað þyrfti að gera. Það varð til þess að allir voru öruggari og ánægðari með það sem þeir voru að gera. Stjórn tók sérstaklega eftir því hversu góður andi og mikil samstaða er innan hópsins og hefur einkennt okkur þetta árið og verður vonandi svo áfram. Öll erum við hér af áhuga og til að njóta góðs félagsskapar.

Inn á þetta leikár höfum við fengið úthlutað styrkjum úr þremur sjóðum fyrir þrjár mismunandi sýningar. Frá BÍL fyrir Blúndur og blásýru, frá menningarnefnd sveitarfélagsins Ölfuss fyrir Mann í mislitum sokkum og frá Menningar-sjóði Suðurlands fyrir Stútunga sögu sem sett verður upp á komandi leikári. Styrkjanefnd tók til starfa í upphafi þessa leikárs en í henni eru Magnþóra og Árný. Þær hafa staðið sig með mikilli þryði. Búninga- og leikmunanefnd tók einnig til starfa og hafði á sinni könnu að koma búningasafni og leikmunum félagsins í viðunandi horf í húsnæði því sem við höfum til afnota. Formaður búninganefndar er Helena Helgadóttir.

Leikfélagið hefur smátt og smátt verið að fjárfesta í ýmsum nauðsynlegum hlutum og eignuðumst við okkar fyrstu ljóskastara fyrir nokkru. Keyptir voru 6 nýir kastarar sem voru fyrst notaðir í sýningunni Margt er skrýtið sem ungl-ingarnir settu upp í febrúar. Við keyptum einnig vél sem bæði er myndbands-upptöku- og ljósmyndavél þar sem nauðsynlegt er að taka upp sýningar svo þær séu styrkhæfar. Við keyptum einnig flakkara til að geyma gersemar okkar á. Gólfteppi á sviðið var einnig keypt en það mun nýtast í flestar ef ekki allar sýningar sem við komum til með að setja upp í framtíðinni. Einnig var keypt kaffivél til að halda okkur vakandi fram eftir kvöldi. Það er þó ekki svo að við höfum verið að brúðla með fjármuni heldur voru sambönd nýtt til hins ýtrasta. Benni Axelss ljósamaður hafði milligöngu með kaup á ljósunum en við fengum að fljóta með í pöntun fyrirtækis sem lækkaði verð verulega. Árni Baldur maður formanns, keypti fyrir okkur myndavélina, fékk góðan afslátt og má segja að flakkarinn hafi fylgt frítt með. Kaffivélin var keypt fyrir dósir sem Gugga fyrrum rekstraraðili bakarísins safnaði og gaf okkur og einnig dósir sem til féllu á æfingum. Það má því segja að hver dós og króna sé vel nýtt. Við þökkum þeim og öllum öðrum sem styrkt hafa okkur eða aðstoðað á einhvern hátt kærlega fyrir. En nú hefur okkur líka tekist að eignast grunn að öllum helstu hlutum og það kostnaðarsamasta sem þarf fyrir leiksýningar, því í fyrra keyptum við ljósaborð og gerð var fjölnota leikmynd sem auðveldlega nýtist aftur og aftur með smávægilegum breytingum. Við ættum því að vera í þokkalega góðum málum.

Við gerðumst aðilar að gagnrýnendasjóði Bandalags íslenskra leikfélaga sem stofnaður var í febrúar sl.

Verkefni félagsins hafa verið mörg og fjölbreytt að vanda. Fyrsta verkefnið var Opið hús á Hafnardögum í júní. Þá gátu gestir og gangandi skoðað húsa-kynni félagsins, boðið var uppá andlitsmálun fyrir börnin og kaffi og vöfflur voru til sölu. Daníel Haukur var kynnr á bryggjunni og lýsti því sem fram fór þar. Nokkrir félagar tóku að sér að vera með skemmtiatriði á sjómannadagsballinu. Leikfélagið sá einnig um Listasmiðju fyrir börnin og Prumpulína mætti á svæðið. Aðkoma leikfélagsins að Hafnardögum mæltist vel fyrir hjá félagsmönnum sem og gestum. Í ágúst valdi stjórn verk fyrir leikárið en fyrir valinu varð Maður í mislitum sokkum, eftir Arnmund Backman, og leikstjóri var ráðinn Gunnar Björn Guðmundsson. Þetta var í annað sinn sem hann leikstýrði okkur. Æfingar hófust í lok ágúst en frumsýnt var 16. október. Æfingar gengu vel og var gengið rösklega til verks. Að lokinni frumsýningu var frumsýningarpartí en þangað var öllum sem komu að undirbúningi og uppfærslu boðið með mökum. Þegar sýningum lauk bauð Róbert Karl okkur heim þar sem stórkostlegt lokahóf fór fram en Róbert fékk tengdason sinn og dóttur til að töfra fram dýrindis þriggja rétta máltíð eins og á finasta veitingahúsi, stórkostlegt framtak sem við kunnum Róberti og hans fjölskyldu miklar þakkir fyrir. Við sama tækifæri horfðum við á upptöku af sýningunni sem vekur alltaf mikla kátínu meðal leikara. Í desember mættu svo Prumpulína og jólasveinn á jólaskemmtun hjá foreldrafélagi leikskólans og eru börnin enn að tala um þá skemmtilegu heimsókn. Í febrúar var komið að Þorrablótinu og tókst það með eindæmum vel eins og okkar er von og vísa. Í mars vorum við með atriði á árshátíð eldri borgara sem einnig vakti mikla lukku. Í febrúar stóðum við fyrir unglínganámskeiði sem Magnús Magnússon sá um og settu þau upp verkið Margt er skrýtið, þar sem markhópurinn var 2–8 ára áhorfendur. Sýndar voru tvær sýningar sem gengu mjög vel og ljóst að mikið er af hæfileikaríkum og skemmtilegum börnum og unglingum í Þorlákshöfn.

Síðastliðna helgi fóru Prúður, Hulda og Magnþóra á aðalfund BÍL sem haldinn var í Sveinbjarnargerði í Eyjafirði. Á fundinn mættu rúmlega 50 manns frá 19 leikfélögum. Ferðalagið gekk vel þrátt fyrir að reynt hafi verið að stöðva för okkar þar sem keyrt var aftan á okkur áður en við sluppum úr Borg óttans, sem sannarlega ber nafn með rentu. Um kvöldmatarleytið vorum við þó komnar heilar á húfi í Eyjafjörðinn. Þar tók á móti okkur hópur skemmtilegra manna og kvenna frá Freyvangsleikhúsinu og Leikfélagi Hörgdæla.

Stjórn LÖ ákvað að hefja undirbúning tímanlega fyrir næsta leikár og hefur því valið leikverk og ráðið leikstjóra, en æfingar munu hefjast í byrjun september. Stefnt er að frumsýningu í lok október. Verkið sem sett verður upp heitir Stútunga saga og er samið af þeim Ármanni Guðmundssyni, Þorgeiri Tryggvasyni, Sævari Sigurgeirssyni og Hjördísi Hjartardóttur. Leikstjóri verður Ármann.

Framundan eru skemmtileg verkefni sem hefjast á Hafnardögum og síðan leikritinu. Gera má ráð fyrir að „fastir liðir“ verði á nýju ári og má þar t.d. telja Þorrablót og árshátíð eldri borgara. Er það von okkar að sem flestir taki þátt í starfinu með okkur á nýju leikári sem nú hefst og gangi í félagið.

Að lokum viljum við þakka öllum sem á einhvern hátt hafa starfað með eða stutt leikfélagið, fyrir allt og vonumst eftir áframhaldandi góðu og gefandi samstarfi.

*Prúður Sigurðar, formaður*

## **Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi**

### **Láttu ekki deigan síga Guðmundur**

Höfundur: Edda Björgvinsdóttir og Hlín Agnarsdóttir

Leikstjóri: Guðmundur Bragi Kjartansson

Þátttakendur: 27      Sýningar: 5      Áhorfendur: 320

### **Skýrsla stjórnar**

Á síðasta leikári var ákveðið að sýna leikritið Láttu ekki deigan síga Guðmundur, vandamálið var bara hvar við gætum sýnt. Fundað var með bæjarráði 2. september vegna húsnæðismála Leikfélagsins og seinna með Jóhönnu skólustjóra Tónlistarskólans og bæjarstjóra vegna möguleika á að sýna í Tónó en ekkert virtist ætla að ganga upp. Haldnir voru fjöldi stjórnarfundu. Í byrjun nóvember varð svo félagshimilið Skjöldur fyrir valinu. Bærinn tók að sér að borga rafmagn og hita og við gátum fengið húsið út af fyrir okkur eftir þorrablótið en þó hafið undirbúning fyrir, sem við og gerðum. Við auglýstum eftir leikurum með góðum árangri, samlestur byrjaði 23. nóvember og var ákveðið að ég undirritaður myndi leikstýra og stuðla þannig að minni kostnaði vegna leikstjóra, þar sem Leikfélagið stóð frekar höllum fæti fjárhagslega. Töluverð umræða var í bænum um húsnæðisvandamál Leikfélagsins og var það einnig rætt í Svæðisútvarpi Vesturlands og þess getið þar að Guðmundur formaður væri ekki að láta deigan síga. Lalli Hannesar boðaði stjórn á fund upp í Grunnskóla 22. nóvember vegna jólatónleika til styrktar Leikfélaginu og tók það ákveðna hluti að sér við framkvæmd þeirra. Tónleikarnir tókust vel og voru haldnir aukatónleikar, frábært framtak.

Það er óhætt að segja að starfsemin í Skildi hafi verið frekar erfið að mörgu leyti, mikill tími fór í ferðir, sameina þurfti í bíla og stundum varð seinkun á æfingum vegna óstundvísi leikara. Það reyndi á þólrifin þegar leikarar hættu í hlutverki og það jafnvel tveir í sama hlutverki. Þess má geta að ég ætlaði ekki að leika en varð að taka að mér hlutverk Guðmundar eldri, þannig að þetta var orðið of mikið fyrir mig. Inga var í sambandi við Guðjón Sigvaldason leikstjóra allan tímann og hann kom og setti endapunktinn á uppfærsluna með frábærum lausnum. Frumsýnt var 23. apríl.

Ég var boðaður á fund fyrir skömmu með Gyðu bæjarstjóra og Lalla Hannesar þar sem voru ræddir möguleikar á lausnum varðandi Leikfélagið og er verið að vinna í þeim málum. Ég vil að lokum þakka fráfarandi stjórn samstarfið og vona að næsta stjórn fái að upplifa einhverjar breytingar í húsnæðismálum Leikfélagsins.

*Guðmundur Bragi Kjartansson, formaður*



*Láttu ekki deigan síga Guðmundur*



Komið og farið



Grandlendingasaga



Léttar meistarafléttur

## Leikfélagið Peðið, Reykjavík

### Grandlendingasaga

Höfundur: Jón Benjamín Einarsson

Leikstjóri: Guðjón Sigvaldason

Pátttakendur: 23

Sýningar: 6

Áhorfendur: 272

### Komið og farið

Höfundur: Samuel Beckett

Þýðandi: Árni Ibsen

Leikstjóri: Guðjón Sigvaldason

Pátttakendur: 4

Sýningar: 2

Áhorfendur: ?

### Léttar meistarafléttur

Höfundar: Rowan Atkinson, Steinn Á. Magnússon, Davíð Þór Jónsson og John P. Stanley

Þýðendur: Björn Gunnlaugsson og Stefán B. Rafnsson

Leikstjórar: Guðleifur R. Einarsson, Björn Gunnlaugsson og Stefán B.

Rafnsson

Pátttakendur: 3

Sýningar: 2

Áhorfendur: ?

### Skýrsla stjórnar:

Á aðalfundi 2009 var kosin ný stjórn. Stjórnina skipa:

Gunnar F. Árnason, formaður

Halldór Sigurðsson, varaformaður

Ingunn Ólafsdóttir, gjaldkeri

Kormákur Bragason, ritari

Stefán Berg Rafnsson, meðstjórnandi

Á leikárinu hélt stjórnin 8 fundi.

Leikárið hefur verið ansi litríkt. Á vordögum 2009 sýndum við Álperu Jóns Benjamíns Einassonar, með frumsaminni tónlist eftir Kormák Bragason og Björgúlf Egilsson, við mikla hrifningu áhorfenda og einróma lof gagnrýnenda. Þegar sýningum lauk hófumst við handa við að finna hentugt verk til að sýna á jólaaðventunni. Fyrir valinu varð annað verk eftir hirðskáldið okkar Jón Benjamín, Grandlendingasaga. Við fengum Guðjón Sigvaldason til að leikstýra. Eins og venja er, var samin tónlist sérstaklega fyrir verkið. Tónsmíðar voru í höndum Kormáks Bragasonar, Magnúsar R. Einarssonar og Andreu Gylfadóttur. Sýndar voru fimm sýningar. Aldrei hefur áður komið svo margt fólk að uppsetningum Peðsins eins og fyrir þessi tvö verk. Alls má reikna með að í kringum 25–30 manns hafi með beinum eða óbeinum hætti komið að uppsetningu verkanna og kunnum við þeim allar okkar bestu þakkir.

Peðið kom einnig við sögu á Menningarhátíð Grand Rokk í júní 2009, en þar voru sýnd tvö stutt verk. Annars vegar sýndu félagar verkið Komið og farið eftir Samuel Beckett og hins vegar tóku þrjú félagar sig til og settu upp þrjú litla „sketcha“ undir nafninu Léttar meistarafléttur.

Þegar kom að því að fara að að leita uppi verk til að sýna um páska var fótunum skyndilega kippt undan litla Peðinu, þar sem húsnæðið sem við höfðum haft til æfinga og sýninga var tekið af okkur. Það mun þó ekki hafa varanleg áhrif því okkur hefur boðist annað húsnæði þar sem við getum haldið áfram að leika okkur og skemmta öðrum.

Tveir fulltrúar Peðsins sóttu ársþing BÍL sem var haldið að Sveinbjarnargerði við Eyjafjörð í byrjun maí 2010. létu þeir vel af vistinni og samvistum við annað svipað þenkjandi leikhúsfólk og komu til baka uppfyllir af hugmyndum og gleði.

Peðið hefur nú færst um reit og kemur tvíeft til baka á leikborðið, tilbúið að takast á við það sem verður á vegi þess.

15. maí 2010

Gunnar F. Árnason, formaður

## **Leikfélagið Skagaleikflokkurinn, Akranesi**

### **Skýrsla stjórnar:**

Þann 4. febrúar 2010 var fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar Leikfélagsins Skagaleikflokkurinn. Formaður er Sigtryggur Karlsson, en stjórn skipti síðan með sér verkum á eftirfarandi hátt: Gjaldkeri er Guðbjörg Árnadóttir, ritari Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir og meðstjórnandi Gunnar Sturla Hervarsson.

Sótt var um aðild að Bandalagi íslenskra leikfélaga, umsóknin var samþykkt og Leikfélagið Skagaleikflokkurinn var tekið í félagatölu BÍL á fundi þann 14. mars.

Haft var samband við Pröst Guðbjartsson varðandi leikstjórn og ráðgjöf um verkefnaval. Þöntuð voru handrit til aflestrar og á endanum ákveðið að stefna á uppsetningu á Fiskar á þurru landi eftir Árna Ibsen undir stjórn Prastar næsta haust.

*Fyrir hönd stjórnar Leikfélagsins Skagaleikflokkurinn,  
Guðbjörg Árnadóttir*

## **Leikhópurinn Lopi, Hornafirði**

### **Margt er skrytið**

Höfundur og leikstjóri: Magnús J. Magnússon  
Þátttakendur: 14      Sýningar: 4      Áhorfendur: 150

### **Skýrsla stjórnar:**

Starfsemi Leikhópsins Lopa var ekki alveg með hefðbundnum hætti þetta leikárið. Starfsemin fór frekar seint af stað af ýmsum ástæðum. En fund héldum við í október. Á fundinn mættu um 20 áhugasamir einstaklingar og var strax hafist handa við haustverkefnið. Ákveðið var að setja upp leikritið Margt er skrytið eftir Magnús J. Magnússon. Var valið sniðið að áhorfendum á leikskólaaldri.

Var sýningin gerð fyrir leikskólann en fulltrúar hans komu til okkar og báðu okkur um að setja upp sýningu fyrir leikskólaaldurinn. Fresta þurfti ferlinu aftur og aftur til að finna góðan sýningardag. Eftir skemmtilegt vinnuferli og strangar æfingar var verkið frumsýnt 16. janúar 2009. Sýningar voru í Mánagarði og urðu 4 talsins. Þetta var skemmtilegt verkefni og gefandi fyrir leikarana ungu að vinna slíka sýningu.

Leikarar Leikhópsins Lopa voru virkir og ákafir allt leikárið. Nú er stefnt að öðru þjóðleiksverkefni næsta vetur og er mikil spenna hjá okkur.

*Magnús J. Magnússon*

## **Leiklistarfélag Seltjarnarness**

### **Draugar og forynjur**

Höfundur og leikstjóri: Bjarni Ingvarsson  
Þátttakendur: 19      Sýningar: 4      Áhorfendur: 200

### **Skýrsla stjórnar:**

Á leikárinu 2009–10 héldum við í Leiklistarfélagi Seltjarnarness ótrauð áfram. Stuttverkahátíðin Margt smátt var haldin hér á Seltjarnarnesi þann 10. október og var það okkur sönn ánægja. Við höfðum mjög gaman af því að geta verið með í hátíðinni með örpætti þá sem við skutum inn í skiptingarnar. Góð reynsla sem við fengum þar.

Strax upp úr áramótum byrjaði okkar fasti kjarni að hittast til að ræða uppsetningu vorsins. Fljótlega var farið að ræða um að gera eitthvað sem við höfðum ekki gert áður, það er að segja ekki hefðbundið leikverk. Einnig að koma á einhvern hátt gamla tímanum inn í þetta.

Það sem við frumsýndum að lokum þann 24. apríl var í senn, frumsamið í samvinnu okkar leikfélaganna og leikstjórans, Bjarna Ingvarssonar, og byggt á þjóðsögum. Ekkert hlé var á sýningunni en hún var í kaffileikhússtíl. Gestum gafst kostur á að kaupa sér kaffi og meðlæti sem þeir gátu notið á með-

an á sýningu stóð. Þetta var virkilega skemmtilegt og gestir virtust njóta þess vel, þetta skapaði þægilegt andrúmsloft á milli þess sem gestir skulfu af hræðslu yfir þjóðsögunum sem lesnar voru eða leiklesnar! Nú eða hlógu dátt að ýmsum furðulegum karakterum sem þeir kynntust.

Sérstaklega skemmtilegt við sýninguna Draugar og forynjur var það hve breiður aldurshópur tók þátt í henni. Nokkrir meðlimir leikhópsins Snúður og Snælda, sem við fengum til liðs við okkur, og átta manna hópur af börnum og unglingum, settu skemmtilegan svip á sýninguna. Þökk sé þessum frá- bæra og litríka hópi.

Já, við hér í Leiklistarfélagi Seltjarnarness berum höfuðið hátt og höldum okkar striki í þeirri óbilandi trú að við séum að auðga menningarstarfsemi hér á litla nesinu okkar og umfram allt að við séum að skemmta okkur við að skemmta öðrum.

## **Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði**

### **Skýrsla stjórnar:**

Lítið hefur gerst hjá Leikhópnum Veru síðan síðasta skýrsla var gerð þann 18. júní 2009. Enn ríkir stjórnarkreppa í hópnum. Það gekk ekki eftir að áhuginn glæddist hjá unga fólkinu eftir samstarfið við skólana eins og vonir stóðu til. Brynhildur og María hittust í sumar og tóku til í leikmunageymslunni og þar með er upptalið það sem gert hefur verið á leikárinu. Það vantar alveg andann í þær stóllur til að framkvæma eitthvað annað en að senda hvorri annarri e-mail og tala um að nú þurfi að fara að gera eitthvað, en ekkert gerist svo meir.

Þær hittust svona til tilbreytingar til að setja saman þessa málamyndaskýrslu og skoða þá 3 reikninga sem eru í bókhaldinu, og ákváðu að senda ekki ársreikning fyrir en fleiri reikningar verða til að sýna. Það er von okkar að andinn detti ofaní Fáskrúðsfirðinga á næsta ári og að einhver þeirra sjái sig knúinn til að blása lífi í litla hópinn okkar.

*Fáskrúðsfjörður 18. nóvember 2010*

*Brynhildur Guðmundsdóttir og María Óskarsdóttir*

## **Litli leikklúbburinn**

### **Vegir liggja til allra átta**

Höfundur og leikstjóri: Elvar Logi Hannesson

Þátttakendur: 37                      Sýningar: 10                      Áhorfendur: 1000

### **Skýrsla stjórnar:**

Litli leikklúbburinn setti upp eina sýningu á leikárinu 2009–2010. Sýningin, sem var söngskemmtun, bar heitið Vegir liggja til allra átta. Hún var tileinkuð systkinunum Ellý og Vilhjálmi Vilhjálmsbörnum. Voru í sýningunni leikin 17 lög sem þau höfðu sungið, með sögufléttu sem féll að lögunum. Leikgerð og leikstjórn var í höndum Elfars Loga Hannessonar. Í sýningunni tóku þátt um 20 leikarar og hljómsveit. Sýningarnar, sem voru alls 10 tókust, mjög vel og var uppselt á flestar þeirra.

*Með kveðju,*

*Katrín Líney Jónsdóttir, formaður*

## **Snúður og snælda, Reykjavík**

### **Nakinn maður og annar í kjölfötum**

Höfundur: Dario Fo

Þýðandi: Sveinn Einarsson

Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson

Þátttakendur: 10                      Sýningar: 17                      Áhorfendur: 1345

### **Skýrsla stjórnar:**

Á stjórnarfundi 10. nóv. 2009 sagði Grétar Snær Hjartarson af sér sem formaður Snúðs og Snældu. Á félagsfundi 20. nóv. 2009 var svo Hörður S. Óskarsson kosinn formaður. Aðrar breytingar á stjórn urðu þær að Gunnar Helgason varð varaformaður en Magnús H. Ólafsson sem var varaformaður sagðist verða fjarverandi úr bænum þann vetur og gæti því ekki starfað sem



*Vegir liggja til allra átta*



slíkur. Aðalheiður Sigurjónsdóttir, tók við sem gjaldkeri og Björg Aðalsteinsdóttir var áfram sem ritari. Sigurósk Eyland sem var kosin sem varamaður í stjórn á síðasta aðalfundi treysti sér ekki að sitja áfram í stjórn vegna veikinda.

Nú voru 2 gengnir úr stjórn svo kjósa þurfti 2 nýja. Kosningu hlutu Theodór Halldórsson og Sigríður Helgadóttir sem varamenn í stjórn. Þegar hér var komið sögu var samlestur hafinn á leikritinu „Nakinn maður og annar í kjölfötum“ eftir Dario Fo. Bjarni Ingvarsson var leikstjóri, samt var ekki enn fullskipað í hlutverk og voru nú góð ráð dýr. En eins og máltækið segir „þegar neyðin er stærst er hjálpin næst“, því nú bættist við nýr og frábær liðsmaður Árílius Harðarson, leikritið fullmannað og við í góðum málum.

Æfingar urðu mjög stífar, sérstaklega í janúar, þar sem ákveðið var að hefja sýningar á sparidögum á Hótel Örk þann 9. febrúar. Frá 17. nóvember 2009 til 8. febrúar 2010 urðu æfingar alls 37, en 6 bættust við eftir forsyningu í Hveragerði. 3 æfingar í Stangarhyl 4, 12 æfingar í lðnó og 28 í Sætúni 8 hjá Bjarna leikstjóra. Ánægjulegt var að finna hvað leikhópurinn lagði sig fram um að gera sitt besta, en í hópnum voru 7 leikarar, 2 hvíslarar og 2 dyraverðir vegna sýninganna í lðnó. Reynt var að kosta sem minnstu til eins og mögulegt var.

Hin nýja stjórn hélt alls 8 fundi þar sem tekið var á málefnum félagsins. Gerð var fjárhagsáætlun og reynt að halda sig innan þess ramma. Samið við leikstjóra um kaup og annað. Ákveðið að aka á eigin bílum í Hveragerði til að spara rútukaup. Prentkostnaður var í algeru lágmarki. Einnig komumst við í sjónvarpið með mjög góða kynningu en keyptum svo eina auglýsingu í útvarpið. Frumsýnt var svo í lðnó sunnudaginn 21. feb. 2010 fyrir fullu húsi og við góðar undirtektir og veitingar voru að sýningu lokinni.

Alls sýndum við 17 sinnum, 5 sinnum í lðnó, 9 sýningar á Hótel Örk og svo einu sinni á elliheimilinu Grund, einu sinni á Hrafnistu í Hafnarfirði og einu sinni á Hrafnistu í Reykjavík. Þetta var algjör nýlunda hjá okkur að sýna á þessum vistheimilum og fengum við mikla þökk fyrir og ríkti almenn ánægja með þetta framtak félagsins. Fjöldi sýningargesta á öllum þessum sýningum varð alls 1.345 manns. Ég vil að lokum þakka öllum fyrir frábæra vinnu og ósérplægni við allt það mikla starf sem fylgir einni leiksýningu. Við þrotlausar æfingar, úttegjun leikmuna, dreifingu á plaggötum, prentun auglýsinga og aðra kynningu. Sérstaklega þökkum við Bjarna Ingvarssyni fyrir frábæra leiðsögn og einstaklega ljúfmannlegt viðmót og gott starf í vetur. Hann var sá sem dreif þetta áfram, sá um allan sviðsbúnað, smíðaði tunnuna, var með ljósinn og uppsetningu á tjöldum og var með okkur á öllum sýningunum 17.

Vetrarstarfinu lauk svo með lokahófi í Stangarhyl, þar sem við áttum notalega kvöldstund í hópi góðra félaga. Það var gaman að sjá hve margir sáu sér fært að vera með okkur í leikhópnum og þökkum við starfsstúlkum í Stangarhyl innilega allað aðstoð og hjálp.

Ég er alveg viss um að Leikfélagið Snúður og Snælda er skrautfjöldur í starfsemi Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Ég hef hér stiklað á helstu póstunum og mætti eflaust bæta fleiru við, eins og sýningunni á Grund sem Jón okkar Jónsson átti frumkvæðið að, kerrunni sem Hópbílar lánuðu frítt og þökkum til þeirra sem komu á sjónvarpskynningunni o.fl. o.fl. en ég læt hér staðar numið í bili.

## Studentaleikhúsið, Reykjavík

### Gestasprettur

Höfundur: Tinna Lind Gunnarsdóttir og leikhópurinn  
Leikstjóri: Tinna Lind Gunnarsdóttir  
Þátttakendur: 18      Sýningar: 12      Áhorfendur: 264

### Hrópium

Höfundur: Bjartmar Þórðarson og leikhópurinn  
Leikstjóri: Bjartmar Þórðarson  
Þátttakendur: 11      Sýningar: 8      Áhorfendur: 201



*Nakinn maður og annar í kjölfötum*



*Gestasprettur*



Hrópíum

**Skýrsla stjórnar:**

*Stúdentaleikhúsið 80 ára.*

Afmælisleikár Stúdentaleikhússins byrjaði með að ráðinn var leikstjóri að nafni Tinna Lind Gunnarsdóttir og dansarinn Valgerður Rúnarsdóttir. Þær, ásamt leikhópnum, sem samanstóð af 18 leikurum, sköpuðu sýninguna Gestasprett. Sýningin var sett upp í húsnæði í Skipholti sem við tókum við alveg auðu og mjög hráu og bjuggum til alla okkar leikmynd sjálf og rýmið varð að ævinýrlegum heimi. Gestasprettur var „devised“ eða samsett sýning sem var til úr sameiginlegum sköpunarkrafti leikara og leikstjóra.

Á seinni hluta leikársins réðum við til okkar leikstjórnann Bjartmar Þórðarson og dansarann og kóreógrafinn Sögu Sigurðardóttur. Þau, ásamt leikhópnum sem samanstóð af 11 leikurum, bjuggu til sýninguna Hrópíum. Hrópíum var líka „devised“ sýning, búin til úr samtölum milli leikaranna og var ádeila á þann materíalíska fullkomleika sem við öll þurfum svo oft að kljást við. Aftur tókum við við mjög hráu húsnæði, að þessu sinni að Eyjarslóð og máluðum þar gólf og vegg og smíðuðum leikmyndina frá grunni í samvinnu hvort við annað.

Á leikári þessu hefur heimasíða Stúdentaleikhússins ([www.studentaleikhus-id.is](http://www.studentaleikhus-id.is)) verið endurbætt og opnuð á ný eftir langa hvíld. Einnig unnum við að verkefni í sambandi við 80 ára afmælis okkar og nefnist það: Hjartsláttur – Stúdentaleikhúsið 80 ára, við gáfum út afmælisrit að þessu tilefni sem kom út um miðjan mars og á heimasíðu okkar verður sérstök undirsíða tileinkuð afmælinu og þar verður hægt að skoða leikskrár og myndir frá gömlum sýningum leikhússins.

Stúdentaleikhúsið er farandleikhús sem setur upp sýningar í nýju húsnæði á hverri önn. Húsnæðin eru misvel með farin og það er okkar hlutverk að rýmið sem við vinnum í verði okkar og að öllum líði þar vel við að láta ljós sitt skína. Það krefst oft mikillar vinnu sem meðlimir Stúdentaleikhússins taka að sér með glöðu geði, því að búa til sýningarrýmið er stór hluti af að skapa sýningu. Við sköpum sjálf alla leikmynd og alla umgjörð í kringum sýningar- nar, stundum með aðstoð utanfrá en stundum ekki. Þegar Stúdentaleikhúsið hefur unnið „devised“ sýningar höfum við ekki notast við dæmigerð handrit, en öll samtöl og grindin af leikritunum er til og fylgir hér með þessari greinar- gerð ásamt myndum úr báðum sýningum.



Undir hamrinum

**Ungmennafélag Biskupstungna, leikdeild****Undir hamrinum**

Höfundur: Hildur Þórðardóttir

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson

Þátttakendur: 19

Sýningar: 12

Áhorfendur: 875

**Skýrsla stjórnar:**

Stjórn leikdeildar:

Camilla Ólafsdóttir, formaður

Guðný Rósa Magnúsdóttir, gjaldkeri

Egill Jónasson, ritari

Til vara: Sigurjón Sæland og Runólfur Einarsson

Leikdeild Ungmennafélags Biskupstungna frumsýndi í Aratungu leikritið, Undir Hamrinum, eftir Hildi Þórðardóttur, föstudagskvöldið 12. febrúar við frábærar undirtektir. Æfingar stóðu yfir frá byrjun janúar, undir stjórn Gunnars Björns Guðmundssonar, þess frábæra leikstjóra. Leikarar voru átta en auk þeirra komu margir aðrir að sýningunni. Leikurinn gerist í kringum aldamótin 1900 og segir frá samskiptum prestsins og hans fólks á Hvammi og kotung- anna á Útnára. Einnig kemur við sögu Úlfjótur digri, sem vantar konu og hefur augastað á annarri prestsdótturinni eða jafnvel báðum. Sýnt var alls 12 sinnum og um það bil 900 manns komu og sáu uppfærsluna. Á undan leik- sýningum var boðið upp á leikhúsmatseðil á Kaffi Kletti, sem Steinunn Bjarnadóttir sá um og var það einnig vel sótt.

Það sem af er ári hafa verið haldnir þrjú stjórnarfundir og einn aðalfundur.

## Ungmennafélagið Efling, leikdeild, Reykjadal

### Ólafía

Höfundur: Hörður Þór Benónýsson

Leikstjóri: Arnór Benónýsson

Pátttakendur: 50

Sýningar: 17

Áhorfendur: 1584

### Skýrsla stjórnar:

Undanfarin ár hefur mikill metnaður ráðið för þegar valin hafa verið verk til sýninga hjá Leikdeild Eflingar, sýninga sem hafa kallað á stóran leikhóp um leið og þær hafa gert miklar kröfur til leikara. Má í þessu sambandi nefna verk eins og Fiðlarann á þakinu, Síldin kemur og síldin fer, Landsmótið og nú síðast Kvennaskólaævintýrið. Það er því ljóst að mikil reynsla hefur orðið til hjá öllum þeim sem koma að leiklistarmálum hjá Umf. Eflingu, hvort heldur er um að ræða leikara eða aðra þá sem að sýningum koma. Það hefur því legið fyrir um nokkurt skeið að tími væri senn kominn til að stíga skref fram á við og fá nú heimamönnum það verkefni að semja bæði leikverk og tónlist. Segja má að þetta hafi að hluta til verið gert þegar þeir Jóhannes Sigurjónsson og Hörður Þór Benónýsson sömdu leikritið Landsmótið, sem sett var upp 2004. Þá var tónlistin hins vegar sótt í smíðju þeirra félaganna Lennon og McCartney og flutt undir öruggri stjórn Jaan Alavere.

Á vormánuðum 2009 var gerður samningur við Hörð um að skrifa leikrit og Jaan að semja tónlist við verkið og útsetja. Þá um leið var samið við Arnór Benónýsson um að taka að sér leikstjórn en Arnór hefur undanfarin ár verið sá leikstjóri sem hefur sett upp hvað flest verk fyrir leikdeildina, m.a. öll þau verk sem hér að framan hafa verið nefnd.

Hugmyndin að leikverkinu var Hörður búinn að ganga með í nokkurn tíma. Kannski má segja að sú staðreynd að nokkur síðustu viðfangsefni leikdeildarfélks hafi einkennst af svokallaðri „nostalgíu“ þ.e. að líta um öxl yfir liðna tíð á angurværan hátt, hafi ráðið því að Hörður settist við að skrifa verk sem fjallar um líf ungs fólks í dag. Gleði þess og sorgir og ekki hvað síst það áreiti sem það býr við í dag.

Æfingar á verkinu hófust strax í október 2009 og það var fjölmennur hópur fólks sem lagði hönd á plóginn þannig að sýningin gæti orðið að veruleika, en verkefni þetta verður að teljast langstærsta verkefni sem í hefur verið ráðist af hálfu Leikdeildar Eflingar. Þá var einnig ráðist í útgáfu á geisladiski með allri tónlistinni úr sýningunni.

Söngleikurinn Ólafía var síðan frumsýndur á Breiðumýri föstudaginn 26. febrúar 2010. Sýningar urðu 17 og rétt tæplega 1600 áhorfendur sáu sýninguna. Alls komu tuttugu og þrjár leikarar fram í sýningunni og fimm manna hljómsveit sá um tónlistarflutning. Þessi fjölmenni leikarahópur var samsettur af nokkrum reyndum leikurum sem hafa verið burðarás og kjölfesta leiklistarlífs í Reykjadal síðasta áratuginn, í bland við ungt og efnilegt fólk sem sumt hvert er komið með góða reynslu af því að stíga á svið. Þessi blanda af reynslu eldra fólksins og krafti og eldmóði þeirra sem yngri eru hefur reynst mjög heppileg blanda og viðhaldið þeim ferskleika sem leiksýningar á Breiðumýri hafa oftast en ekki búið yfir. Þá störfuðu rúmlega tuttugu manns að tjaldabaki við sviðsmynd, hárgreiðslu og förðun, ljós og hljóð o.fl.

*Þorgerður Sigurgeirsdóttir, formaður*

## Ungmennafélagið Grettir, leiknefnd, Laugarbakka í Miðfirði

### Skýrsla stjórnar:

Engin starfsemi var hjá Leikfélagi Ungmennafélagsins Grettis á Laugarbakka á árinu 2009. Leikfélagið kom saman eftir 22 ára hlé veturinn 2004 og svo aftur veturinn 2008 vegna afmælis ungmennafélagsins. Er starfsemi félagsins næsta ár í skoðun.

*Ingibjörg Jónsdóttir, gjaldkeri*



Ólafía

### **Ungmennafélagið Íslendingur, leikdeild, Borgarfirði**

#### **Skýrsla stjórnar:**

Starfsárið 2009/2010 var ekki mikil starfsemi hjá okkur, við höfum það sem sið að setja upp leikrit annað hvert ár og þetta var sem sé árið sem ekki var sett upp leikverk. En á vordögum héldum við fjölskylduskemmtunina „Töfrasvarið“ þar sem Lalli töframaður var fenginn til að skemmta og einnig var spurningakeppni á milli sveitunga.

Haustið 2010 er svo stefnt að því að setja upp leikverk og hefur „Með fullri reisu“ orðið fyrir valinu.

*Fh. Leikdeildar Íslendinga*  
Jón E. Einarsson

### **Ungmennafélag Reykdæla, Borgarfirði**

#### **Skýrsla stjórnar:**

Ungmennafélag Reykdæla skipar á aðalfundi félagsins leiknefnd sem sér um undirbúningsvinnu fyrir uppfærslu, velur leikrit, ræður leikstjóra og annað sem við á að éta. Leiknefnd hafði hugsað sér að setja á svið leikdagskrá úr verkum og vinnu Flosa Ólafssonar leikara. Með þessu vildi félagið heiðra minningu hans en Flosi bjó um árabíl í Reykholtssdalnum og leikstýrði m.a. þremur leikritum hjá Ungmennafélagi Reykdæla og var þar félagi. Af ýmsum óviðráðanlegum ástæðum fór því miður svo að verkefni þetta komst ekki á fjallirnar en stefnt er að því að það verði að veruleika sem fyrst.

*Pórvör Embla Guðmundsdóttir*



*Gullna hliðið*

### **Ungmennafélagið Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi**

#### **Gullna hliðið**

Höfundur: Davíð Stefánsson

Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson

Þátttakendur: 26

Sýningar: 10

Áhorfendur: 786

#### **Skýrsla stjórnar:**

Leikdeild Skallagríms stóð fyrir leiklistarnámskeiði undir leiðsögn Rúnars Guðbrandssonar í desember á síðasta ári og tókst það með eindæmum vel og var mjög vel sótt. Þar sem námskeiðið var svona vel sótt ákváðum við að gera tilraun til að setja upp frekar stórt verk með mörgum leikurum og varð leikritið Gullna hliðið fyrir valinu og var það sett upp í félagsheimilinu Lyngbrekku á Mýrum. Í uppsetningunni voru rúmlega 20 leikarar og þykir okkur nokkuð gott að hafa náð saman svo stórum leikarahóp. Líkt og fyrri ár var Rúnar Guðbrandsson leikstjóri hjá okkur og tókst honum frábærlega til. Eftir sýningar í okkar heimabyggð tókum við þá ákvörðun að gera tilraun til að flytja verkið um set og setja upp eina sýningu á Hólmavík. Leikmyndinni var pakkað saman ásamt ljósabúnaði, hljóðkerfi, búningum og öðru tilheyrandi og flutt norður á Strandir. Þetta tilraunaverkefni lukkaðist ágætlega þó við hefðum ekki náð sömu gæðum í ljósum og hljóði á nýju sviði með svo stuttum fyrirvara. Það sem mestu máli skiptir þó er að allir skemmtu sér konunglega í þessari ferð og var okkur mjög vel tekið á Hólmavík.

*Stjórn Leikdeildar Skallagríms*

## Allt fyrir andann

Sameiningarsöngur Bandalags íslenskra leikfélaga

Það mælti mín móðir  
að mér skyldi kaupa  
fleyg af fegursta víni.  
En lát' eins og leikstjórinn  
– lítið mig staupa'  
en ég stressast svo þegar ég sýni.

Og botnlanginn brostinn  
og bévítans sárin í maganum,  
hvað ég er kvalinn.  
Og gómana gleypiti'  
en ég gat gegnum tárin  
brosað samt út í salinn.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son  
ég er ykkar systkin, það er engin von  
í heiminum fyrir handan  
Bandalagið.

Sem elding leiftri inni mér  
mitt annað heimili er hér  
er allt fyrir andann  
Bandalagið.

Og víst er að vörðinn  
við vandlega stöndum  
um menningararfinn okkar.  
Af hugsjónahita  
á hrollköldum ströndum  
Íslands – því leikhúsið lokkar.

Sá grátur, sú gleði  
sá galdur að skapa  
fegurð oft furðu vekur.  
En ef ég er álitinn  
ærunni tapa  
af að leika er ljóst ég er sekur.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son ...

Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og Sigurður Illugason  
Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson

## Menningarstefna Bandalags íslenskra leikfélaga

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi  
vitnar um að leiklistin er almenningseign. Stór  
hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu,  
nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur  
saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga  
vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því:

- að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í  
öllum byggðarlögum.
- að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar  
í listinni og skapa því aðstöðu til að þraskast í  
menningarlegu og faglegu tilliti.
- að stuðla að því að börn og unglingar kynnist  
leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- að starfa með atvinnufólki að því markmiði að  
leiklistinni verði ætíð tryggð þraskavænleg skilyrði.
- að stuðla að samskiptum og samvinnu  
leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum  
vettvangi.
- að hvetja til að listrænn metnaður og virðing  
fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- að halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst  
með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

Samþykkt á aðalfundi í Reykholti 5. maí 2001.

## Margt smátt 2009

### Stuttverkahátíð Bandalags íslenskra leikfélaga í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi



Sigrún Valbergsdóttir, gagnrýnandi hátíðarinnar.

*Pau sem sýndu voru Halaleikhópurinn, Hugleikur, Leikfélag Hafnarfjarðar, Leikfélag Kópavogs, Leikfélag Mosfellssveitar, Leikfélag Selfoss og Meginfélag áhugaleikara Føroya.*

Það var sannkölluð hátíðarstemning í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi, laugardaginn 10. október þegar stuttverkahátíðin Margt smátt var sett í 5 sinn. Hvorki meira né minna en 18 verk biðu þess að vera leikin; þar af 5 verk frá Færeyjum og var komu Færeyinganna sérstaklega fagnað. Það eitt og sér að þau skyldu komast til Íslands í óveðrinu daginn áður má teljast kraftaverk. Ennþá meira var þó um vert að þau höfðu lengi undirbúið þátttöku í stuttverkahátíðinni og skrifað og æft 5 verk og mættu með hluta af landsliði áhugaleikara Færeyja. Og þau komu, sáu og sigruðu. Almennt má fullyrða að sýningarnar á þessari hátíð hafi verið jafnari og betur unnar en á nokkurri hátíð áður og munar þar kannske mest um framlagið frá Færeyjum.

Leiklistarfélagið á Seltjarnarnesi skapaði ágætis ramma utan um hátíðina. Sviðið er þökkalega stórt og sviðsbúnaði var haldið í lágmarki þannig að skiptingar gengu hratt og örugglega fyrir sig. En Leiklistarfélagið gerði enn betur því inn í skiptingarnar var skotið örþáttum, vel útfærðum í búningum og ljósi og sem hittu algjörlega í mark.

Við setningu hátíðarinnar komu fram nokkrir ungir trúðar í flottum gervum frá Leikfélagi Mosfellssveitar og sýndu hvað þau eru að læra í trúðafræðum. Það er full ástæða til að hvetja þau til að halda áfram og læra meira.

#### 1. Meginfélag áhugaleikara Føroya

**Ferð mín til Jórsala** eftir Eir í Ólafvsstovu

Leikstjóri: Ría Tórgarð

Leikendur: Jytte Joensen, Hilmar Joensen og Høgni Olsen

Eiginkonan kemur heim eftir pílgrímsferð til Jórsala, en hefur orðið fyrir svo miklum áhrifum að hún er orðin eitt með helgisögunum frá svæðinu. Klædd í línúk sem hún sveipar um sig er hún birtingarmynd kvenna úr biblíusögunum. Ferðataskan er líka svo þung að eiginmaðurinn giskar á að hún sé að minnsta kosti með hálfan grátmúrinn með sér. Eitt og annað hefur hún keypt; klút með blóði Krists, vígt vatn í stórum stíl sem hún gusar yfir eiginmanninn og heimilið. Konan er full af heilögum anda, en eiginmaðurinn vill helst fá hana til við sig eftir langan aðskilnað. Þetta er vel skrifað verk, bráðfyndið, með undirliggjandi ádeilu á ferðamannaíðnaðinn almennt, þar sem hægt er að selja bókstaflega allt, ef það er rétt markaðssett. Meira að segja rifbein úr Jesú Kristi, sem þó augljóslega var úr rollu. Einnig er höfundurinn að fjalla um það hvernig trúin getur blindað fólk, en trúfélög hafa í Færeyjum mörg hver afar sterk ítök og stjórna miklu í samfélaginu. Þátturinn var framsettur með miklum ærslum og stórum andstæðum. Leikararnir fóru á kostum þó þeim tækist ekki alveg að hafa stjórn á hraðanum og veita leikmunum þá virðingu sem þeim bar. En þeim tókst þó svo sannarlega að skemmta okkur.

#### 2. Hugleikur

**Ár og öld** eftir Þórunni Guðmundsdóttur

Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason

Leikendur: Hulda B. Hákonardóttir, Jón Geir Jóhannsson og



Jytte Joensen og Hilmar Joensen í *Ferð mín til Jórsala*.

### Rósa Björg Ásgeirsdóttir

Pórunn Guðmundsdóttir er einstök meðal íslenskra leikskálda og hreint með ólíkindum að afurðir úr hennar smíðju skuli ekki löngu vera orðnar útbreiddari á íslenskum leiksviðum en raun ber vitni. Þar fyrir utan ættu þær að vera skyldulesning í skólum og skylduæfingar í öllum leiklistarklúbbum. Snilld hennar felst í samruna margra þátta: Hún er svo flínk að ríma, hún er svo vel heima í öllu sem hefur verið samið á íslensku með stuðlum og höfuðstöfum og líka leirburði. Hún segir okkur sögur sem við þekkjum og þó stöndum við á öndinni af spenningi. Að sjálf-sögðu kastar hún á þær splunkunýju ljósi og æðir fram og til baka í tímanum og verður þannig hagleikskari en allt sem hagleikst er. Svo stingur hún á kýlum og út úr glansmyndinni rennur gröfturinn. Og við grenjum af hlátri. Í þessu verki var það vonða stjúpán úr Þyrnirós sem var í aðalhlutverki og hún rumskar þegar prinsinn hefur barist í gegnum þyrnigerðið. Henni líst svo vel á hinn draumfagra unga mann að hún leggur mikið á sig til að hann komi ekki auga á prinsessuna, sem hrekkur upp af aldar-löngum svefni og skjögrar inn í atburðarásina og hverfur þar undir pilsfald stjúpunnar. Framsetning þáttarins og umgjörð var eins og best gerist. Textmeðferð og tímasetningar hárnákvæmar. Hulda Hákonardóttir bjó hér til enn eina ógleymanlega kerlingarskrukku með ísmeygilegu ívafi af óþekkri stelpu sem fær ekki allt sem hana langar í. Nærvera hennar á leiksviðinu er svo kröftug að hún þarf ekki nema að opna annað augað til að fylla sviðið af spennu. Og Jón Geir var þokkafullur draumaprins í orði og í æði. Ég saknaði aðeins að hreyfingamynstur Þyrnirósar var ekki útpælt til samræmis við hin tvö sem gerði hana svolítið utangátta.

### 3. Leikfélag Hafnarfjarðar

**Það er góða veðrið** eftir Lárus Húnfjörð

Leikstjóri: Halldór Magnússon

Leikari: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson

Þetta er vel skrifað og áhugavert lítið eintal um einmanaleikann og var eftirminnilega fallega leikið af Guðmundi Lúðvík. Frekar snyrtilegur, svolítið hallærislegur en einlægur maður bíður eftir kynbombunni sem hann mælti sér mót við í gegnum netið. Hann bíður, hlær óduggur, lítur á klukkuna, sýnir okkur feimnislega myndina af gyðjunni og spjallar við okkur um fyrri misheppnuð stefnumót. Smám saman hættir hann sjálfur að trúá því að hún muni sýna sig, vonleysið og einmanaleikinn taka yfir.

### 4. Leikfélag Selfoss

**Góðar stundir** eftir Don Ellione

Leikstjóri: Marianna Ósk Sigfúsdóttir

Leikendur: Stefán Ólafsson, Don Ellione, Sigríður Hafsteinsdóttir, Erla Dan og Rikki G.

Það er enginn sem segir að stuttverk verði að vera í einum þætti, þó svo að maður geri almennt ráð fyrir því og telji það henta forminu betur. Góðar stundir er verk í þremur þáttum, enda gerist það á nokkuð löngum tíma. Þetta er áhugavert verk sem hefur burði til að verða að lengra verki og gæti þá boðið uppá persónusköpun og dýpri þælingu en þessar örstuttu myndir náðu að sýna. Við erum stödd á elliheimili þar sem heilabílaður og heyrnarlítill karl hlustar á tónlist milli þessi sem dóttir hans heimsækir hann án þess að hafa í raun tíma til þess eða nokkurn sjáanlegan áhuga. Vandamálið er velkunnugt en þó alltaf nýtt fyrir þá sem takast á við það. Ungu kynslóðin vill skipta sér af því sem gerist á elliheimilinu án þess að vera í raun nokkurn tíma til staðar. Umsjónarmaður kemur og fer og gefur vélrænar upplýsingar. Karlinn fær líka heimsókn frá góðri, gamalli konu sem stýttir honum stundir og þau dansa meira að segja saman. Hún var mjög fallega leikin af Sigríði Hafsteinsdóttur. Leikurinn leið nokkuð fyrir það hvað persónurnar voru svart/hvítar og þau hefðu að ósekju mátt hlusta betur hvert á



Hulda B. Hákonardóttir, Jón Geir Jóhannsson og Rósa Björg Ásgeirsdóttir í *Ár og öld*.



Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson í *Það er góða veðrið*.



Erla Dan og Sigríður Hafsteinsdóttir í *Góðar stundir*.



María Guðmundsdóttir í *Ástin er hverful*.

annað. Það var vel til fundið að hafa fiðluleikara á sviðinu sem framleiddi leikhljóðin, bæði tónlist úr útvarpi og simhringingar.

##### 5. Leikfélag Mosfellssveitar

**Ástin er hverful** eftir Maríu Guðmundsdóttur

Leikstjóri: Ólöf Þórðardóttir

Leikari: María Guðmundsdóttir

María Guðmundsdóttir er glæsileg leikkona sem sópar að á sviði. Leikfélag sem á slíkan fulltrúa af hennar kynslóð er sannarlega öfundsvvert. Það er sjaldgæfara en maður heldur. María lék litla skemmtisögu eftir sjálfa sig um ástarsamband sem endar illa, enda kemur í ljós að elskhuginn er ekki ástarinnar verður og ekki í húsum hæfur. Það er ekki fyrr en í blálokin að það rennur upp fyrir manni að hér er ekki um manneskju að ræða heldur kött. Ég saknaði þess, sérstaklega framan af flutningnum, að leikkonan var ekki nægilega innlifuð í frásögnina, minningarnar fengu ekki tíma til að rifjast upp fyrir henni, kvikna í augum og sál, sem hefði gert lýsinguna á upphafi sambandsins meira spennandi fyrir okkur. Annað var svo uppi á teningnum þegar hún var orðin reið, þá dreifðist innlifað neistaflug út um allan sal og kraftur og sjarmi leikkonunnar fékk að njóta sín.

##### 6. Meginfelag áhugaleikara Føroya

**Avbjóðingin** (Áskorunin) eftir Gullu Øregaard

Leikstjóri: Ría Tórgarð

Leikendur: Hanna Flóvinsdóttir og Hjálmar Dam

Tvíburasystkini á táningsaldri eru samvaxin á höndum og nú á að skilja þau að. Þau munu fara sitt í hvora áttina og byrja að lifa lífinu án hins. Þau hlakka til að verða sjálfstæðir einstaklingar en þau eru líka hrædd. Hingað til hafa þau fylgst að við allt og fylgst með hvort öðru nætur og daga. Þau hafa stækkað, þroskast og breyst hlið við hlið. Í stuttri aukasetningu kemur fram að þau hafa haft nánara samband en siðlegt er og það samband gæti átt eftir að hafa alvarlegar afleiðingar. Þetta er vel skrifaður þáttur, fullur af húmor og sársauka. Leikararnir tveir fóru afar vel með hlutverkin, hlustuðu, gáfu sér tíma, reyndu að vera kát, en undir niðri skynjaði maður óttann sem þau leyfðu sér ekki að láta ná tökum á sér. Samstilltar hreyfingar þeirra samvöxnu voru skemmtilega stílfærðar en trúverðugar og mjög vel útfærðar.

##### 7. Hugleikur

**Bara bíða** eftir Júlíu Hannam

Leikstjóri: Júlía Hannam

Leikendur: Sigríður Birna Valsdóttir, Jóhann Hauksson, Jóhann Davíð Snorrason, Þórarinn Stefánsson, Árni Hjartarson, Arne Kristinn Arneson og Guðrún Eysteinsdóttir

5 persónur sitja fyrir framan luktar dyr og bíða. Eftir Godot? Ef til vill – í öllu falli var Samuel Beckett ekki fjarri þessari hátíð og vel við hæfi að andi hans svifi yfir vötnunum. Þau eru hins vegar búin að bíða nokkuð lengi. Sum eru að missa þolinmæðina önnur trú á því að hjálpin berist. Sum trú á sterka manninn. Við vitum ekki hvað er fyrir innan dyrnar og þau vita ekki á hverju þau eiga von. Við skynjum bara að málið er brýnt. Eigum við von á laus okkar mála þegar dyrnar loksins opnast? Eða verður bara hlegið að okkur? Er það alþjóðasamfélagið eða alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eða bara Norðmenn? Hárbeytt úrvinnsla úr samtímanum og frábærlega vel gerð af leikurum og leikstjóra. Skýrar persónur þar sem hvert smáorð og smáhreyfing var hnitmiðuð og nýtt út í ystu æsar.

##### 8. Leikfélag Kópavogs

**Spott** eftir Hörð S. Dan

Leikstjóri: Hörður S. Dan

Leikari: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson



Hjálmar Dam og Hanna Flóvinsdóttir í *Avbjóðingin*.



Sigríður Birna Valsdóttir og Jóhann Hauksson í *Bara bíða*.



Leikmyndin er kassi. Skyndilega þýtur maður upp úr kassanum. Hann snýr í okkur baki. Íklæddur örlitlum nærbuxum. Honum bregður illilega þegar hann sér áhorfendur. Verður skömmustulegur. Eins og hann hafi verið staðinn að einhverju. Hann segir okkur sögu sína. Stendur þarna horaður og umkomulaus, nánast hreyfingarlaus. Aðeins hendurnar vita ekki hvort þær eiga að reyna að hylja eitthvað eða bara hanga niður með hliðunum. Sagan er af vængbrotnum fugli sem á endanum var traðkaður til ólífis. Umkomuleysi fuglsins og sögumannsins renna saman í eitt þegar hann að lokum skríður aftur ofan í kassann. Þetta var sterk, myndræn saga þar sem fullkomið samræmi var á milli innihalds og frábærs flutnings leikarans.

#### 9. Meginfelag áhugaleikara Føroya

**Gesturinn** eftir Riu Tórgarð

Leikstjóri: Ría Tórgarð

Leikendur: Jytte Joensen, Kári Mouritsen, Barbara Hentze í Stórustovu og Høgni Olsen

Inn í þennan þátt pakkaði Ría Tórgarð á gamansaman hátt þeim fordómum sem vaða uppi í Færeyjum og Færeyingar vita að heimurinn hefur tekið eftir. Það fór ekki framhjá neinum þegar ungur maður í Færeyjum var laminn í klessu á veitingastað fyrir nokkrum árum vegna þess að hann er hommi. Í Gestinum á táningsdóttirin á heimilinu von á gesti frá Danmörku sem hún kynntist á leiklistarnámskeiði fyrr um sumarið og nú hefur hinn ábyrgi faðir áhyggjur af því að hann ætli að sænga hjá einkadótturinni. Þegar hins vegar kemur í ljós að hann er hommi og hefur engan áhuga á stelpum er það mikill léttir fyrir foreldrana. Hommanum er innilega fagnað og honum boðið að dvelja sem lengst. Þá upplýsir dóttirin að hún eigi kærasta og hann sé einmitt á leið til landsins, en hann er svartur, ættaður frá Afríku. Þá fyrst keyrir um þverbak. Þetta var bráðfyndinn þáttur þar sem leikararnir réðu vel við hraðann í raunsæislegum leik. Taugaáfallið var útfært á stílfærðan hátt, þar sem allir snarsnerust í kringum sjálfa sig og sneru sögn leiksins þá upp í þann farsa sem fordómarnir í raun eru.

#### 10. Hugleikur

**Englar í snjónum** eftir Unni Guttormsdóttur

Leikstjóri: Sigrún Óskarsdóttir

Leikari: Hörður S. Dan

Á leiksviðinu stendur kista og stóll. Hörður kemur inn, sest á stólinn og opnar kistuna. Hægt og hægt pakkar hann upp nokkrum munum úr kistunni og segir okkur hvernig þeir komust í hans eigu um leið og hann segir okkur frá einmanalegum uppvexti sínum. Langyngsta barn foreldranna, sem voru búin að fá leið á börnum þegar hann fæddist og systkini sín þekkti hann varla, þau voru öll flutt í burtu. Foreldrarnir skiptu sér lítið af honum, en hann átti vinkonu í kjallaranum sem vék að honum gjöfum þótt foreldrarnir teldu slíkt algjöran óþarfa. Fullur af þakklæti, án nokkurs biturleika lýsir hann gjöfunum sem alltaf misstu marks; endurskapar gleðina þegar hann fékk þær og biðst í raun afsökunar á því að hokkískautarnir voru of litlir, golfkylfan fyrir örventa og borðtennisþaðarnir óbrúklegir án borðs, en einkum þó án leikfélaga. Þá eignaðist hann nefnilega aldrei. Þetta er gullfallegur texti sem nýstir inn í bein. Í útfærslunni var allt mjög hnitmiðað og smekklega gert í takt við textann og Hörður S. Dan skóp ógleymanlega persónu fullkomins æðruleysis og skilnings á eigin aðstæðum.

#### 11. Hugleikur

**Notaleg kvöldstund** eftir Þórunni Guðmundsdóttur.

Leikstjóri: Ásta Gísladóttir

Leikendur: Guðrún Eysteinsdóttir, Rósa Björg Ásgeirsdóttir og Guðmundur Stefán Porvaldsson


Einnig þetta verk fjallaði um einmanaleikann, en á nokkuð



Guðmundur Lúðvík Porvaldsson í Spott.



Høgni Olsen og Barbara Hentze í Stórustovu í Gesturinn.



Hörður S. Dan í Englar í snjónum.



Guðrún Eysteinsdóttir í Notaleg kvöldstund.



Guðrún Sóley Sigurðardóttir í Svefnþula



Sigurður H. Pálsson í Ári síðar.

annan hátt. Kona sem hefur ákveðið að eyða kvöldinu við að horfa á dvd-mynd getur ekki fengið hana á leigunni nema gefa upp kennitölu. En hún kærir sig ekki um að afgreiðslufólkið komist að því að hún á afmæli einmitt í dag. Þegar afmælis-söngurinn glymur úr tölvunni og hamingjuóskirnar dynja á henni opnast allar flóðgáttir og hún ryður úr sér hversu lítil hamingja það sé að verða fimmtíu og eitthvað einstæð og barnlaus. Fyrir nú utan það hvað hún hafi mátt þola af frásögnum vinkvenna í gegnum árin sem allar snerust um börn og barnauppleði Fæðingarsögur og bleyjubasl og svo núna þessar yfirgengilega væmnu ömmusögur. Þessi gráglettni gamanleikur hittir þó ekki alveg í mark, því okkur tókst ekki að fá samúð með persónunni. Þegar eintalið innan verksins byrjaði, sem í raun voru hugsanir konunnar, þá hélt hún áfram með nokkuð eintóna biturleika og hið skoplega í frásögninni fór forgörðum.

### 12. Leikfélag Hafnarfjarðar

**Svefnþula** eftir Samuel Beckett

Þýðandi: Árni Ibsen

Leikstjóri: Lárus Húnfjörð

Leikari: Guðrún Sóley Sigurðardóttir

Það var óvænt tilbrigði á stuttverkhatíðinni að fá að máta verk eftir nóbelsverðlaunahöfundinn Samuel Beckett í snjallri þýðingu Árna Ibsen við það sem íslenskir og færeyskir höfundar voru að skrifa. Þessi sýning var perla hvar sem á hana er litið. Beckett er einn af stóru meisturunum í leikhúsi fíranleikans og þegar best tekst til við uppfærslu verka hans horfum við beint inn í kvikuna á okkar eigin veruleika í víðasta skilningi. Kona situr í ruggustól og hlustar á endurtekningu sömu frásagnar um eitthvað sem er á leið niður á við. Þegar frásögnin hættir hrópar hún í örvæntingu: „Aftur!“. Og frásögnin byrjar á nýjan leik. Aftur og aftur. Sömu orð, kannske í annarri röð. En þó sama niðurstaða, eða hvað? Leikþáttinn má túlka á margvíslegan hátt. Hvað viljum við aftur? Hvers vegna erum við þrælur endurtekningarinnar? Viljum við bara heyra það sem við höfum heyrt áður? O.s.frv. o.s.frv. Leikstjórn, túlkun og umgjörð stóðust algjörlega hinar ströngu kröfur textans. Fullkomið samræmi var á milli textaflutnings, hreyfinga og hlustunar leikkonunnar. Vel unnin glíma við form og innihald.

### 13. Hugleikur

**Ári síðar** eftir Árna Friðriksson

Leikstjóri: Hjörvar Pétursson

Leikendur: Sigurður Pálsson og Sigríður Birna Valsdóttir

Á sviðinu situr berfættur maður í léttum sólarlandafötum og hlustar alvarlegur á dapurlega tónlist. Hann virðir fyrir sér konuna sem kemur inn, hnuggin, kveikir á kerti og gengur aftur út án þess að veita honum athygli. Hann er dáiinn. Hann segir okkur brot af sinni sögu. Hann sigraði í raun dauðann, sem lét að vilja hans. Hann vildi fara á undan og er því hamingjusamur maður. Ef til vill eigum við það til að hugsa þannig af biturleika um þá sem yfirgefa okkur of snemma. „Nú situr hann í eilífðarsælu og sól, en ég sit eftir í súpunni og þarf að sjá um allt“. Þögn og sterkur leikur Sigríðar Birnu gaf þó annað til kynna. Sorg og söknuð. Sigurður Pálsson skapaði ágætlega nokkuð margræða persónu og skildi okkur eftir með frekar blendnar tilfinningar til hins framliðna sem geislaði af sjálfumgleði.

### 14. Meginfelag áhugaleikara Føroya

**Fanin heldur** eftir Jóhan Ludvík Laksáfoss

Leikstjóri: Ría Tórgarð

Leikendur: Høgni Olsen og Hjálmar Dam

Tveir menn, annar hvítklæddur, hinn dökkklæddur sitja á kassa og bíða. Þetta eru Jesús og skrattinn. Þeir eru staddir í eyðimörkinni og sá síðarnefndi reynir allt til að freista hins. Vatn? Brauð? Sólarvörn? Þátturinn er vel skrifaður. Þetta er bráð-

skemmtilegt og margrætt samtal þessara tveggja höfuðpóla kristinnar siðfræði. Báðar persónur hafa töluvert skopskyn, sem er nokkuð óvenjulegt í öllu falli hvað varðar birtingarmynd Jesú á leiksviði eða í kvikmyndum. Höfundur leikur sér af list með málvenjur og upphrópanir þar sem þessir herra menn koma við sögu. Leikararnir skópu vel útfærðar andstæður með stílfærslu og líkamsmáli. Skrattinn skoraði feitt í frábærri túlkun Hjálmars Dam. Hann var stundum næstum heimilislegur, rétt eins og sá hinn sami úr Gullna hliðinu væri farinn að brúka munn á fær-eysku. Af hálfu leikstjórans var þetta einkar stílhreint og vel unn-ið verk.

#### 15. Leikfélag Hafnarfjarðar

**Broskallinn** eftir Lárus Húnfjörð

Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson

Leikendur: Halldór Magnússon, Guðrún Sóley Sigurðardóttir og Kristín Helgadóttir

Broskallinn vil ég telja skilgetið afkvæmi leikhúss fátánleikans. Texti sem má staðsetja í hvaða umhverfi sem er og mikil ábyrgð sett í hendur leikstjórans til að velja leið. Þrjár persónur skiptast á orðum, án þess í raun að talast við. Tvær sem valdið hafa og taka ákvarðanir. Sú þriðja er undirokuð. Gísli Björn býður okkur inn í finan heim á yfirborðinu, ógnin er undirliggjandi. Við vitum ekki nákvæmlega hvað er að gerast, en grunar misbeitingu valds, kynferðislega misnotkun og kúgun. Sterkir litir voru notaðir í búningum til að undirstrika vald og hjálparleysi. Það tókst vel að skilja áhorfendur eftir með óhugnaðartilfinningu í brjósti. Þar skipti mestu finar tímasetningar og stílfærð útfærsla, þar sem leikmunir voru ekki til staðar þrátt fyrir töluverða notkun, og sterk nærvera leikaranna.

#### 16. Hugleikur

**Sigurvegari** eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur

Leikstjóri: Júlía Hannam

Leikendur: Sigurður H. Pálsson, Ásta Gísladóttir og Árni Friðriksson

Það hljómar tónlist úr spiladós. Þrjár persónur ganga inn, gætu verið strengjabrúður. Hver skyldi halda í þræðina? Síðan raða þær sér á verðalaunapall og skála fyrir sigurvegara. Hann lítur þó skyndilega í lægra haldi fyrir hinum tveim og líður útaf, en aðeins stutta stund. Á endanum stendur hann yfir þeim máttvæna og gjörsigruðum. Þetta er snjallt stuttverk með tveimur afgerandi hvörfum. Góður fulltrúi leikhúss fátánleikans. Það má túlka á mörgum plönnum, enda stútfullt af táknum og tilvísunum í keppni og baráttu manna í millum fram til dagsins í dag. Þessi uppfærsla Júlíu Hannam var stílhrein og spennandi í alla staði. Hún hélt öllum dyrum og skilningarvitum opnum. Leikur, búningur, leikmunir, litir, textameðferð: allt gekk upp í forminu.

#### 17. Meginfélag áhugaleikara Føroya

**Auto** eftir Súsönnu Tórgarð

Leikstjóri: Ría Tórgarð

Leikendur: Eir í Ólavsstovu, Kári Mouritsen, Hilmar Joensen og Hjálmar Dam

Við erum stödd á miðjum hvunnudegi símastúlkunnar á leigubílastöðinni, sem tekur viðstöðulaust við pöntunum og raðar þeim samvissusamlega niður á næsta lausa bílstjóra. Einn bílstjóranna kemur inn, þrumu lostinn. Hann fann lík eins kollega síns í farangursrýminu á bílnum sínum. Hver af hinum bílstjórunum er morðinginn? Síminn hringir án afláts og allt fer í hringavitleysu á meðan þau reyna að ákveða næsta skref í rannsókninni. Þetta var skondinn og bráðfyndinn glæpafarsi og hreint ekki án tilvísunar í sjónvarpsmyndaflokka og glæpasagnaprá nútímans. Leikararnir, þau Kári Mouritsen og Eir í Ólavsstovu, náðu hæðum í lágstemmdri túlkun persónanna við þessa alvarlegu og ruglingslegu uppkomu. Stílfærð notkun skrifborðsstóla truflaði



Høgni Olsen og Hjálmar Dam í *Fanin* heldur.



Kristín Helgadóttir í *Broskallinn*.



Kári Mouritsen og Eir í Ólavsstovu í *Auto*.



Daníel Þórhallsson, Ásdís Úlfarsdóttir, Einar Andrés­son, Hekla Bjarnadóttir, Sigurbjörg Halldórsdóttir og Telma Kjartansdóttir í Hærra minn guð til þín.



Porgeir Tryggvason, formaður Bandalagsins, ávarpar samkomuna.



Félagar í Leiklistarfélagi Seltjarnarness bregða á leik.



Alexander Glói Pétursson, Leikfélagi Mosfellssveitar, skemmtir hátíðargestum.

mig þó og braut upp annars skemmtilega einlæga túlkun leikaranna.

18. Halaleikhópurinn

**Hærra minn guð til þín eða Prívathagsmunir eiga ekki við hér** eftir Ylfu Mist Helgadóttur

Leikstjóri: Gunnar Gunnarsson, Günsó

Leikendur: Daníel Þórhallsson, Ásdís Úlfarsdóttir, Pröstur Jónsson, Tobias Hausner, Sólberg R. Haraldsson, Einar Andrés­son, Auður Birgisdóttir, Björk Guðmundsdóttir, Kristinn S. Axelsson, Silja Kjartansdóttir, Telma Kjartansdóttir, Margrét Lilja Arnarsdóttir og Hekla Bjarnadóttir

Kór: Kolbrún Stefánsdóttir, Guðfinna Ásgeirsdóttir, Sigurbjörg Halldórsdóttir og Einar Melax

Á sviðinu er líkkista hulin íslenska fánanum. Kirkjugestir tínast inn og prestur kemur í fullum skrudá. Það er að hefjast jarðarför. Þá geysist inn kona í hjólastól á ógnarhraða og tekur sér stöðu við fyrsta bekk, við hliðina á eiginmanni hinnar látnu. Hún telur sig heppna að ná sæti svona framarlega, það gerist ekki oft. Þó stundar hún jarðarfarir. Hún hefur margt um erfiðleikana við að komast á þennan stað að segja, talar hátt og ásakandi og yfirgnæfir prestinn. Sinnir ekki bón eiginmannsins um að þegja og er að lokum keyrð út úr kirkjunni. Þessi litli þáttur eftir Ylfu Mist er feiknavef skrifaður, fullur af gráglettni og sjálfhverfu. Framsetning Halaleikhópsins var sterkari en orð fá lýst og vinna leikstjórans var flott. Langur aðdragandi. Uppstillingin á sviðinu raunsæ og full af harmi. Jarðarfararsálmur, sunginn raddaður. Og konan truflaði svo óendanlega mikið. Návist hennar var að sjálfsögðu aðalatriðið í jarðarförinni og ekkjumaðurinn skyldi ekki halda að þetta snérist eitthvað um hann prívát. Þau léku snilldarlega, Daníel Þórhallsson sem var eiginmaðurinn og trúði ekki sínum eigin eyrum og augum – hann breyttist í spurningarmerki í orðsins fyllstu merkingu – og ekki sist Ásdís Úlfarsdóttir sem hélt áfram að tala eins og biluð plata á hraðspilun löngu eftir að búið var að keyra hana út úr kirkjunni. Allt hennar æði í hjólastólnum var frábært.

Sigrún Valbergsdóttir



Leikendum á hátíðinni fagnað.

## Ársskýrslur leikfélaga frá leikárinu 2008–2009

Ársskýrslur nokkurra leikfélaga fyrir leikárið 2008–2009 rötudu ekki í síðasta ársrit, skýrsla Hugleiks vegna tæknilegra mistaka en aðrar vegna þess hve seint þær bárust. Eru þær því birtar hér.

### Hugleikur

#### Skýrsla stjórnar:

Í stjórn Hugleiks leikárið 2008–2009 sátu Ásta Gísladóttir gjaldkeri, Hjalti Stefán Kristjánsson og Kristín Nanna Vilhelmsdóttir varaformenn, Silja Björk Hulduadóttir formaður og Þórarinn Stefánsson ritari. Í varastjórn sátu Árni Hjartarson, Guðrún Eysteinsdóttir og Jenný Lára Arnórsdóttir. Snemma hausts 2008 fór Jenný Lára utan til náms og hætti þar með í varastjórn og í upphafi árs 2009 kaus Hjalti að hætta í stjórn og tók Guðrún þá sæti í aðalstjórn sem meðstjórnandi. Óhætt er að segja að mikil hafi mætt á stjórn félagsins á þessu nýafstaðna afmælisári. Stjórnin fundaði alls 25 sinnum og kann ég henni bestu þakki fyrir störf sín, svo og öðrum þeim sem lögðu hönd á plóg við skipulags- og undirbúningsvinnu.

Í framhaldi af umræðunni á aðalfundi félagsins vorið 2008 ákvað stjórnin að stefna að færri en stærri viðburðum á afmælisleikárinu 2008–2009. Þannig var ákveðið að hafa aðeins eina stuttverkadagskrá, þar sem sýndir yrðu nýir einþáttungar sem ættu það sammerkt að hafa afmæli sem þema og fléttaðir yrðu saman með tónlist, og eina stóra leiksýningu þar sem unnið væri með Hugleiksarfinn. Var hugsunin með þessum tveimur viðburðum að rækta annars vegar sprotana og hins vegar ræturnar í starfi félagsins.

#### Sýningarhúsnæði

Framan af starfsárinu var aðalhöfuðverkur stjórnar það ófremdarástand sem ríkti og ríkir raunar enn í sýningarhúsnæðismálum borgarinnar. Snemma vors var þannig ljóst að þeir tveir sýningarstaðir sem Hugleikur hefur helst notað sl. 15 ár yrðu ekki til-tækir sem sýningastaðir þetta leikárið af tveimur afar ólíkum ástæðum. Þarna var annars vegar um að ræða Möguleikhúsið sem var selt og breytt í geymslur og hins vegar Tjarnarbió sem endurbýggja á í breyttri mynd. Sú endurbýgging er þegar mörgum mánuðum á eftir áætlun og ekki fyrirséð um framkvæmdalok, þannig að óljóst er hvort það verði komið í gagnið fyrir næsta leikár og geti nýst okkur þá.

Snemma sumars tókust samningar við Listasafn Reykjavíkur um afnot félagsins af fjölnota sal safnsins til sýningar á stuttverkadagskrá okkar í lok október. Undirrituð leitaði hins vegar áfram logandi ljósi að sýningarstað fyrir sjálfa afmælisýninguna í næstum hálfri ári með endalausum símhringingum og tölvupóstssendingum en án árangurs. Meðal þeirra staða sem leitað var til voru Austurbær, Borgarleikhúsið, Hafnarfjarðarleikhúsið, lðnó, Íslenska óperan, Loftkastalinn, Norræna húsið og Smiðja leiklistarskólans við Sölvhólgötuna. Það var svo ekki fyrr en um miðjan desember sem samningar náðust loks við Þjóðleikhúsið og okkur bauðst að sýna á Smiðaverkstæði Þjóðleikhússins nú í maí og júní. Kann ég Tinnu Gunnlaugsdóttur Þjóðleikhússtjóra bestu þakki fyrir sýndan hlýhug í garð Hugleiks, frá-bærar móttökur og gott samstarf.

#### Leikferð á leiklistarhátíð

Líkt og oft áður hófst leikárið í reynd á leikferð. Að þessu sinni var það sýningin Bingó eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur, sem unnin var í samvinnu við Leikfélag Kópavogs, og farið var með á NEATA-leiklistarhátíðina í Riga í Lettlandi, en NEATA stendur fyrir North European Amateur

Theatre Alliance, þ.e. Norður-evrópska áhugaleiklistarsambandið. Mér telst svo til að þetta hafi verið þriðja NEATA-hátíðin í röð sem Hugleikur sækir, en sú fjórða frá upphafi. Hátíðin var vel heppnuð, þó aðbúnaður gesta hafi verið ansi skrautlegur eins og lesa má um í dagbókarfærslum leikhópsins á vef Hugleiks. Óhætt er hins vegar að segja að sýningin hafi vakið lukku meðal hátíðargesta og verið hrósað í hástert á gagnrýnifundi.

#### Námskeið

Tvö námskeið voru haldin á leikárinu. Það fyrra var tónlistarspunanámskeið Gunnars Ben sem haldið var í október í tengslum við stuttverkadagskrána Ó, þessi tæri einfaldleiki. Alls voru 19 þátttakendur skráðir til leiks og var góður rómur gerður að námskeiðinu. Á því voru kynntar mismunandi leiðir að tónlistarsköpun án hljóðfæra. Unnið var með líkama, rödd og umhverfi og þátttakendur sköpuðu lengri og styttri tónverk og hljóðmyndir einir og í hópum. Auk þess samdi hópurinn tónlist sem notuð var til þess að skapa umgjörð um stuttverkin og setja rétta stemningu.

Seinna námskeiðið var leikaranámskeið sem Rúnar Guðbrands-son stýrði og kennt var með masterclass-sniði í nóvember og desember. Námskeiðið bar yfirskriftina Orð, orð, orð og var ætlað leikurum með talverða leikreynslu og tóku alls 17 félagsmenn þátt í því. Þar var fókuserað á textameðferð og hinar ólíku nálganir leikarans á mismunandi tegundir texta sem vafalítið mun skila sér í vinnu viðkomandi leikara í sýningum félagsins.

#### Ó þessi tæri einfaldleiki

Fyrsta frumsýning leikársins var stuttverkadagskráin Ó, þessi tæri einfaldleiki sem frumsýnd var í fjölnotasal Listasafns Reykjavíkur 31. október og sýnd alls þrisvar sinnum. Sýningin mæltist vel fyrir og var uppselt á allar þrjár sýningarnar, sem þýðir að alls sáu 180 gestir uppfærsluna. Því miður höfðum við ekki tök á að bæta við aukasýningum vegna takmarkana sem húsráðendur settu okkur. Sýningin var samansett af níu nýjum stuttverkum eftir sex höfunda, sem öll áttu það sammerkt að fjalla með einum að öðrum hætti um afmæli. Þetta voru verkin Ágætt og Afmæli eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur, Þema eftir Hrefnu Friðriksdóttur, Maður og kona sem og Epík eftir Hörð S. Dan, Notaleg kvöldstund og Ár og öld eftir Þórunni Guðmundsdóttur, Á bekknum eftir Þórarinn Stefánsson og Amma Líða eftir Árna Friðriksson. Allir voru leikþættirnir í leikstjórn félagsmanna, þeirra Árna Hjartarsonar, Ástu Gísladóttur, Harðar S. Dan, Júlíu Hannam, Ragnhildar Sigurðardóttur, Sigríðar Birnu Valsdóttur, Sigríðar Láru Sigurjónsdóttur og Þorgeirs Tryggvasonar. Leikverkin voru listilega vel saman tengd með hljóðmyndum og tónlist sem Gunnar Ben stýrði styrkri hendi. Alls komu tæplega 40 manns að sýningunni, þar af níu nýliðar.

#### Þorablót Hugleiks

Þegar líða fór á leikárið kom í ljós að áhugi reyndist fyrir því að setja upp fleiri stuttverk en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Sökum þessa var blásið til Þorablóts 7. febrúar og þar voru sýndir tveir leikþættir, annars vegar Sigurvegarinn eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur og Jólnin koma alls staðar eftir Júlíu Hannam, sem jafnframt sá um leikstjórn begga þátta. Einnig tróð Söngsveitin Hjárómur upp, en alls komu 17 þátttakendur að Þorablótinu þar af einn nýliði. Gera má ráð fyrir að um 40 manns hafi mætt á blótið.

#### Áhugaleikhús og frumsköpun

Sem lið í því að halda upp á 25 ára starfsafmæli félagsins var 19. apríl blásið til málþings á Café Rosenberg undir yfirskriftinni

Áhugaleikhús og frumsköpun. Þrír frummælendur fjölluðu þar um sérstöðu Hugleiks, þróun íslensks áhugaleikhúss, fagmennsku og frumsköpun. Þetta voru þau Sigrún Valbergsdóttir leikstjóri, Viðar Eggertsson leikstjóri og leikhússtjóri Útvarpsleikhússins og Þorvaldur Þorsteinsson, myndlistarmaður, rithöfundur og kennari. Á málþinginu voru frumfluttir fjórir einþáttungar, þ.e. Bréfið eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Rúnars Lund, Oft má satt kyrrt liggja eftir Júlíu Hannam í leikstjórn Rúnars Lund, Bara

biða og Afmæli eftir Júlíu Hannam í leikstjórn höfundar. Auk þess sem flutt var lag úr Ó, þú aftur? og leikið stutt brot úr verkinu til kynningar á sýningunni. Málþinginu lauk síðan með ljúfum og skemmtilegum tónum Hrauns og Ljótra hálfvita. Alls voru hátt í 40 þátttakendur sem komu að leiknu og sungnu efni þennan dag, þar af voru fjórir nýliðar. Nokkurt renneri var á gestum málþingsins og því erfitt að hafa nákvæma tölu á fjölda þeirra, en þegar mest var hafa þeir sennilegast verið rúmlega 80.

### Ó, þú aftur?

Sjálf afmælisýnings Hugleiks Ó, þú aftur? eftir Ingibjörgu Hjartardóttur, Sigrúnu Óskarsdóttur og Unni Guttormsdóttur í leikstjórn Odds Bjarna Þorkelsson var frumsýnd á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins 15. maí. Hugleikur hefur sem kunnugt er getið sér orð fyrir glannalega meðferð á íslenskum menningararfi, en að þessu sinni var það hans eigin fortíð sem fékk hina hugleiksku meðferð því frumgerð verksins, Ó, þú, var samið fyrir og sett upp af Hugleik vorið 1987. Til að setja hlutina í póstmódernískt samhengi má auðvitað minna á að Ó, þú sækir innblástur sinn í Pilt og stúlku eftir Jón Thoroddsen, sem telst vera fyrsta íslenska skáldsagan. Að hugleikskum sið lék tónlistin stórt hlutverk í sýningunni, en höfundar hennar voru Ljótu hálfvitarnir Eggert Hilmarsson, Oddur Bjarni Þorkelsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason. Alls tóku hátt á fimmta tug félagsmanna þátt í sýningunni, þar af voru á þriðja tug leikara og sjö manna hljómsveit, en í hópnum voru fimm nýliðar. Óhætt er að segja að uppsetningin hafi heppnast með afbrigðum vel. Alls voru sýndar tíu sýningar fyrir nær fullu húsi, en alls sáu 850 leikhúsgestir sýninguna. Þess má svo auðvitað geta að sýningin hlaut afbragðs dóma gagnrýnenda á tmm.is og leiklist.is.

### Útvarpsþáttur í tilefni af 25 ára afmæli Hugleiks

Óhætt er að segja að stjórn Hugleiks hafi reynt að grípa hvert tækifæri sem gafst til þess að vekja athygli á félaginu á sjálfu afmælisárinu. Í því samhengi kviknaði hugmyndin um gerð sérstaks útvarpsþáttar um Hugleik og var Sigríður Lára Sigurjónsdóttir fengin til að sjá um dagskrárgerðina. Þátturinn sem bar yfirskriftina: Það er ekki lengi gengið á Helgrindur af mörgum mönnum – Hugleikur 25 ára, var sendur út á uppstigningardag, þ.e. 21. maí, og mæltist afar vel fyrir bæði meðal félagsmanna og annarra.

### Höfundastarfið

Þórunn Guðmundsdóttir hefur haldið þétt utan um höfundahópin og hýst fundi hans á heimili sínu í vetur. Samkvæmt upplýsingum frá henni hefur verið fundað óreglulega, misvel verið mætt á fundi og mismikið lesið. Alls voru haldnir fimm fundir, tveir fyrir júl og þrír eftir áramót. Mikil gróska var á fyrstu tveimur fundunum sem helgast ekki síst af því að þá var verið að undirbúa stuttverkadagskrána Ó, þessi tæri einfaldleiki, en kallað hafði verið eftir nýjum stuttverkum sem hefðu afmæli sem þema. Af lengri verkum sem lesin hafa verið á fundum höfundahópsins má nefna Flauel eftir Júlíu Hannam, www.einkamal.is eftir Árna Hjartarson og eintal fyrir konu eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Nokkuð hefur verið um það rætt innan höfundahópsins að ef félagsmönnum eða áhugasömum leikstjórum fyndist vanta stuttverk sem kveikti í þeim þá væri full ástæða til þess að kíkja á eldri stuttverk sem tekist hefði vel til með og huga að enduruppsetningu þeirra í nýjum útfærslum.

Silja Björk Huldudóttir, formaður

## Leikfélag Dalvíkur

### Skýrsla stjórnar:

Þegar aðalfundur LD var haldinn var verið að sýna Er nálgast jólin. Til þessa verks voru fengin þau Arnar Símonarson, Lovísa María Sigurgeirsdóttir og Sólveig Rögnvaldsdóttir. Þau sömdu stutt leikverk ásamt leikhónum og einnig var söngur, fróðleikur og dans. Fengu þau nemendur úr 9. og 10. bekk Dalvíkurskóla til leiksins, sem og Ingunni Hallgrímsdóttur danskennara sem lagði til skemmtunar dans með nemendum úr 4. bekk Dalvíkurskóla. Æfingar hófust af krafti í lok september. Samtals komu 72 að þessari uppfærslu þegar allir voru taldir með. Mikil kátina ríkti í litla leikhúsinu Ungó á æfingatímabilinu og góður andi var í hópnum, samstaða og kátina. Frumsýnt var um miðjan nóvember og voru 12 sýningar og þær gengu ágætlega enda miðaverðinu stillt í hóf og voru gestir glaðir.

Svo á vordögum tóku nokkrir félagar í LD þátt í söngdagskrá með Karlakór Dalvíkur á Eskfirði. Þar léku þeir Bakkbræður og föður þeirra. Guðmundur Óli Gunnarsson hafði veg og vanda af þeirri dagskrá. Áður hafði Leikfélagið átt í samstarfi við Karlakórinn nokkrum sinnum og meðal annars var farin ferð til Reykjavíkur og þar tekið þátt í tvennum tónleikum með kórnum. Gekk allt samstarf við Karlakórinn afar vel. Einnig voru Bakkabræður á ferðinni um páskana og fóru þeir upp í Böggvisstaðafjall og skemmtu fólki sem voru að renna sér á skíðum.

Leikfélag Dalvíkur og Dalvíkurskóli gerðu með sér samstarfsamning á leikárinu eins og árið á undan. Var unnið saman að uppsetningu á leikverki með unglíngum í janúar og febrúar. Í vetur var leiklist kennd sem valgrein í 9. og 10. bekk og samtals sóttu 19 nemendur þessa faggrein. Leiklistarhópurinn fékk aðstöðu í Ungó og þar var æft leikverkið Fólki á förnum vegi í leikgerð Arnars Símonarsonar. Hann var einnig leiðbeinandi leikhópsins og leikstjóri uppfærslunnar. Stjórnarmeðlimir LD komu að skipulagningu og sáu um alla umsýslu, en Dalvíkurskóli sá um alla kostnaðarhlíðina í tengslum við uppsetninguna. Leiklistarhópurinn var skemmtilega samansettur, allt afar áhugasamir krakkar og skemmtilegir – og samstaða var almennt ríkjandi, sem og dugnaður. Æft var síðdegis og á kvöldin, alla virka daga. Reynt var til hins ýrasta að koma til móts við leikara með tilliti til annarrar frístundaiðju. Verkið sem slíkt var sérstaklega sett upp fyrir börn og unglíng. Þótti takast vel til og dómur voru almennt jákvæðir. Sviðsvinna var í höndum Kristjáns Guðmundssonar og Arons Óskarssonar. Pétur Skarphéðinsson sá um ljósaðönnun. Guðný Ólafsdóttir hannaði leikskrá og umsjón með miðasölu var í höndum Sólveigar Rögnvaldsdóttur og annarra meðlima innan stjórnar. Þetta verk var frumsýnt í byrjun febrúar og sýningar urðu 8 talsins. Nokkuð góð aðsókn var að uppfærslunni.

Stjórn LD hefur gert samning við Dalvíkurskóla og Arnar um áframhald á þessari samvinnu og þann 10. janúar næstkomandi mun skólinn fá Ungó til afnota fyrir æfingar og til sýninga á sömu skilyrðum og síðustu 3 ár. Stjórnarmeðlimir í LD unnu að því að gera Lambhaga upp. Ráðist var í að taka gólf, loft, vegg og skipt var líka um eldhúsinnréttingu. Húsnæðið er nú orðið íbúðarhæft og er orðið mjög hugglegt þar. Við ætlum að leigja íbúðina núna um jólin og svo er það í athugun hvort við getum leigt hana áfram. Stjórnin hefur stöðugt unnið að því að efla vefsíðu félagsins og koma þar inn upplýsingum um sögu þess. Þar má finna fréttir af starfsemi og leggja fram tilkynningar um viðburði og fleira. Alltaf eru einhverjir sem líta inn á heimasíðuna en slóðin er www.leikfelagdalvikur.net.

Leikfélag Dalvíkur kom að starfsemi kringum Fiskidaginn mikla í ár, eins og undanfarin ár með því að dreifa bæklíngum í bænum og sinna þannig upplýsingagjöf varðandi þennan skemmtilega viðburð. Einnig var LD með grillstöð á bruggjunni og svo kíktu

Bakkabræður að sjálfsgöðu á liðið. Þetta var mjög skemmtilegt og mikil stemning og stuð.

Leikfélag Dalvíkur sendi 3 fulltrúa á fund Bandalags íslenskra leikfélaga á vordögum. Það var mjög fróðleg og góð ferð. Leikfélag Dalvíkur átti ekki fulltrúa í Leiklistarskóla Bandalagsins á Húsabakka sl. sumar. Leikfélagið kom þó að leiklistarskólanum með því móti að skipuleggja óvissuferð og einnig fóru einstaka stjórnmeðlimir á lokahóf skólans.

*Sólveig Rögnvaldsdóttir*

## Leikfélag Hörgdæla

### Skýrsla stjórnar:

Aðalfundur Leikfélags Hörgdæla var haldinn 6. október 2008 á Melum þar sem fyrri stjórn var endurkjörin. Hana skipa: Stefánía E. Hallbjörnsdóttir formaður, Tryggvi Gunnarsson varaformaður, Ásta Júlía Aðalsteinsdóttir ritari, Ásgeir Már Hauksson gjaldkeri og Bernharð Arnarson meðstjórnandi. Á stjórnarfundum 27. júlí tók Halla Halldórsdóttir við sem ritari í stjórn í stað Ástu Júlíu.

Undanfarið ár hefur verið í ýmsu að snúast hjá Leikfélagi Hörgdæla en starfsemin hófst um miðjan október þegar leikfélagið stóð fyrir dansæfingu á Melum í tilefni af komandi árshátíð. Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir danskennari sá um kennsluna en 8 pör notuðu tækifærið og burstuðu rykið af dansskónum. Að venju var leikfélagið aðili að árshátíð félagasamtakanna í Möðruvallaklaustursprestakalli sem haldin var fyrsta vetrardag. Fulltrúar félagsins í árshátíðarnefndinni voru Veronika Rut Haraldsdóttir og Sunna Dögg Róbertsdóttir.

Á haustdögum valdi stjórnin leikritið „Stundum og stundum ekki“ eftir þá Arnold og Bach til uppsetningar. Saga Jónsdóttir leikstýrði verkinu. Hallmundur Kristinsson hannaði leikmynd, Óskar Guðmundsson hafði yfirumsjón með smíðavinnu, Ingvar Björnsson og Pétur Skarphéðinsson sá um hönnun lýsingar og Kristján Edelstein sá um hljóðmynd. Svanhildur Axelsdóttir og Sigríður Bernharðsdóttir sá um sauma og búninga í samvinnu við Sögu. Alls tóku um 50 manns þátt í þessari uppsetningu, þar af 15 leikarar á sviði. Fyrsti samlestur var seint í nóvember, raðað í hlutverk milli jóla og nýárs og svo byrjuðu æfingar af fullum krafti í byrjun janúar. Eftir 44 strangar æfingar var svo frumsýnt fyrir fullu húsi þann 5. mars. Alls urðu sýningar 25 (þar af 19 fyrir fullu húsi) og fjöldi gesta 2.208 sem er bæði sýninga- og aðsóknarmet hjá Leikfélagi Hörgdæla.

Fimmtudagskvöldið 26. mars var haldin sérstök styrktarsýning fyrir Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis til minningar um Hólmið Helgadóttur. 98 gestir sóttu sýninguna og rann allur ágóði til Krabbameinsfélagsins, alls kr. 250.000. Styrkurinn var afhentur strax að lokinni sýningu.

Eins og níu undanfarin ár sá leikfélagið um lestur Passíusálma Hallgríms Péturssonar á föstudaginn langa í samráði við sóknarprestinn. Að þessu sinni var bryddað upp á þeirri nýjung að skipta lestrinum milli allra kirkna prestakallsins og mæltist það vel fyrir. Í ár sá Þórður V. Steindórsson um skipulagninguna fyrir hönd félagsins. Alls lásu 24 einstaklingar. Í febrúar tilnefndi leikfélagið fulltrúa (Ásgeir Má) í dómnafnd upplestrarkeppni Þelamerkurskóla.

Í maíbyrjun 2009 var aðalfundur BÍL haldinn í Ölfusi en vegna anna í leikstarfi sá félagið sér ekki fært að senda fulltrúa þetta árið. Einn félagi, Fanney Valsdóttir, komst að í leiklistarskóla BÍL á Húsabakka og kostaði leikfélagið skólavistina að fullu. Leikfélag Hörgdæla hvetur félagi sína til að sækja um vist í skólanum.

Undanfarið hefur vinna við heimasíðu félagsins staðið yfir og stendur til að opna hana seinnipart október 2009. Vefslóðin er [www.horga.is/leikfelag](http://www.horga.is/leikfelag).

Hjá Leikfélagi Hörgdæla er hefð fyrir því að setja upp leikrit annað hvert ár en engu að síður hefur verið ákveðið að leika á næsta ári. Helsta ástæðan fyrir því er fyrirhuguð leiklistarhátíð á Akureyri sumarið 2010 sem við höfum áhuga á að taka þátt í. Undanfarið hefur stjórnin lesið handrit af miklum móð og eftir miklar vangaveltur var ákveðið að setja upp „Lífið liggur við“ eftir Hlín Agnarisdóttur í leikstjórn Sögu Jónsdóttur. Stefnir er að frumsýningu í marsbyrjun 2010.

Á starfsárinu voru haldnir sjö formlegir stjórnarfundir en auk þess hafa mikil samskipti átt sér stað milli stjórnarmeðlima í síma og með tölvupósti.

Þegar þetta er skrifað eru félagar í Leikfélagi Hörgdæla 74.

*Akureyri 6. október 2009,  
Stefanía E. Hallbjörnsdóttir*

## Leikfélag Patreksfjarðar

### Skýrsla stjórnar:

\* Aðalfundur LP var haldinn fimmtudaginn 6. nóvember 2009 í fundarsal Félagsheimilis Patreksfjarðar og þar mættu 36 manns. Boðið var upp á kjötsúpu.

\* 22. nóvember 2008 var „singalong“ Abba bíósýning sem LP kom að með því að leiða söng, standa upp dansa og klappa. Góð mæting var og gestir voru hressir og sungu og dönsuðu með.

\* 4. desember 2008 var bréfi varðandi úthlutun á leynivinaheimili dreift á heimili á Patreksfirði. Leynivinavikurnar fóru mjög vel fram og mæltust vel fyrir. Þetta vakti athygli á landsvísu og fjallað var um uppákomuna í fjölmiðlum.

\* 20. desember 2008 var svo skemmtun í Félagsheimilinu þar sem uppljóstrun leynivinaheimila fór fram. Þar mættu yfir 200 manns og var vel af skemmtuninni og uppljóstruninni látið. Við seldum smákökur og kakó, fengum það styrkt af Albínu og þökkum þeim kærlega stuðninginn. Síðan var leigan á FHP niðurfelld af Vesturbyggð og kunnum við þeim einnig hinar bestu þakkir fyrir.

\* 6. febrúar 2009 var auglýst eftir tillögum að nýju lógói, það bærust 8 tillögur frá einum aðila og tók stjórnin ákvörðun um að ekki myndi verða notast við þær tillögur. Eftir það fundum við leikskrár og fleira þar sem gamla lógóið er og munum við að öllum líkindum nota það áfram.

\* 2. apríl 2009 var kynning á LP á súpufundi á Þorpinu – ágæt mæting.

\* Leikfélagið kom ekki að Patreksdeginum að þessu sinni og þarf að endurskoða með hvaða hætti það mun vera gert í framtíðinni.

\* 29. maí 2009 var leikritið „Ástir í meinum, fjársjóður í leynum – eða nauðsynleg genablöndun? Patreksfirskt ævintýri“, frumsýnt. Sýndar voru sjö sýningar, þar af tvær aukasýningar og komu u.þ.b. 600 gestir. Sýnt var um hvítasunnuhelgina og um sjómanna dagshelgina og átti það stóran þátt í því hve vel sýningin var sótt. Uppákomur úr leikritinu voru fjórum sinnum í sumar og mæltust þær vel fyrir, það gekk þó ekki mjög vel að ná fólki saman eins og eðlilegt er yfir sumartímann. Hefði þurft að gera þetta öðruvísi en við lærum af reynslunni.

\* Auglýstur var vinnudagur þann 3. október sl. Þar mættu nokkrir félagar og voru búningar sorteraðir og rætt var um hvernig best væri að hafa skipulagið. Byrjað var á að koma reglu á búninga og aðra muni LP og hefur Halldís Atladóttir yfirumsjón með búningum, Nína Jóhannesdóttir með förðun og Sólveig Ásta Jóhannesdóttir með leikmun-

um. Búningar eru í þvotti út um allan bæ og koma auðvitað fleiri hendur að þessu þó að yfirumsjón sé í höndum Halldísar. \* Leikfélagið hefur verið innanhandar með að auglýsa tvær leiksýningar sem voru og verða sýndar í Skjaldborg. Leiksýningin Ástverk ehf. sem lðnaðarmannaleikhúsið sýndi á verkalýðsdaginn og síðan stendur til að Borgarleikhúsið sýni Djúpið þann 16. október og hvetjum við auðvitað alla til að mæta á hana. \* Fundir hafa verið haldnir nokkuð reglulega og eru ýmsar hugmyndir í gangi og vonandi mun næsta starfsár verða litríkt og verkefni mörg.

*Stjórn LP*

## **Leikfélag Sólheima**

### **Skýrsla stjórnar:**

Samkvæmt venju var sett upp leikrit og varð fyrir valinu „Skóg-arlíf“ eftir Magnús Magnússon og var leikstjórn í höndum Þórnýjar Jakobsdóttur. Æfingar gengu vel, þótt formaðurinn gæti með engu móti séð að þessi tilraun ætti eftir að takast! Það er skoðun formanns að Þórný sé sú þolinmóðasta manneskja

sem hann hefur kynnst, því oftast eru leikstjórar eins og hengdir upp á þráð, meðan æfingatímabilið gengur yfir. Frumsýnt var á Sumardaginn fyrsta og urðu 6 sýningar og var aðsókn með ágætum.

Til að loka verkinu, var farið í Álfa- og tröllasafnið, það skoðað og síðan á Fjöruborðið þar sem var etið. Vill stjórn Leikfélagsins þakka þeim góðu aðilum sem lögðu hönd á plóg og einnig mökum sem heima voru, meðan makar þeirra voru á æfingu eða á sýningum!

Einn félagi var sendur í Leiklistarskóla BÍL þetta árið, Þorvaldur Kjartansson á ljósanámskeið. Einn félagi sótti aðalfund BÍL, Valdimar Ingi Guðmundsson.

Annað markvert var ekki að gerast hjá Leikfélagi Sólheima á árinu leikárið 2008–2009.

*Sölvi B. Hilmarsson, formaður*